

Súluur

NORÐLENSKT TÍMARIT

SÚLUUR XLVII: 2021



Aðalstræti 82 á Akureyri.

Ljós. Kristín Aðalsteinsdóttir. Sjá formála bls. 3.

60

ÚTGEFANDI: SÖGUFÉLAG EYFIRÐINGA - AKUREYRI

SÚLUR

NORÐLENSKT TÍMARIT

XLVII. árg.
60. HEFTI 2021

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
BJÖRN TEITSSON

Eigandi og útgefandi:
SÖGUFÉLAG EYFIRÐINGA

Ritnefnd Súlna
skipa:

Ása Marinósdóttir
Björn Teitsson
Jón Hjaltason
Kristín Aðalsteinsdóttir

Sögufélag Eyfirðinga
Óseyri 2, 600 Akureyri
Sími / símsvari: 462 4024

ISSN 1670-3170

UMBROT OG PRENTUN: Prentmet Oddi
Akureyri 2021

Formáli

Forsíðumynd þessa heftis Súlna er af íbúðarhúsinu við Aðalstræti 82 á Akureyri. Í húsinu bjuggu um árabíl Gunnar Sólnes og Margrét Kristinsdóttir. Myndina tók Kristín Aðalsteinsdóttir nú snemma árs 2021. Myndin tengist viðtali Kristínar við Margréti í þessu hefti, Mér fannst námið strax dásamlegt ..., bls. 4-29, sjá sérstaklega bls. 24.

Fyrir útveggun annarra mynda fá hér með sérstakar þakkir Hörður Geirsson á ljósmyndadeild Minjasafnsins á Akureyri, Jakob Tryggvason á Iðnaðarsafninu og Tryggvi Marinósson hjá skátahreyfingunni. Höfundum alls efnis sem hér er nú birt eru færðar þakkir fyrir framlag þeirra. Reyndar fór það svo að fáeinir aðilar sem ætlað höfðu að birta efni í þessu hefti hættu við það, og komu þar m.a. við sögu áhrif kórónu-veirunnar illræmdu. Nú bíður lítið af innkomnu efni næsta heftis.

Ritnefnd Súlna, sem þau Ása, Jón og Kristín skipa ásamt undirrituðum, hefur verið einkar vel virk hin seinni ár, samráð eru mikið til höfð með tölvusamskiptum, þó tókst í marsbyrjun 2021 að halda formlegan ritnefndarfund. Þessu prýðilega samstarfsfólki þakka ég fyrir mjög góða samvinnu. Allt efni les flest ritnefndarfólk yfir, ekki aðeins ritstjóri. Prófarkalestur er hins vegar á ábyrgð ritstjóra.

Undirritaður hefur með þessu hefti ritstýrt níu árgöngum Súlna, og lætur nú af störfum að eigin ósk, mest af heilsufarsástæðum, en aldur færist yfir. Arftaka mínum og ágætum en yngri félaga, Jóni Hjaltasyni, óska ég góðs gengis.

Segja má að helst vanti til birtingar í Súlum stutta þætti, en þeir eru alltaf vel þegnir. Netföng ritnefndarfólks er að finna í skýrslu stjórnar Sögufélags Eyfirðinga mjög aftarlega í heftinu.

Björn Teitsson, ritstjóri.



leif Gunn
Fermingarmynd af Margréti.

Myndir í viðtalinu eru úr förung Margrétar Kristinsdóttur.

Mér fannst námið strax dásamlegt...

Viðtal Kristínar Aðalsteinsdóttur

við Margræti Kristinsdóttur

Fyrstu minningarnar

Ég veit vel hvenær ég man fyrst eftir mér, ég var þriggja ára. Ég man svo greinilega hlýjuna sem ég fann þar sem ég sat í fanginu á mömmu sem söng svo fallega. Mamma hafði fallega rödd og pabbi reyndar líka. Ég skildi bara ekki af hverju þau orðu ekki óperusöngvarar bæði tvö. Mamma og systurnar hennar voru alltaf syngjandi. Þær voru svo hrifnar af Svörtum fjöðrum, af ljóðunum hans Davíðs.

Annað situr mjög fast í mér vegna þess að mér varð svo mikið um. Pabbi hafði margoft lesið fyrir mig litla bók sem hét *Ekki neitt*. Hún hét þessu nafni. Hún var um hund sem hét Ekki neitt. Ég hafði verið eitthvað lasin og kallaði í pabba og sagði honum að nú kynni ég að lesa. „*Já, Gréta mín, kanntu bara að lesa, sagði pabbi, það er nú gott, má ég heyra,*“ sagði hann og settist hjá mér. Ég hélt það nú og settist með bókina og þuldi söguna, ég hafði nefnilega heyrt hana svo oft að ég kunní hana utan að. Þegar „lestrinum“ lauk sagði pabbi: „*Æja Gréta mín, þurftir þú aldrei að fletta?*“ Mér varð svo mikið um, tilfinningin er alveg ógleymanleg því að ég áttaði mig á því að ég hefði verið að reyna að svindla.

Bernskuárin í Reykjavík

Mamma mín hét Helga Jónsdóttir og var ættuð úr Fnjóskadal en pabbi, Kristinn Vilhjálmsson, var Vestfirðingur, frá Skutulsfirði. Mamma var lengi mjög heilsulítill, hún fékk spænsku veikina á sínum tíma og beið þess í raun aldrei bætur. Hún lést aðeins 58 ára gömul. Fyrstu árin mín bjuggu foreldrar mínir við Njálsgötu, í kjallaraíbúð sem sneri út að Skarphéðingsötu. Þar vorum við þangað til ég varð níu ára, en þá fluttum við suður í Kópavog. Það er talað um að kreppeárin hafi staðið á árunum 1930-39 en á þessu tímabili eru foreldrar mínir að byrja sinn búskap í leiguíbúð í Reykjavík og í heil tvö

ár var pabbi atvinnulaus. Auður, systir mín, var fædd 1932 en ég er fædd 1937. Á þessum árum var Auður systir sífellt veik og aum. Mamma talaði um það síðar að þau hefðu hreinlega ekki haft nægan mat og veikindi Auðar mætti rekja til þess að hún hefði verið vannærð. Tveir bræður bættust síðar í systkinahópinn, Vilhjálmur Bessi, sem er fæddur 1943, og Einar Karl, sem er yngstur, fæddur 1947.

Ég átti mjög góðan vin á Njálsgötunni, sem átti heima í sama húsi og ég, á efri hæðinni, hann hét Kjartan Reynir, alltaf kallaður Reynir. Einu sinni sem oftast gerðum við skandal. Ég var ein heima og Reynir kom niður til mín. Við systurnar áttum tvo litla stóla og við Reynir náðum í hnífa og byrjuðum að tálga stólfæturna. Við vorum smákrakkar, en allt í einu uppgötvum við hvað við vorum að gera, sópuðum öllu undir rúm og hlupum út, leiddumst eftir Gunnarsbrautinni og töluðum um hvað yrði nú gert við okkur. Við fórum svo heim, hvort á sinn stað. Mamma var komin heim en kallaði fljótlega í okkur í mat og spurði: „*Hvar eru eiginlega stólarnir?*“ Ég þorði ekki að segja neitt. Svo finnast stólarnir. Mamma hljóp upp og sótti Ásdísi, mömmu Reynis, og svo stóðu þær á eldhúsgólfinu og reyndu að fela hláturinn. Samt man ég hvað ég skammaðist mín. Já, ýmsar bernskuminningar gleymast aldrei. Gleymi því til dæmis aldrei þegar ég var eitt sinn úti að leika mér í nýsaumuðum skokk, óskaplega fallegum, en mamma saumaði auðvitað allt á okkur, að ég fór að klifra en festist við þakrennu og datt þannig að skokkurinn rifnaði utan af mér. Þessu fylgdi mikil sorg, þessi fíni skokkur með dökkbrúnum silkiböndum var ónýtur.

Það var skemmtilegt að eiga heima í Norðurmýrinni, allir tóku þátt í leikjum og svo fórum við systradæturnar mikið í Austurbæjarbíó, sáum Roy Rogers og Trygger og það allt saman. Á leiðinni í Ísaksskóla, sem var í Grænuborg, hittum við hermennina sem bjuggu við Snorrabrautina. Þeir spjölluðu mikið við okkur, gáfu okkur sælgæti og tyggjó. Ég hugsaði um það seinna hvað það hefur verið sárt fyrir þessa menn að vera svona langt frá börnunum sínum.

Pabbi og mamma áttu vinafólk sem bjó á bæ sem hét í Junkara-gerði sem var sunnan við Hafnir á Reykjanesskaga. Þar bjuggu systkini ásamt mömmu sinni sem var komin í kör þegar þetta var.



Systurnar Helga og Hulda.

Þar gat mamma leigt kvistherbergi uppi á lofti og þar var hún með okkur systkinin um tíma á sumrin. Við vorum sem sagt í sveit og mamma var bara í fríu. En þegar hún hætti að fara með okkur í Junkaragerði fékk ég að fara ein til þessara systkina og þau stjónuðu svo sannarlega við mig. Í kringum túnið var grjótgarður og nokkru neðar var stór og mikill klettur og á honum fullt af pollum, rétt niðri við sjó. Þarna gat ég leikið mér og legið tímunum saman og horft á brimið. Ég og krakkarnir, sem áttu heima á Kalmanstjörn, skammt

frá, fengumst líka við eitt og annað, við beygðum til dæmis títu-prjóna eins og öngul og veiddum hornsíli og settum í krukkur. Þarna kom ég mér upp miklu safni af ígulkerjum. Ég var algjör dekurrófa systkinanna í Junkaragerði en svo kom ég allúsug heim á haustin. Mamma tók á móti mér, viðbúin því versta, og dreif mig í bala með lýsóli og hreinsaði mig hátt og lágt. Það undarlega er að ég fann aldrei fyrir því að ég væri lúsug. Ég geri mér enga grein fyrir því hvernig á þessu stóð en minningin um dvölinna er dásamleg. Ég var í þrjú sumur í Junkaragerði eftir fyrstu sumardvölinna með mömmu.

Kópavogurinn

Ég var níu ára þegar pabbi og mamma keyptu sumarbústað í Kópavogi, byggðu bæði við hann og ofan á hann. Með því að flytja í Kópavoginn voru foreldrar mínir að leita leiða til að standa á eigin fótum og öðlast betra líf fyrir okkur börnin. Eftir að hafa búið við atvinnuleysi í tvö ár var pabbi alltaf verkamaður þótt mamma reyndi talsvert til þess að fá hann til að gera eitthvað annað. Ég held að þessi erfiði tími, atvinnuleysi, skortur og erfiðleikarnir við að sjá fyrir fjölskyldunni í byrjun búskaparins hafi verið eins og skuggi sem fylgdi pabba alla tíð.

Í Kópavoginum vorum við sannarlega landnemar eins og margir sem ekki gátu eignast eigið húsnæði í Reykjavík. Vinir pabba lánuðu honum fé þannig að hann gat keypt þennan sumarbústað. Hann var í vesturbænum, sunnarlega á nesinu, þar sem Sunnubrautin er núna. Þarna voru sárafá hús. Við systurnar fengum herbergi uppi á lofti, Bessastaðir blöstu við þegar við litum út og sólsetrið er hvergi fegurra, ég gleymi aldrei þeirri fegurð. Hálfur hektari lands fylgdi sumararbústaðnum. Þarna byggði pabbi fljótlega lítið fallett jarðhús, svo bara þakið stóð upp úr, og þar geymdi hann kartöflur og gulrætur í rimlakössum þannig að það loftaði um þær allan veturinn.

Fyrstu árin í Kópavoginum höfðum við ekki rafmagn og vatn var af skornum skammti en við börnin vorum alsæl, frelsið var svo mikið. Það má líka segja að við þessa breytingu urðu foreldrar mínir frjálsir. Pabbi keypti fljótlega lítinn bát, sem hét Árni væni, og lagði hrognkelsanet út undir Gálgahrauni, rétt við Bessastaði. Þá borðuðum við eingöngu rauðmaga og grásleppu í nokkrar vikur. Oft feng-

um við krakkarnir að fara með þabba í róðra og dorga. Svo lagði hann líka sandkolanet í fjöruna og þarna hirtum við sandkola. Nokkru eftir að við settumst þarna að flutti stór barnafjölskylda, Vattnes fjölskyldan, á svæðið. Við systkinin og Vattnesbörnin urðum fljótt miklir vinir. Þarna var allt sem við gátum óskað okkur, gott efni í kökubakstur, drulla, og sóleyjar og blóðberg til skreytinga. Við veltum steinum í fjörunni og skoðuðum pöddurnar undir þeim. Viðfangsefnin voru óþrjótandi. Þarna var dásamleg undraveröld. Nokkru síðar kom þarna kjúklingabóndi sem bjó um sig niðri við sjóinn og smám saman fjölgaði íbúunum.

Frumbyggjarnir gerðu ýmislegt til að drýgja tekjurnar. Pabbi kom sér til dæmis upp hænsnabúi, var með einar 200 hænur þegar mest var. Það var hlegið að því hvað hann hugsaði vel um hænurnar. Hann sló smára handa þeim sem gerði rauðurnar sterkgular og eggin dásamleg. En svo urðu þær svo feitar að þær hættu að verpa. Við lifðum fyrst og fremst á fiski og fugli. Frumbúalífið í Kópavogi var skrautlegt.

Fyrstu árin okkar í Kópavogi þurfti mamma að fara með þvottinn í Laugarnar í Reykjavík því að í Kópavoginum var mikill vatnsskortur. Pabbi hafði keypt gamlan skrjóð og gat keyrt okkur í Laugarnar. Þvottadagarnir voru bara þegar viðraði vel og ferðirnar þangað voru hrein ævintýri fyrir okkur krakkana. Þar var þvotturinn bæði þveginn og þurrkaður. Ég get ennþá fundið hreinlætislyktina sem ég fann þegar ég kíkti inn á svæðið þar sem konurnar stóðu við þvottabrettin. Svo blöktu þessi hvítu rúmföt á fjölda snúra og við krakkarnir fengum límonaði, aðeins þarna, hvergi annars staðar. Þarna var ekki bara þvegið, þetta var áreiðanlega talsverður félagsskapur fyrir konurnar, alla vega var oft glatt á hjalla yfir þvotta-bölunum. En mamma var oft lúin þegar heim kom.

Ég hafði verið í þrjú ár í Ísaksskóla áður en við fluttum í Kópavoginn, sem var dásamlegur tími. En fyrsti skólinn okkar í Kópavogi var í einbýlishúsi við Hlíðarbrautina, annan veturinn var fengið stórt hús á leigu við Hafnarfjarðarveginn og þriðja árið vorum við í húsi sem hafði áður verið málningarverksmiðja niðri við sjóinn í Fossvogi. Það var óskaplegt að vera þar. Ég man þar eftir kennslukonu sem lamdi okkur með priki á handarbakið. Fjórða og

síðasta árið, sem ég var í skóla í Kópavogi, vorum við í nýja Digranesskólanum. Þar vorum við á beru steingólfinu en samt var alveg dásamlegt að vera þar. Þar var ég þangað til ég varð 12 ára.

Tíu ára var ég send í sveit í Skaftártungu. Þar var fólkið gott við mig en ég var mikið ein, átti að sofa á hermannabedda á efri hæðinni fyrir framan svefnherbergi ungra hjóna, en mér fannst konan ganga um ein, allar nætur með grátandi barn. Ég svaf lítið. Ég var líka dögum saman að raka skít af túnunum, sem var voðalega leiðinlegt. En allt í einu lék lánið við mig, mér fannst eins og ég hefði unnið í happdrætti þegar ég fékk að fara fyrr heim en ætlað var því amma mín og nafna, sem bjó í Noregi hjá dóttur sinni, var í heimsókn á Íslandi og vildi fá að sjá mig, nöfnu sína. Það var meira lánið. Systir hans pabba bjó rausnarbúi í Noregi, í Østfold. Ég náði að heimsækja hana síðar. Það var ævintýri líkast fyrir Íslending að sjá búskapinn hjá frænku minni og ömmu. Þarna var sag í básunum, enginn skítur í fjósinu. Á hillum í búi var rabarbaravín, ótal krukkur með sultum og öðrum niðursoðnum mat og tvær stórar frystikistur fullar af mat. Ég hafði aldrei séð annað eins og þetta átti við mig, þetta fannst mér ógleymanlegt ævintýri.

Laugarvatn

Frá þrettán ára aldri var ég í heimavistarskólum. Fyrst fór ég í Reykjanesskóla við Ísafjarðardjúp ásamt nokkrum frænkum mínum, það var mikið ævintýri en þaðan fór ég á Laugarvatn. Þar var ég árin 1951-1955 og lauk skólavistinni með gagnfræðaprófi. Það voru mikil mótunarár. Þar eignaðist ég góða féлага fyrir lífstíð og skólinn var góður. Foreldrar mínir lögðu mjög hart að sér til þess að við fengjum að ganga í skóla en mamma var mjög metnaðarfull fyrir okkar hönd og pabbi reyndar líka.

Í sannleika sagt var alveg dásamlegt að vera á Laugarvatni en maturinn var hvorki góður né hollur. Eysteinn kokkur var óskaplega nýttinn og á laugardögum útbjó hann alltaf kássu með öllum afgangum vikunnar, svo voru allir magaveikir nóttina á eftir þeirri máltíð. Svona var þetta. Við vorum oft svöng, sérstaklega strákarinn, þeir þurftu svo mikið. Við höfum oft hlegið að því gegnum árin, æskuvinkonurnar, sem höfum haldið venskapinn í öll þessi ár, hvað

við vorum svangar á kvöldin á Laugarvatni. En þá rændum við sykri niðri í búri og kakói, hrærðum saman sykri, vatni og kakói með tannburstaskaftinu, sátum svo við að lesa eða spjalla saman og sleiktum skaftið. Þetta var svona. Á kvöldin var þó kvöldhressing uppi á vist, við fengum rúgbrauð með smjörlíki. Við vorum ekki ánægð með þetta og kvörtuðum. Þessu var loksins breytt og við fengum þurrt matarkex í staðinn. Við vorum himinsæl með þetta næringarlausu snarl.

Það var mikið sönglíf á Laugarvatni. Kristleifur Þorsteinsson kennari var með kvennakór og blandaðan kór og það var óskaplega gaman að vera hjá honum í tímum. Hann var vel menntaður maður. Þarna kenndi líka Vigdís Bjarnadóttir íþróttakennari, dóttir Bjarna skólástjóra. Hún var nýkomin frá námi erlendis og var alveg frábær. Hún kenndi okkur til dæmis körfubolta sem varð til þess að allir voru í körfubolta. Það var svo nýtt. Hún stóð fyrir leikfimisýningum, sundkeppnum og fleiru. Félagslífið á Laugarvatni var mikið og öflugt og við höfðum mjög gott af því. Skólalífið var svo menntandi þótt við værum ekki alltaf að lesa.

Fyrirkomulag peningamála okkar nemendanna á Laugarvatni þætti sérkennilegt nú um stundir. Gjaldkeri skólans, Bergsteinn Kristjónsson, var fjárhaldsmaður allra heimavistarnemendanna og annaðist greiðslur fyrir okkar hönd. Þegar við mættum á haustin með aleiguna okkar, knöpp sumarlaunin, fengum við gjaldkeranum þau til varðveislu og hann lét okkur fá peninga fyrir nauðsynjum eftir hendinni. En við fórum líka vel með. Við gengum oft í fötunum hver af annarri, vinkonurnar, það þætti sérstakt nú um stundir. Við vorum alltaf fjórar saman á herbergi, sváfum í kojum. Við gátum átt það til að skjótast út á nóttinni eða fara á skauta seint á kvöldin. Síðasta nóttin á Laugarvatni var ógleymanleg. Þá gengum við, allur hópurinn, í dásamlegu veðri upp í Laugarvatnshella og vorum á ferðinni alla nóttina, gengum til baka, komum að skólanum þar sem rúturnar biðu okkar. Þá grétum við. Það var mikill kvíði fyrir því að skiljast að. Við hittumst síðast fyrir sex árum og stór hluti af fólkinu var tiltölulega hress.

Tími óvissunnar

Eftir dvölinu á Laugarvatni var ég í Kópavogi hjá pabba og mömmu á veturnu í þrjú ár. Ég hafði alls ekki tækifæri til að fara í menntaskóla, mamma var orðin mikill sjúklingur og það kom ekkert annað til greina en að ég færi að vinna fyrir mér. Ég vann í þvottahúsi, reyndi að hjálpa til heima og þess háttar en á sumrin var ég kaupakona í Borgarfirði. Ólöf, önnur minna bestu vinkvenna frá Laugarvatni, var úr Borgarfirðinum, frá Nýjabæ í Bæjarsveit. Hún var einbirni og ég fór oft heim til hennar á Laugarvatnsárunum. Erfiðleikarnir heima vegna veikinda mömmu voru miklir en ég sótti í friðinn og kyrrðina í Borgarfirðinum og það var líka svo gaman að vera þar. Foreldrar Ólafar, þau Kristín og Guðbrandur, voru mér sérstaklega góð. Ég tók lengi þátt í vorverkunum með þeim. Á Nýjabæ var lítið gróðurhús, sem skemmtilegt var að sinna, og svo voru þar hestar sem var ekki amalegt. Þetta var dásamleg veröld, ég heillaðist af Borgarfirðinum og var þar kaupakona um tíma.

Ólöf, vinkona mín, fór svo á Húsmæðraskólann á Blönduósi. Þegar hún svo kom þaðan og ég sá alla handavinnuna hennar, vefnaðinn, útsauminn, fatasauminn og þrjónið og öll þessi ósköp af uppskriftum féll ég í stafi. Ólöf gat meira að segja bakað djöflatertu sem ég hafði aldrei heyrt um. Mikið langaði mig að komast í húsmæðraskóla. En það kostaði peninga. Það var ekkert annað en það að ég réð mig sem matráðskonu í vegavinnu 18 ára gömul án þess að kunna mikið í matreiðslu. Ég kveið óskaplega fyrir en yfirheyrði mömmu og hún gaf góð ráð. Í vegavinnuflokknum voru 5-6 karlar sem bjuggu í tjöldum og ég bjó í tjaldi. Kerfið við vegavinnuna var þannig að skipta skyldi peningum til vegagerðarinnar jafnt á milli landssvæða sem þýddi að vegavinnuflokkurinn þurfti að færa sig oft á milli svæða.

Parna matreiðdi ég fyrir karlana í litlum matreiðsluskúr með eina kolaeldavél á þremur fótum. Ég fékk margfalt kaup á við það sem ég hafði áður fengið og auk þess átti ég frí flestar helgar. Mér kemur oft í hug vankunnátta mína á meðferð matvæla á þessum árum en eitt atvik er mér algjörlega ógleymanlegt. Þannig var að það var ákveðið að taka vikufrí, smá sumarfrí og inni í því voru tvær helgar, veðrið var sérstaklega gott þessa viku, sólskin og blíða. Þegar ég kom

úr fríinu ætlaði ég að sækja saltkjöt í kút sem þarna var geymdur. Ég fór út með emilerað vaskafat, beygði mig niður og stakk í einn kjötbitann, en þá iðaði hann í maðki. Ég hef ekki orðið jafn skelfingu lostin á ævinni, get hreinlega aldrei gleymt hvað þetta var ógeðslegt.

Karlarnir rifust um að kenna mér að keyra bíl og þarna lærði ég að keyra vörubíl. Þeir voru góðir við mig, karlarnir, og ég gat borgað skólagjald húsmæðraskólans eftir vinnuna í vegagerðinni. Þarna stóð ég með 10.000 krónur um haustið en ég hafði fengið 1200 krónur á mánuði í kaupavinnunni. Ég kynntist fyrri manningum mínum, Magnúsi Andréssyni, í vegavinnunni, hann keyrði þar vörubíl.

Húsmæðraskólinn á Blönduósi

Eftir sumarið í vegavinnunni komst ég í Húsmæðraskólann á Blönduósi. Þarna var hún Hulda mín Stefánsdóttir skólastjóri. Hún reyndist mér aldeilis vel. Það fyrsta sem ég þurfti að segja henni þegar ég kom á staðinn var að ég væri ófrísk. „Þú ferð þú ekki að draga um hvort þú verður í eldbúsinu fyrir eða eftir jól, þú byrjar í eldbúsinu og ferð svo í saumana eftir jól,“ sagði Hulda. Hún var mér svo góð. Hulda var afskaplega vel gefin kona og bauð af sér góðan þokka, það var hrein unun að vera nálægt henni. Ég var óskaplega ánægð í skólanum. Skólasystur mínar nokkrar fundu sér mann þarna í sveitinni og urðu þar eftir. Að skólaárinu loknu gifti ég mig og við skírðum Helgu okkar og settumst að í Síðumúla í Hvítársíðu, en maðurinn minn var þaðan. Og fljótlega kom önnur dóttir, hún Hulda.

Þeir voru tveir bræðurnir með búskapinn í Síðumúla en voru einnig í öðrum störfum. Foreldrar þeirra bjuggu þar líka og heimilið var mannmargt. Síðumúli var þá kirkjustaður og þar var símstöð sveitarinnar, sannarlega mikið um að vera. Ingibjörg, tengdamóðir mín, var mér afar góð, hún var ljúf kona. Hún var systir Sigurðar Guðmundssonar, skólameistara á Akureyri. Ég hef orðið þeirrar gæfu aðnjótandi að eignast tvær tengdamæður, ólíkar en báðar einstakar. Þótt heimilið væri gott í Síðumúla var ég ekki ánægð þar. Ég réð mig því sem matráðskonu í Kleppjárnsreykjaskóla í Reykholtssdal og var þar í tvo vetur. Þar var ég með dætur mínar litlu með mér. Það var góður tími. Ég var rétt um tvítugt en hafði tvær

aðstoðarstúlkur, sem voru á svipuðum aldri og ég, og önnur þeirra var með lítinn dreng. Þessi litlu börn léku sér í eldhúsinu í kringum okkur, hjóluðu, léku sér að kubbum og öðru dóti og undu sér vel. Ég get ekki munað að það hafi skapað nokkur vandamál að vera með börnin þarna í kringum okkur. Svo voru allir svo ánægðir með matinn. Það fannst mér gott.

Þarna kynntist ég kennarahjónunum Sæmundi og Guðrúnu sem urðu vinir mínir ævilangt. Við bjuggum í sama húsinu. Eftir þessi tvö ár bauðst mér annað starf. Það vantaði kokk á Samvinnuskólann á Bifröst. Ég hélt að ég væri ekki nógu sterk til að taka slíkt ábyrgðarstarf að mér því á Bifröst var 100 manna mötuneyti. Skólastjórafrúin, Guðlaug Einarasdóttir, hitti mig og hlýddi mér yfir og fiskaði eftir því hvað ég kynni. Ég hafði nú verið á húsmæðra-skóla og bar mig bara vel. Ég fylltist einhverjum kjarki og tók starfið að mér. Þetta varð svo sannarlega ævintýri lífs míns. Ég var á Bifröst í tvo vetur með dætur mínar litlu. Það var virkilega ævintýralegur tími, mikið líf og fjör. En það var samt eitt og annað sem ég þurfti að reka mig á. Þegar ég ætlaði til dæmis að elda kjöt í karrí í fyrsta sinn hélt ég nú aldeilis að ég kynni það. Ég setti mikið af kjöti í pott og beið eftir því að suðan kæmi upp í pottinum en hugsaði ekkert út í það að þegar eldað er í háum og mjóum potti er suðan lengi að koma upp og kjötið sem er neðst er löngu soðið þegar suðan kemur loksins upp. Þegar ég tók kjötið upp úr pottinum hrundi það af beinunum og það var ekki sjón að sjá þessar tægjur.

Á Laugarvatni var sami matseðill alla vikuna og við vissum alltaf hvað yrði í matinn, sem var þreytandi. Ég setti því þá reglu á Bifröst að sækja ekki í það farið. Enda voru nemendur alltaf að kíkja við og spyrra: „*Hvað er í matinn í dag?*“ Þetta gekk alveg ótrúlega vel, það verður að segjast. Alveg ótrúlega. Ég má til með að segja frá því að þarna hafði verið kokkur sem fékk konur úr sveitinni til að taka slátur. En ég skyldi nú ekki hafa það þannig. Slátur gæti ég tekið sjálf. Ég hafði þrjár stúlkur, sem unnu í mötuneytinu, með mér og auðvitað gátum við tekið slátur til vetrarins fyrir 100 manns. Við vorum ekki kjarklausar konurnar.

En það var eitt og annað sem ég ekki kundi og ég rak mig á. Eitt sinn bað skólastjórafrúin, frú Guðlaug, mig að aðstoða við móttöku

gesta í skólastjórabústaðnum. Þau voru með fínt boð. Það var sjálf-sagt. Hún hafði sett koniáksglös á bakka og bað mig að hella í þau og færa gestunum. Ég hellti glösin alveg barmafull af koniáki og gekk með þetta til gestanna. Það var nærri liðið yfir frúna. Hún saup hveljur og ég gleymi ekki hvað ég skammaðist mín, en einhvern veg-inn bjargaðist þetta. Svo hlógum við að þessu öllu saman, þarna var ég þó orðin 28 ára gömul.

Hússtjórnarkennaraskólinn

Guðmundur Sveinsson, skólastjóri á Bifröst, fór að orða það við mig hvort ég vildi ekki læra meira. Ég sá ekki hvernig ég ætti að fara að því, með dætur mínar tvær. Það togaðist verulega á í mér hvað ég ætti að gera. Þegar ég var alveg við það að guggna var það Guð-mundur sem tók af skarið og sagðist mundu tala við manninn minn, sem var algjörlega mótfallinn því að ég færi í slíkt nám.

Guðmundur þekkti Vigdís, skólastjóra Hússtjórnarkennaraskól-ans, og ræddi við hana. Við fluttum til Reykjavíkur um haustið. Um þessar mundir var sjálfstraust mitt mjög lítið og ég treysti mér ekki í breytingar, en þessi stuðningur bjargaði mér bókstaflega alveg. Þau studdu mig svo sannarlega, skólastjórahjónin á Bifröst. Ég get aldrei gleymt umhyggjunni og þeim mikla stuðningi sem þau sýndu mér, án þeirra hefði ég ekki komist áfram. Þau voru mér sérstaklega góð.

Þegar ég byrjaði í Hússtjórnarkennaraskólanum fannst mér námið strax alveg dásamlegt. Ég var mjög opin fyrir því að læra, fannst allt skemmtilegt og hafði það af að taka hæsta próf sem tekið hafði verið við skólann þótt ég væri tíu árum eldri en hinar stúlkurn-ar. Við byrjuðum þrettán og útskrifuðumst tíu. Þetta var fyrsta vet-urinn sem skólinn hafði verið lengdur um heilt ár og námið var því orðið að þriggja ára námi. Fyrst fannst mér að þetta hlyti að vera alltof langur tími en eftir á að hyggja vorum við svo margfalt betur staddar með lengra nám. Þetta var hörkunám; við urðum til dæmis að vera færar um lifandi sýnikennslu hvar sem var. Auðvitað var oft erfitt að stunda námið, ekki síst vegna dætra minna. Mér bauðst reyndar aðstoð en til þess kom samt aldrei að ég nýtti mér hana. Ég

réd við námið, sinnti dætrunum og lífið gekk bara ótrúlega vel fyrir sig.

Námsgreinar skólans voru fjölmargar og menntandi. Þetta var alvörunám. Við lærðum til dæmis heilmikið um garðyrkju og gróður og höfðum úrvals kennara. Ingólfur Davíðsson grasafraeðingur lét okkur tína um hundrað plöntutegundir og færa til bókar. Nýr heimur grasafraeðinnar opnaðist. Komið var inn á svo margt sem ég hafði ekki haft nokkra innsýn í. Próffessor Sigurjón Björnsson kenndi okkur sálarfraeði og Margrét Margeirsdóttir, konan hans, kenndi okkur félagsfraeði. Ófeigur Ófeigsson læknir kenndi heilsufraeði og Baldur Johnsen kenndi okkur næringarfraeðina. Vigdís fékk fjölda kennara frá Háskóla Íslands til að kenna okkur bóklegu fögin. Svo verð ég að segja frá því að eitt sumarið vorum við á Laugarvatni og lærðum að reka heimavist. Þá höfðum við yngismeyjar í námi hjá okkur í heilt sumar á heimavistinni á Lindinni á Laugarvatni. Mér er það sérstaklega minnisstætt að einn daginn, reyndar 21. ágúst 1968, fórum við með stúlkurnar á grasafjall. Þegar við svo stóðum í kjallaranum með stúlkunum um kvöldið við að hreinsa fjallagrösinn kom fréttin um að Rússar hefðu gert innrás í Tékkóslóvakíu.

Á landbúnaðarsýningu í Laugardalshöll 1968 vorum við, húsmæðrakennaranemarnir, með sýnikennslu. Þá þurftum við að skrifa niður orð fyrir orð það sem við ætluðum að segja og tala um og taka tímann nákvæmlega fyrir fram. Markmiðið var að við lærðum að halda sýnikennslu. Enda komu kennslan og æfingarnar að góðu gagni. Á árunum 1970-72 vorum við líka með fyrstu matreiðsluþættina í sjónvarpi. Þá var ekki hægt að taka yfir eða endurtaka, allt þurfti að vera tilbúið fyrirfram. Eitt sinn átti ég til dæmis að kenna hvernig sýra ætti grænmeti. Ég sagði nákvæmlega frá aðferðinni og ætlaði svo að sýna grænmetið í potti. Þegar ég lyfti pottlokinu, sem gúrkurnar áttu að vera í, voru þar engar gúrkur. Þá þurfti ég aldeilis að bjarga mér. Ég horfði því bara ofan í pottinn, lagði pottlokið á, brosti framan í myndavélarnar og sagði; „*svo setjum við þetta bara í heitar krukku*,” og lét eins og ekkert væri. Þegar ég kom út um kvöldið, eftir þessar fyrstu sjónvarpsupptökur, fannst mér eins og það hefði liðið heil öld frá því að ég fór þarna inn fyrir um daginn. Og svo þegar ég sá þættina í sjónvarpinu fannst mér ég bæði

alltof feit og tala eins og ég væri að tala við fullan sal af fólki en enginn hafði bent mér á að slíkt virkaði ekki í sjónvarpi. Engar leiðbeiningar voru gefnar.

Eftir þriggja ára nám í Hússtjórnarkennaraskólanum var ég eins og önnur manneskja. En það kom fyrir að ekki skildu allir hve gefandi námið var. Ég man sérstaklega eftir því að eftir fyrsta prófið í heilsufræði fékk ég 10 í einkunn, en þá sagði einhver mér nákominn að það væri nú ekki sama að hafa námsvit og venjulegt vit. Svona voru nú högginn. En við, skólasysturnar, höfum flestar staðið vel saman, jafnvel þótt ég sé tíu árum eldri en þær. Á námsárunum urðum við vinkonur fyrir lífstíð. Núna hittumst við reglulega. Við hittumst fyrst í Hvalfirði og höfum hist árlega síðan. Við veljum staði víðsvegar um landið og eigum dásamlegan tíma saman.

Árin tvö sem ég var í Reykjavík eftir námið vann ég hjá Osta- og smjöröslunni. Þá var ég með kynningar víða um land og útbjó margskonar bæklinga og kynnti, til dæmis osta, víða um landið. Ekki nóg með það, þetta gerði ég á veturna en á sumrin fór ég upp í Borgarfjörð og rak Eddu hótelið á Varmalandi í tvö sumur.

Norðurland

Svo gerðist það á árinu 1971 að formaður skólanefndar Hússtjórnarskólans á Akureyri, Bergþóra Eggertsdóttir, hringdi í mig og bað um fund með mér. Hún vildi kanna hvort ég vildi koma norður og gerast skólastjóri gamla Hússtjórnarskólans á Akureyri, það væri mikill áhugi fyrir því að endurreisa skólann sem hafði legið lengi í dvala. Mér fannst þetta strax mjög spennandi og stelpurnar mínar, sem þá voru 12 og 14 ára gamlar, vildu endilega að við færum norður. Ég gekk frá skilnaði við manninn, sem ég hafði verið gift í 14 ár, og sló til. Þetta hljómaði allt mjög freistandi og varð líka allt mjög ánægjulegt. Þegar ég svo kom norður voru konur, sem sátu í skólanefndinni, mér óskaplega góðar. Þær aðstoðuðu mig við að koma mér fyrir, saumuðu jafnvel gardínur fyrir mig og ég veit bara ekki hvað.

Hér á Akureyri hafði verið rekinn hefðbundinn hússtjórnarskóli. Eitt mitt fyrsta verk var að setja upp námskeið fyrir matsveina á fiski- og flutningaskipum. Til þess þurfti að eiga samstarf við Mat-

sveina- og hótelskólann í Reykjavík. Svo buðum við upp á almennt fimm mánaða hússtjórnarnám eftir áramótin. Auk þess fórum við að bjóða upp á allskonar styttri námskeið í nokkur kvöld hvert, t.d. um gerbakstur, um fiskrétti, um grillrétti, en einnig námskeið í vefnaði og saumum svo að eitthvað sé nefnt. Allt var þetta mjög lifandi og ánægjulegt.

Áður en Verkmenntaskólinn var stofnaður hafði átt sér stað mikil umræða um hvað skyldi gera í menntamálum hér á Akureyri sem næði yfir það nám sem kallað var eftir í verklegum greinum. Við ræddum mikið saman, ástapunganefndin svokallaða, um hvað ætti að gera. Við vorum aðallega í þessum vangaveltum Tryggvi Gíslason, skólameistari MA, Aðalgeir Pálsson, skólastjóri Iðnskólans, Sverrir Pálsson, skólastjóri Gagnfræðaskólans, og ég. Fundir voru auðvitað haldnir í Hússtjórnarskólanum með tilheyrandi veitingum sem voru auðvitað ástarpungar. Átti að stækka Menntaskólann á Akureyri eða stofna annan skóla? Að lokum var ákveðið að byggja verkmenntaskóla. Þetta var aðkallandi ákvörðun því að við sem kenndum verklegar greinar höfðum verið að þeytast á milli fjögurra bygginga í nokkur ár. En þarna hjálpuðust allir að og unnu vel saman. Vinnan, sem fjöldi fólks lagði fram við þennan undirbúning, var gríðarleg en gefandi. Það var sannarlega mikill sigur þegar allar deildirnar voru komnar á einn stað í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Það var stórkostlegt að þetta skyldi takast með góðri samvinnu. Enn hitti ég fyrrverandi nemendur, sem kannski eru orðnir læknar eða rafvirkjar eða hvað sem er, sem þakka fyrir matreiðslukennsluna, lýsa því hvað hún var mikilvæg og að kunna að lifa og bjarga sér.

Ég var rúmlega þrítug þegar ég kom norður. Mjög fljótlega kynntist ég Gunnari Sólness sem varð seinni maðurinn minn.

Þannig var að Bergþóra Eggertsdóttir kjólameistari, sem manna mest hafði hvatt mig til að koma norður, vildi endilega bjóða mér með þeim hjónunum, henni og Maríusi Helgasyni, á árshátíð Sjálfstæðisflokksins. Það fannst mér alveg ómögulegt. Ég sagði henni strax að ég ætti engin föt fyrir slíka hátíð en þá sagðist hún bara sauma á mig kjól sem hún og gerði. Þetta var allt voðalega fínt, tekið á móti okkur í anddyrinu; konur fengu rós í barminn og karlar vindil. Ég var sannarlega ekki vön slíkum hátíðum. Við vorum rétt sest



„Þegar við sáuust fyrst.“ Margrét og Gunnar.

Þegar Jón Sólnes bankastjóri, Inga, konan hans, og sonur þeirra komu að borðinu. Ég man að ég spurði Bergþóru hver hann væri þessi huggulegi maður. En það var Gunnar Sólnes. Ég hafði heitið mér því að líta aldrei á karlmann aftur en ég féll fyrir Gunnari og við áttum ríflega 40 afar góð ár saman.

Mér fannst Gunnar strax huggulegur, okkur leist reyndar báðum vel hvort á annað. Annars hafði ég ekki litið á nokkurn karlmann og mér leið mjög vel einni. En þegar ástin grípur unglíngana þá er ekki neitt við því að gera. Og það var óskaplega skemmtilegt að um þetta leyti voru þeir vinirnir og nafnarnir báðir á lausu, Gunnar Sólnes og Gunnar Ragnars sem var nýskilinn við sína konu. Sá síðarnefndi var farinn að gera hosur sínar grænar fyrir Guðríði Eiríksdóttur, hússtjórnaarskólalastjóra á Laugalandi. Þeir voru nafnarnir að sverma hvor fyrir sínum hússtjórnaarskólalastjóranum.

Við fjögur hittumst mikið, fórum út að borða saman og þannig. Það voru víst miklar vangaveltur um það í bænum hvor væri með hverri svo að við gerðum í því þegar við fórum til dæmis út að borða að sitja þannig að fólk þyrfti að reyna á sig við að leysa gátuna. Á þessum árum fóru þeir nafnarnir oft saman að veiða í Laxá. Nema

hvað, við Guðríður ákváðum einu sinni að elta þá uppi og buðum til veislu. Keyrðum austur að Laxá, þar sem við vissum hvar þeir voru, mættum með hvítan útsaumaðan hördúk, röðuðum fallegum bollum á dúkinn á árbakkanum, komum með marengstertu, heitt súkkulaði og þeyttan rjóma. Þeim leiddist þetta ekki, þessum herra mönnum. Við höfðum voðalega gaman af þessu, svo voru þeir alltaf að líta í kringum sig til að athuga hvort einhver sæi hvernig við dekrúðum við þá. Þetta voru góðir tímar, alltaf eitthvað skemmtilegt að gerast. Guðríður lést alltof snemma, því miður.

Inga Sólnes, mamma Gunnars, hafði víst haft talsverðar áhyggjur af því að sonur hennar gengi ekki út og það verður bara að segja það eins og það er að henni þótti það ekki verra að fá hússtjórnarkennara inn í fjölskylduna. Ég man vel eftir undirbúningi fyrir fyrstu jólin okkar saman. Þá færði ég Ingu nokkrar tegundir af fallegum smákökum og annað slíkt. Það var auðvelt að gleðja hana og ósköp ánægjulegt. Ég var líka sótt til að elda þegar þau Inga og Jón áttu von á gestum og hafði mikla ánægju af því. Inga missti mann sinn alltof snemma, en Jón lést 1986. Inga varð 93 ára en alltaf skýr í hugsun og einstaklega lífsglöð, hress og skemmtileg. Jón kallaði hana alltaf „*the queen of the house*.“ Þau hjónin ferðuðust mikið saman, Inga kom úr stórri fjölskyldu og þau hjónin áttu stóran hóp vina og ættingja þannig að gestagangur var mikill á heimilinu. Inga átti fimm systur, allar svona hressar og skemmtilegar. Það var svo gaman að geta tekið til hendinni fyrir hana. Síðustu árin bjó tengdamamma handan götunnar í næsta nágrenni við okkur.

Svona leið tíminn, mikil vinna, mikið að gera en svo kom að því að tengdafaðir minn vildi fá mig í bæjarmálin sem endaði með því að ég gaf kost á mér í bæjarstjórnina og sat í ýmsum nefndum í nokkur ár. Þetta var dýrmætur tími og lærdómsríkur. Ég var lengi í skrúðgarðanefnd, vann þar með Árna Steinari Jóhannssyni. Það var verulega skemmtilegt að vinna með Árna Steinari, hann var svo skapandi. Ingimar Eydal var í nefndinni og þegar við fórum í skoðunarferðir um bæinn, til að átta okkur á hvað þyrfti nauðsynlega að gera, gerði hann í því að hneyksla okkur: „*Sjáið þið njólann, sjáið hvað hann er fallegur*,“ sagði Ingimar og var sjálfum sér líkur. Árni Steinar og félagar

garðyrkjudeildar og Skógræktarfélags Eyfirðinga höfðu mikinn áhuga á og stefndu að því að gróðursettur yrði grænn trefill í kringum bæinn og það hefur sannarlega ræst.

Það var ekkert smáræði sem ég lærði um stjórn málin í þessu nefndarstarfi, ég kynntist innviðum bæjarins og fékk yfirsýn yfir hvernig bæjarkerfið virkaði. Setan í félagsmálaráði reyndi óskaplega á, þar komu upp hræðilega erfið mál, sérstaklega mál sem varðaði börn, þau voru oft svo erfið að við hreinlega engdumst. Þegar ég sat í félagsmálaráði voru einungis konur í ráðinu, sem var ekki rétt, við vorum sammála um að þarna yrðu karlar að sitja og taka þátt. Í félagsmálaráði kynntist ég Jóni Björnssyni vel, en hann hjálpaði mér mikið, hann studdi mig meira en nokkur annar og ekki síst persónulega þegar Hulda mín átti sem erfiðast. Hann er einstakur og góður maður, það var mikill missir af honum úr bænum.

Kennaraorlof og veikindi

Árið 1985 fékk ég orlof eins og kennarar eiga rétt á eftir ákveðinn starfstíma. Ég fór í nám í næringarfræði við háskóla í New Jersey. Það var lærdómsríkt. Þetta var skóli fyrir 50.000 nemendur og í næringarfræðideildinni voru 5000 nemendur. Jón Óttar Ragnarsson auðveldaði mér val á skóla og ekki nóg með það, hann útvegaði mér húsnæði hjá prófessor við skólann og ég hlakkaði mikið til. En þegar til kom var prófessorinn bráðungur og húsnæðið alveg skelfilegt, kalt og hrörlegt, en ég lét mig hafa það. Ég hafði svo gott af þessu. Þarna við háskólann kynntist ég konu, Philis Pollack, rannsóknarprófessor, sem hefur verið vinkona mín síðan, við höfum heim sótt hvor aðra margoft. Það hefur verið dýrmæt vinátta. Ég ætlaði að taka hálf tveggja vikna orlof en varð fyrir því að veikjast af krabbameini sem varð til þess að ég varð að gera hlé á náminu.

Ég fór heim til Íslands, valdi það fremur en að fara til læknis í Bandaríkjunum. Þegar heim kom fannst ekki neitt að mér og ég var á leiðinni út aftur þegar Gunnar hittir lækninn, sem hafði skoðað mig, á förnum vegi. Hann víkur sér að honum og segir. „*Heyrðu Gunnar, konan þín er með krabbamein í legi, þú skilar því til hennar.*“ Ég ætla bara ekki að segja frá því hvernig Gunnari varð við. Ekki nóg með það, þegar ég var svo skorin upp voru gerð læknamistök sem ég

átti í mjög lengi á eftir og fylgdu mikil óþægindi og vandamál. Þetta var sárt og erfitt. Þetta voru hremmingar. En fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott, ég læknaðist af krabbameininu.

Síðan fékk ég þetta hlé bætt og fór þá til Edinborgar og stundaði þar nám í nokkra mánuði. Ég verð að undirstrika að það besta sem hægt er að gera fyrir kennara er að veita þeim tækifæri til að endurmennta sig. Mér fannst ég koma heim frá bæði Bandaríkjunum og Skotlandi uppfull af hugmyndum og krafti.

Fjölskyldan mín

Á þessum árum var ég líka lengi í skipulagsnefnd og félagsmálaráði, sem krafðist mikillar vinnu, auk þess sem ég var í fullu starfi og með fimm manna heimili. Þegar á leið sá ég að þetta gekk ekki þannig að ég minnkaði þessi pólitíska afskipti smám saman. Helga, dóttir mín, var komin með barn sextán ára gömul, hana Selmu mína, sem við vorum svo heppin að fá að hafa hjá okkur fyrstu fimm árin hennar á meðan Helga var að klára menntaskóla og fyrsta árið í háskóla. Svo gat Helga ekki verið án hennar lengur og Selma fór frá okkur. Selma hefur alltaf verið meira en barnabarn, við eigum svo mikið í henni, hún er svo góðum gáfum gædd og hefur svo góða lund þannig að henni þótti alltaf auðvelt og gaman að koma norður til okkar eða til Ara, pabba síns. Hún er alltaf svo glöð og dugleg. Því miður eignuðumst við Gunnar ekki barn saman, okkur langaði til þess, ekki síður þess vegna var það okkur svo dýrmætt að fá að hafa Selmu þetta mikið hjá okkur. Svo eignaðist Helga annað barn, hann Stefán Grétar, með manni sínum, honum Þorleifi Stefánssyni. Það var dásamlegt. Og þar eru komnir fleiri afkomendur, því að Stefán Grétar á tvo drengi og von er á þriðja barninu. Hann býr í Danmörku, á danska konu og er kraftmikill ungur maður.

Helga mín er lærður meinataeknir en skömmu eftir að hún lauk því námi fór hún í sex ára nám í læknisfræði og í framhaldi af því í sérnám til Svíþjóðar. Þá fluttu þau Þorleifur þangað með Stefán Grétar, fimm ára, Selmu, 18 ára, og Margéti Tinnu, dóttur Selmu, eins árs. Selma giftist í Svíþjóð sænskum manni og saman eiga þau yndislega dóttur, Sögu, sem nú er 19 ára menntaskólanemi. Ég á



Fjölskyldan. Efri röð: Selma, Þorleifur og Helga. Neðri röð: Margrét, Stefán Grétar, Gunnar og Tinna.

bara tvö barnabörn en á orðið fjögur langömmubörn og það fimmta á leiðinni. Það er dásamleg gjöf að fá þessi litlu börn.

Hulda, dóttir mín, var um það bil að ljúka gagnfræðaskóla og varla það þegar hún veikist og hefur glímt við alvarleg veikindi síðan. Hún hefur átt í miklu stríði vegna geðheilsu sinnar og verið mikill sjúklingur alla daga síðan þá. Núna býr hún við mjög góðar aðstæður, hún er afar vel sett hér á Akureyri. Hún á íbúð en getur ekki verið ein, hún getur alls ekki búið ein. Hún er í einskona sambýli þar sem hver einstaklingur hefur sína litlu íbúð fyrir sig en fær allar máltíðir og aðra þjónustu þar sem hún býr ásamt öðrum. Henni hafði gengið afar vel að læra, hún var mjög flink í höndunum, framtíð hennar virtist svo björt. Það var gríðarlegt áfall og engu líkt að missa Huldu í þessi alvarlegu veikindi, eins efnileg og hún var.

Margrét Tinna, dóttir Selmu, lést svo tuttuugu og eins árs gömul, hún tók sitt eigið líf. Enginn nær sér eftir slíkan atburð, alls ekki. Núna reynum við fjölskyldan alltaf að hittast öll einu sinni í miðri viku sem hefur reynst okkur vel.

Gunnar var yndislegur eiginmaður. Hann var svo hvetjandi og



Saga Pettersson.

hafði svo mikla trú á mér. Hann var fljótur að koma mér í það sem ég hafði aldrei áður reynt, svo sem í laxveiði og golf og hann studdi mig sannarlega í félagsstörfunum. Ég hafði veitt þyrsklinga á bát með pabba í gamla daga en ekkert annað. Ég smitaðist af áhuga hans. Við áttum hreinar unaðsstundir saman í öll þessi ár, sérstaklega í laxveiðinni og í góðum félagsskap vina. Við eignuðumst mjög góða veiðivini sem eru allt í kringum mig enn þann dag í dag eftir marga áratugi. Við nutum svo innilega útiverunnar, fegurðar og kyrrðar við laxveiðiárnar. Eins áttum við margar góðar stundir í golfinu. Ég sá reyndar fljótt sjálf að ég yrði að vera með honum í golfinu því að annars yrði ég bara golfökkja. Gunnar var um tíma formaður Golfklúbbs Akureyrar og því fylgdi að við tókum á móti fólki úr ýmsum áttum þegar við bjuggum í Aðalstræti 82. Við höfðum bæði mikla ánægju af því og kynntumst fólki alls staðar að úr veröldinni, bæði í veiðiskapnum og í golfinu. Til fjölda ára var Gunnar ræðismaður Frakka og því fylgdi að við tókum gjarnan á móti fólki heima hjá okkur. Þannig kynntumst við athyglisverðu og skemmtilegu fólki víðs vegar að úr heiminum. Þegar Tómas Ingi Olrich var sendiherra í Frakklandi fórum við þangað og áttum þar góða daga. Við upplifðum margt skemmtilegt saman, við Gunnar. Það var engin vöntun á því.

Á vordögum 2016 var Gunnar kominn með sykursýki og nokkru síðar hafði dregið meira af honum en eðlilegt var þannig að til stóð að hann færi í frekari rannsóknir eftir helgi eina í júní, en þá helgi ætluðum við reyndar að eiga með vinum okkar, Orra og Unni að Deplum í Fljótum. Til stóð að bjóða bændum þar í sveitinni til veislu og það átti að heita að við værum vinum okkar til aðstoðar en þau stóðu fyrir samkomunni. Þegar veislunni lauk fórum við fjögur í göngutúr, í þessu líka dásamlega veðri, gengum allveg niður að sjó.

Við höfðum samið við kokkinn um að við kæmum ekki heim í mat fyrir en um klukkan tíu um kvöldið. Þessu falletta kvöldi lauk með yndislegri máltíð með okkar góðu vinum. Morguninn eftir, þann 5. júní, gat ég ekki vakið Gunnar, hann hafði látist í svefni. Hann var 76 ára gamall.

Gunnar tók sér oft ýmislegt fyrir hendur en þegar ég var í kennaraorlofinu í Ameríku ákvað hann að flytja gamla manninn, hann föður minn, heim til okkar, hingað norður, að mér forspurðri. Hér beið þabba íbúð á neðri hæðinni hjá okkur í Aðalstrætinu. Ég held að síðustu árin hans þabba hjá okkur hafi að mörgu leyti verið hans bestu ár. Hann hafði alltaf verið verkamaður sem gat fátt leyft sér en auk þess voru oft ýmis veikindi og erfiðleikar heima fyrir. Gunnar var góður við hann þabba, svo sannarlega.

Þabbi eignaðist ekki almennilegan bíl fyrir en mjög seint en átti gamlan Skoda þegar hann flutti norður. Hann var nokkuð ánægður með bílinn sem þó var orðinn nokkuð gamall. Þess vegna var þabbi með einhverjar vangaveltur um hvort hann ætti að fara að skipta um bíl. Gunnar tók af skarið og sagði að nú væri hann í fríu húsnæði og fæði og nú skyldi hann bara skipta árlega um bíl og ekkert með það. Þetta var svo skemmtilegt. Þetta tók þabbi alvarlega og fór alveg eftir því sem tengdasonurinn sagði. Og þegar Kristín og Hjördís, vinkonur mínar, komu í heimsókn, en við vorum mikið saman á þessum árum og studdum hver aðra, þá mætti þabbi með litaspjöldin til að spyrja þær hvernig hann ætti nú að hafa næsta Skoda á litinn. Á Skoda verkstæðinu var beðið eftir Kristni til að sækja nýja bílinn og skila þeim eldri, sem var auðvitað eins og nýr. Svo mætti hann auðvitað alltaf á verkstæðið með stóran stafla af nýsteiktum pönnukökum.

Þabbi var mikill geðþrýðismaður, hann var alltaf virkur, lét sér ekki leiðast og hann bakaði og tók til hendinni. Honum auðnaðist að deyja svo falletta heima hjá okkur. Þannig var að einn daginn höfðum við ætlað í heimsókn til læknis en þá ákvað þabbi að leggja sig andartak út af í stofusófanum áður en við færum og hlusta á útvarpið smá stund. Hann sofnaði og vaknaði ekki aftur. Læknir, sem þarna kom að, sagði: „*Þarna fékk höfðingi að fara með reisin.*“

Starfslok, efri árin, ferðir og vináttan

Ég mátti hætta að vinna fyrir en ég gerði en ég hætti fastri vinnu 66 ára gömul og var þó með fjarkennslu til sjötugs og leysti kennara af þegar upp komu veikindi. Ég var ánægð með að þurfa ekki að slíta naflastrenginn í einum rykk og mega vinna lengur. Verkmenntaskólinn á Akureyri var eins og barnið mitt, ég tók þátt í stofnun hans frá upphafi, sá hann vaxa og dafna. Skólinn er góður vinnustaður, vinnufélagarnir skemmtilegir og mikill félagsskapur í kringum þau samskipti, þannig að ég átti nokkuð erfitt með að hætta. Í upphafi, þegar skólinn var stofnaður, stýrði ég hússtjórnarsviðinu en ákvað síðar að helga mig kennslunni, það er svo gaman að kenna. Öldungadeildina fékk ég reyndar líka í hendurnar í þrjú ár. Um þær mundir sem ég hefði getað hætt, var upplýsingatæknin öll að vakna með alla sína möguleika, það var margt nýtt að koma fram sem auðvelt var að nýta í kennslunni. Ég var sífellt að læra eitt-hvað nýtt og setja upp ný og spennandi námskeið, þetta var rosalega gefandi tími. Já, ég mátti hætta að vinna fyrir en ég gerði, en svo má líka segja að ýmis sjónarhorn hafi rekist á, við hjónin vildum líka gjarnan fá meiri tíma saman til að njóta lífsins á efri árunum. Nú eru 17 ár síðan ég hætti að vinna.

Þegar ég hætti að vinna þurfti ég aldeilis að hugsa mig um og átta mig á hvað ég vildi gera. Það fyrsta sem ég gerði var að fara á ljósmyndanámskeið. Það var skemmtilegt, langt og mikið námskeið. Ég gerðist félagi í Áhugaljósmyndaklúbbi Akureyrar, sem var gefandi. En fljótlega féll ég fyrir bútasaumnum. Í kringum hann er líka góður félagsskapur, einkonar klúbbur, sem í eru eingöngu konur, óvenju skemmtilegur félagsskapur. Við saumum saman einu sinni í mánuði, á laugardögum. Við höfum haft aðstöðu víða og þær eru líka frægar ferðirnar sem við höfum farið í og dvalið á Löngumýri í Skagafirði, komum þar gjarnan á fimmtudegi og vorum í 3-4 daga við saumaskap og mikla gleði. Það var setið og saumað og fjörið var með ólíkindum því það er svo skapandi að eiga við bútasauminn.

Það var fleira sem við hjónin gerðum eftir að ég hætti í föstu starfi. Við ferðumst mikið, eiginlega má segja að við höfum ferðast um allan heim en þó var dregin ákveðin lína. Helst þurftu þetta að vera golf- eða veiðiferðir, en við fórum reyndar líka í góðar

menningarferðir eins og sagt er. Við ferðuðumst til Egyptalands, Ísraels, Ástralíu, Nýja Sjálands, til Hawaii og víðar. En oftast fórum við til Skotlands og Írlands í veiði. Það er ævintýrlega skemmtilegt að veiða á Írlandi. Vinirnir okkar írsku búa skammt frá Belfast en veiðin fór mest fram á vesturströndinni, oft í stórum vötnum sem urðu fljótt gruggug ef hvessti svo að ekki var hægt að veiða. Þá var einfaldlega farið í endalausar skoðunarferðir þannig að næst á eftir Íslandi þekki ég Írland og Skotland best. Belfast er alveg heillandi borg með mikla sögu. Hún liggur eins og í stórrí grunnri skál þannig að ef þú stoppar í miðri borginni og lítur í kringum þig má sjá búfenað á beit á grösugum túnnum nema rétt þar sem skálin opnast til sjávar.

Vínáttan er mikið og merkilegt afl. Vínátta er væntumþykja. Hún kemur aldrei skýrar í ljós en þegar erfiðleikar steðja að. Það er alveg ljóst. Eins er mín reynsla sú að vínáttan styrkist enn frekar þegar við erum komin á efri ár. Þá vinnst gjarnan meiri tími til að sinna vinum. Fyrr á árum stofnuðum við vinirnir sælkeraklúbb og áttum skemmtilegar stundir, héldum góðar veislur. Ég á tvær möppur af matseðlum og myndum sem ná yfir 30 ára tímabil með góðum vinum. Þegar við vorum ekki orðin eins áhugasöm um eldamenskuna og áður fór þessi góði vinahópur að fara á fjöll saman. Þá var eins og matseðlarnir og möppurnar hefðu gleymst. Ein vinahjón okkar Gunnars, Edda og Vilhelm, þrautþekkingar allrar óbyggðir landsins, hafa farið víða og þekkingar vel alla gístmöguleika. Þau fóru með okkur mjög víða. Oft var gíst í 3-4 nætur í þessum ferðum. Þegar á leið fórum við að fara í auðveldari ferðir. Þá fórum við til Ísafjarðar, út á Font, til Borgarfjarðar eystra, á Strandir og í Þórsmörk þangað sem ekkert okkar hafði áður farið. Í þessum ferðum vorum við í nokkra daga í senn, seinni partinn í júlí. Þetta voru óskaplega skemmtilegar ferðir. Mér eru minnisstæðar stundir sem ég hef átt með sjálfri mér uppi við Gæsavötn. Þar á ég laut, þar tifar lækur, þar morar allt í ungum í hreiðrum, þar hef ég gengið og setið hugfangin í 19 stiga hita um miðnætti. Engin orð eru yfir þá sælu þegar við heillumst af náttúrunni.

Ég má til með að nefna aðra góða vinahópa. Þannig var að við vorum nokkrar konur sem tókum okkur saman og fórum að fara



Veidar. Margrét og Gunnar.

saman í veiði, einar, sem var mjög óvenjulegt á þeim tíma. Þetta var um 1985-6. Við vorum fjórar og fórum saman í tvo daga í ein tíu ár. Þá vorum við bara á maðki og spún en seinni hluta tímans vorum við farnar að veiða á flugu.

Við, kennaraskólahópurinn, hittumst líka reglulega og því fylgir alltaf mikil tilhlökkun. Við erum átta konur, förum í ferðir á hina ýmsu staði hér á landi, skoðum okkur um þar sem við erum hverju sinni. Tvær okkar sjá um matinn í hverri ferð, við klæðum okkur upp fyrir kvöldverðinn og syngjum skólasönginn. Þetta er svo ótrúlega skemmtilegt og fjörugt.

Gunnar var minn besti vinur. Það má spyrja hvernig ég tókst á við missinn, að missa minn góða eiginmann og vin. Það er alltaf högg þegar fólk fer. Ég tók þá ákvörðun strax að hella mér út í verkefni, selja húsið, losa það, það var gott að fara strax í þetta. Ég var svo heppin að Helga, dóttir mín, og Þorleifur voru laus við og hjálpuðu mér mikið.

Þannig var að Gunnar var iðinn við að hringja í mig úr vinnunni og mér fannst erindið oft ekki mikið. Hann spurði hvað ætti að vera í matinn, hvort hann ætti að koma við í búð og þess háttar. Mér

fannst þetta nú stundum svolítið þreytandi, svona símtöl um ekkert. En það er svo undarlegt að þegar hann var farinn saknaði ég þess svo sárt að hann hringdi ekki lengur. Ég sat stundum við símann, svona rétt eins og ég biði eftir að hann hringdi. Mér fannst líka alveg öm-urlegt að sitja ein og borða, missti bara matarlystina við að borða ein. En ég fann lausnina, ég fékk mér bara krossgátublað og hafði það við hliðina á disknum. Já, það eru þessi nánu tengsl sem rofna, hin daglega hversdagslega rútína er rofin, smáatriðin fara á skrið. Við höfðum verið svo mikið með gesti og veislur í gegnum tíðina. Ég hætti ekki að fá gesti en að vera allt í einu ein með allan undirbúninginn breytti miklu, það að gleðjast saman við undirbúninginn var ekki lengur til staðar. Það eru þessi smáatriði sem maður tekur varla eftir en eru þarna allt í einu og virðast býsna stór. Og svo þurfti að skipta um dekk, skipta um perur, þá lá við að ég kynni þetta ekki. En við áttum langan og skemmtilegan tíma saman og Gunnar fékk að fara án þess að kveljast eða liggja lengi á sóttarsæng. Það lánast ekki öllum að fara á þann hátt.

Nú um stundir finnst mér ég eiga gott líf, umkringd frábærri og góðri fjölskyldu og sérstaklega traustum vinum.

Kaup og sala á Oddeyrinni árin 1926 og 1927

Kjartan Ragnars er fæddur 27.09.1949 í Reykjavík. Hann lauk stúdentsprófi frá MA árið 1970 og embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1979. Árin 1979-1988 starfaði Kjartan á skrifstofu Tollstjórans í Reykjavík sem yfirlögfræðingur. Hann varð beraðsdómslögmaður árið 1982 og hæstaréttarlögmaður 1988. Frá árinu 1988 hefur Kjartan verið sjálfstætt starfandi lögmaður í Reykjavík og í Kópavogi. Kjartan er sonarsonur Ragnars Ólafssonar.



I. Oddeyrin árið 1926. Eignarhald. Skipulag í Akureyrarkaupstað.

Í hinn stórmyndarlegu ritröð *Saga Akureyrar* eftir Jón Hjaltason segir í IV. bindi, sem út kom árið 2004, frá viðskiptum með Oddeyrina árin 1926 og 1927. Frásögnin hefst á bls. 85 með fyrirsögninni „Oddeyrinni rænt“ og lýkur á bls. 100. Í grein þessari er átt við þetta IV. bindi, þegar vísað er í rit Jóns Hjaltasonar. Í grein þessari verður gert ráð fyrir, að áhugasamir lesendur, ef einhverjir eru, hafi kynnt sér ofangreinda umfjöllun í riti Jóns Hjaltasonar. Til hliðsjónar er umfjöllun bæjarblaðanna á Akureyri, einkum í nóvembermánuði og í byrjun desembermánaðar 1926, um mál þetta. Lesefni þetta er aðgengilegt á vefnum tumarit.is og má því lesa heima í stofu. Að jafnaði verður sérstökum tilvísunum í ofangreindar heimildir sleppt í grein þessari. Eins og fram kemur í bæjarblöðunum *Degi* og *Verkamanninum* frá þessum tíma sætti seljandi Oddeyrarinnar eða umboðs-

maður hans harðri gagnrýni fyrir þátt sinn í söluinni, en þó sérstaklega kaupandinn, Ragnar Ólafsson, bæjarfulltrúi. Töldu þessi blöð og fáeinir pólitískir andstæðingar Ragnars, að hann hefði með framferði sínu í sambandi við þessi kaup meðal annars misnotað aðstöðu sína sem bæjarfulltrúi og brotið trúnaðarskyldur sínar gagnvart bæjarfélaginu. Kröfuðust þeir þess afdráttarlaust, að Ragnar segði af sér sem bæjarfulltrúi vegna þessa.

Í sambandi við þessi Oddeyrarviðskipti árin 1926 og 1927 er rétt að rifja sérstaklega upp og minnst þess, að svo vildi til, að um það leyti, sem unnið var að nýju skipulagi fyrir Akureyrarkaupstað árin 1924-1927, sem fyrst og fremst fól í sér, að byggð í kaupstaðnum færðist í norður til Oddeyrarinnar, varð eigandi Oddeyrarinnar, erlent hlutafélag í Kaupmannahöfn, að því er virðist fyrir fjárhagslegum áföllum, sem leiddu til þess, að félaginu varð að slíta og þar með að selja allar eignir félagsins á Íslandi. Var vitað þegar í ársbyrjun 1926, að eignir félagsins, þar á meðal Oddeyrin, yrðu falboðnar innan skamms, einmitt um það leyti, þegar undirbúningur stórframkvæmda við nýjan miðbæ í Oddeyrarbót og hafnarmannvirki þar stóð sem hæst. Geta má nærri, að þessi skipulagsáform hafi haft áhrif á eftirspurn og verðmæti lóða og lóðaréttinda á þessu svæði og þá ekki síst samkvæmt 1. aðalskipulagi fyrir Akureyrarkaupstað, sem unnið hafði verið að í nokkur ár, er skipulagið öðlaðist formlega gildi 01.09.1927.

Undangengin ár hafði verið unnið í samræmi við þetta skipulag. Raunar lá fyrir þegar um aldamótin 1900 og jafnvel fyrr, að byggð á Akureyri mundi jafnt og þétt þokast í norður í átt að Oddeyrinni. Var þetta af landfræðilegum ástæðum og vegna staðháttu óhjákvæmilegt, eftir því sem íbúum bæjarins fjölgaði.

Eigandi Oddeyrarinnar á þessum tíma, árið 1926, var danskt hlutafélag, *Aktieselskapet De forenede Islandsforretninger*, eða *H/f Hinar sameinuðu íslensku verslanir*, skammstafað **HSIV** í grein þessari. Tilkynning, dagsett 12.05.1915, frá stjórn félagsins til firmaskrár, sem birtist í Stjórnartíðindum ársins 1916, hljóðaði svo:

„Hlutafélagið „De forende Islandsforretninger“ („Hinar sameinuðu íslensku verslanir“) er myndað af verslunum Gránufjelagsins og af verslunum Thor E. Tulinius‘, sem það heldur áfram, og

rekur þannig verslun og fiskiveiðar á Oddeyri við Eyjafjörð, á Siglufirði, á Haganesvík, á Grafarósi, á Sauðárkróki og á Austfjörðum, á Fáskrúðsfirði, Reyðarfirði, Eskifirði, Seyðisfirði og Borgarfirði. Samþykktir fjelagsins eru dags. h. 18. septemberm. 1912. Heimili fjelagsins og aðalskrifstofa þess er í Kaupmannahöfn. – Í samþykktum fjelagsins er hlutafjárhæðin talin kr. 430,000,00, en jafnframt er stjórn þess falið að eða heimilað að hækka þessa upphæð í kr. 500,000,00, og samkvæmt þessari heimild er hlutafjeð nú kr. 500,000,00, alt innborgað. Upphæð hlutabrefanna, sem eru stíluð á nafn, er kr. 1000,00. Auglýsingar til hluthafa verða birtar í Berlinga-tíðindum, eða í handföldum brjefum til hluthafa. Í stjórn fjelagsins eru stórkaupmaður [F.] Holme, ísl. kaupm. Thor E. Tulinius og stórkaupmaður H. H. Sthyr, allir í Kaupmannahöfn. Auk stjórnarinnar eru þrír framkvæmdastjórar, S. O. Larsen í Kaupmannahöfn og konsúlarnir Otto Tulinius á Akureyri og J. C. F. Arnesen á Eskifirði. Fjelagið rita tveir úr stjórninni í sameiningu, eða einn úr stjórninni og samkvæmt prókúru einn framkvæmdastjóranna í sameiningu. Prókúru hefir nú S. O. Larsen.

A/S. De forenede Islandsforretninger.

Köbenhavn, d. 12. Maj 1915

F. Holme. Thor E. Tulinius

Hans [H]. Sthyr.

Prokuristen vil tegne

pp. S. O. Larsen.“

Geta má þess, að á bréfháus félagsins var síðustu árin bætt við í danskt heiti félagsins í sviga fyrir neðan aðalheitið: (**Grána Selskabet's, Tulinius', Á. Ásgeirsson's og A/S Framtidin's Faktorier**). „Grána Selskabet“ vísar til **Gránufélagsins**, en sem kunnugt er urðu endalok Gránufélagsins þau, að Fritz Marius Holme (1837-1923), kaupmaður eða „grosserer“, búsettur í Frederiksberg í Danmörku, stærsti lánardrottinn félagsins, tók félagið upp í skuldir árið 1912. – „Tulinius“ vísar til Þórarins Erlends Tulinius (1860-1932), íslensks manns, sem átt hafði og rekið **Thorefélagið**, danskt hlutafélag, sem bar heitið **A/S Dampskipsselskapet THORE** og sem talsvert kvað að í upphafi 20. aldar í sjóflutningum á milli Íslands og meginlandsins, einkum Danmerkur. Þórarinn lét af störfum hjá félaginu árið 1912 og hætti þá öllum afskiptum af félaginu. Sjálfur átti Þórarinn hins vegar fimm verslanir á Íslandi, sem urðu stofnframlag hans til

HSIV árið 1912. – „Á. Ásgeirsson“ vísar til Ásgeirsverslunar á Ísafirði, sem **HSIV** keypti árið 1918 og sameinaði þegar verslunum **HSIV**. – „Framtíðin“ vísar til fyrirtækja eða hlutfélags Louis Zöllner (1854-1945), sem var danskur kaupsýslumaður og ræðismaður, búsettur í Englandi. Zöllner eða félag hans og fleiri, **Framtíðin hf.**, átti verslanir á Íslandi. **HSIV** keypti þessar verslanir árið 1921. Um leið varð Zöllner hluthafi í **HSIV** og tók þá jafnframt sæti í stjórn félagsins. Zöllner kemur eilítið við sögu í sambandi við kaup á Oddeyrinni árið 1926, eins og síðar verður greint frá.

Fremur lítið hefur verið ritað um starfsemi og umsvif **HSIV**, sem gegnir nokkurri furðu, því að félagið var, þegar best lét, langstærsti atvinnurekandinn á Íslandi. Meðal annars keypti félagið, auk Ásgeirsverslunar á Ísafirði, eignir á Norðfirði og víðar.

Reksturs félagsins gekk vel framan af. Árið 1924, jafnvel fyrr, fór þó að halla undan fæti. Frá þessu segir þegar í janúar 1925 í *Íslendingi* 16.01.1925, 4. tbl., bls. 4:

„Sameinuðu verzlarnar.

H.f. Hinar sameinuðu ísl. verzlarnir hafa átt við talsverða örðugleika að stríða undanfarið, og hafa hingað borist fregnir um upplausn eða félagsslit – jafnvel gjaldþrot væru yfirvofandi. Í síðustu fréttum er allt þetta borið til baka og engin hætta sögð lengur á ferðum.

Örðugleikar verzlanna hafa aðallega stafað af því, að aðalviðskiftabanki þeirra Disconto og Revisionsbanken í Khöfn fór á höfuðið síðastliðið sumar og lánardrottnarnir gengu með harðri hendi að skuldunautum hans. Verslanirnar höfðu jafnan staðið í skilum við bankann með greiðslur eins og um hafði verið samið, en um skuldalúkningu var þeim óhægt, því þó þær ættu mikið fé útstandandi, þá var ekki auðið að innheimta það á tiltölulega stuttum tíma.

Kom þá til orða að leysa upp félagið og selja eignir þess, og var boðað til hluthafafundar til þess að taka þar ákvörðun. Fundurinn varð ólögmatgur sakir ónógrar þátttöku, en formaður félagsins gaf þar skýrslu um hag og ástæður félagsins og var bjartsýnn á framtíðina. Boðað var til fundar að nýju og reyndist hann lögmatgur, var þar sú ákvörðun tekin, að félagið héldi áfram starfsemi sinni. Nokkrar af verzlunum félagsins, er verst höfðu borið sig, skyldu lagðar niður og eignir þeirra

seljast, en verzlánirnar, sem héldu áfram starfsemi skyldi auka og magna eftir því sem mest mætti verða.

Hinar sameinuðu ísl. verzlánir hafa verið einna stærstu atvinnurekendur hér á landi undanfarið, hafa þær stundum haft á annað þúsund manna í þjónustu sinni, og væri því skarð fyrir skildi hefði það spor verið stigið að leggja þær niður.“

Við þessa frásögn *Íslendinga* er það að athuga, að hafi **HSIV** jafnan staðið í skilum með greiðslur við bankann „eins og um hafði verið samið“, urðu skuldir félagsins við bankann ekki gjaldfelldar. Bankinn hefði því ekki getað krafist skuldalúkningar af þessum sökum, ef rétt er með farið í *Íslendingi*.

Ýmislegt er því óljóst um ástæður endaloka félagsins, ekki síst í ljósi þess, að árið 1924 var almennt talið hagstætt íslenskum atvinnufyrirtækjum. Vitað er þó, að bú viðskiptabanka félagsins í Kaupmannahöfn, **A/S Københavns Diskontobank og Revisionsbank**, var tekið til slitameðferðar árið 1924. Væntanlega hefur bankinn átt veð- eða tryggingarrétt í eignum félagsins á Íslandi eða jafnvel, sem er sennilegra, tekið yfir allar eignir **HSIV** á Íslandi. Er líklegt, að slitanefnd bankans hafi knúið á um, að allar eignir félagsins á Íslandi yrðu seldar hið fyrsta og að sú ákvörðun hafi átt sinn þátt í, hvernig fór fyrir **HSIV**.

Einhverjar tilraunir munu þó hafa verið gerðar til þess að varna gjaldþroti **HSIV** eða slitameðferð, enda var félagið ekki tekið til slitameðferðar fyrr en þremur árum eftir að rekstur viðskiptabanka félagsins í Kaupmannahöfn var tekinn yfir af slitanefnd, nánar tiltekið í mars 1927.

Á þessum tíma, í upphafi þriðja áratugar síðustu aldar, var eins konar bankakreppa í Kaupmannahöfn, enda urðu þá fleiri bankar gjaldþrota þar. Hefur það væntanlega torveldað **HSIV** að komast í viðskipti við annan eða aðra banka og þar með viðreisnarstarf félagsins. Formleg slitameðferð félagsins, sem á þessum tíma jafngilti að dönskum lögum gjaldþroti hlutafélags, hófst þó ekki fyrr en í mars 1927.

Gjaldþrot **HSIV** er því, enn sem komið er að minnsta kosti, að mestu hulið rökkurmóðu sögunnar. Væri verðugt verkefni fyrir sagn-

fræðing eða sagnfræðinema að rannsaka og rita sögu þessa fyrrum rísa í íslensku atvinnulífi og þá ekki síst hin skyndilegu endalok fyrirtækisins árin 1925-1927.

Í febrúar 1926 kom til landsins umboðsmaður eigenda eða öllu heldur umráðamanna eignanna, Harald Vestergaard (1898-1956), lögmaður. Umráðamenn eignanna voru samkvæmt símskeyti til bæjarstjórnans á Akureyri 23.10.1926: **KØBENHAVNS DISKONTOBANK OG REVISIONSBANK AKTIESELSKAP I LIKVIGATION** eða slitabú viðskiptabanka **HSIV**. Allir vissu, hverra erinda Vestergaard var, ekki síst Akureyringar, en Vestergaard var með fasta búsetu á Akureyri þann tíma, um það bil tvö og hálf t.ár, sem hann dvaldi hér á landi til þess að ljúka hinum umfangsmiklu og vandasömu erindagerðum sínum á Íslandi: að selja allar eignir, fastar og lausar, **HSIV** á Íslandi.

Til glöggvunar og samhengis vegna verður Oddeyrinni í grein þessari skipt í fjóra hluta, **Oddeyrarhluta I-IV**, sbr. til hliðsjónar ljósmynd af Oddeyrinni á bls. 99 í riti Jóns Hjaltasonar. Skipting þessi, sem er hugarsmið greinarhöfundar, er ekki nákvæm og miðast að mestu leyti við nýtingu Oddeyrarinnar og staðhætti þar á þessum tíma. Þá verður einnig stuðst við Fasteignamat Akureyrar 1930. Hæpið er að byggja á eldra fasteignamati, sem unnið var á árunum 1916-1918, þar sem það var fremur ófullkomið og lítt á því að byggja árið 1926, þótt það hafi þá verið formlega í gildi. Úr þessu var bætt verulega með fasteignamatinu 1930.



Harald Vestergaard.

Verðlag á þessum tíma var mjög stöðugt og að heita má óbreytt árin 1926-1930.

Þess ber og að gæta, að fasteignamat þetta hlýtur að hafa verið nokkur ár í vinnslu. Hins ber einnig að gæta, að fasteignamat er aðeins opinbert mat, í þessu tilviki þriggja einstaklinga, sem fasteignamatsnefndina skipuðu. Tveir þeirra koma mjög við

sögu í máli þessu: Böðvar Bjarkan, lögmaður, og Jón Sveinsson, bæjarstjóri og lögfræðingur. Þriðji nefndarmaðurinn var Einar Jóhannsson.

Fasteignamat þarf því ekki að endurspegla raunvirði eða sannvirði fasteigna, sem þess utan getur breyst til hækkunar eða lækkunar á skömmum tíma. Verðmæti fasteigna er þó ekki aðalatriði í grein þessari. Lýsingar á fasteignum í fasteignamatinu 1930 eru hins vegar gagnorðar og glöggar og hljóta í meginatriðum að eiga eins við fasteignirnar árið 1926 og árið 1930. Eiga þessar lýsingar því fullt erindi í grein þessa. Tekjur af eignunum í matinu 1930 miðast þó sennilega við árið 1929, fremur en árið 1930, og eru því væntanlega nokkru meiri þá en árið 1926 og mun meiri en tekjur af fasteignum í Bótinni, **Oddeyrarhluta II**, sbr. síðar.

Oddeyrarhluti I er vestan Glerárgötu. Sá hluti var ekki í eigu **HSIV** og kemur því lítið við sögu í viðskiptunum með Oddeyrina 1926, en hins vegar í málaferlunum 1926 um Oddeyrarhluta II. Þessi hluti Oddeyrarinnar var að mestu leyti í eigu Ragnars Ólafssonar árið 1926, sjá texta með ljósmynd á bls. 95 í riti Jóns Hjaltasonar.

Oddeyrarhluti II er lóðir og land í Oddeyrbót, einkum við Hafnarstræti og vestasta hluta Strandgötu ásamt fjöru- og „strand“-réttindum. Þessum hluta Oddeyrarinnar er í meginatriðum lýst með þessum hætti í fasteignamatinu 1930:

Fasteignarmat í Akureyrarkaupstað. – Nr. 272 [nr. 668 á vinnublöðum fasteignamats-nefndarinnar]. – Landspilda við Oddeyrabót. – Eigandi Hafnarsjóður Akureyrar. –

Mestur hluti landspildunnar er þegar útmældar lóðir, leigðar einstökum mönnum og virtar undir sjérstökum fasteignanúmerum. Út frá landinu liggja 2 hafskipabyrggjur, sem ekki eru teknar með í matinu. Tekjur af landspildu þessari eru nú sem stendur lóðarleigur fyrir útmældar lóðir, að upphæð ca kr. 10000.00 – Óútmælt land er ca 3-4000 fermetrar. [...] – 20. Fasteignamat: 1. Útmældar lóðir (þ. e. lóðaleigur virtar til höfuðstóls) kr. 186.000.00; Óleigðar lóðir 50.000.00.

Samtals kr. 236.000.00. – Fasteignarmatsnefnd Akureyrar í nóv. 1930.

Þessi hluti, **Oddeyrarhluti II**, – að minnsta kosti hluti hans,

sennilega meginhluti, – er sá hluti, sem tekist var á um í málaferlum á milli Akureyrarkaupstaðar og **HSIV** árið 1926. Þessi hluti Oddeyrarinnar, **Oddeyrarhluti II**, skipti Akureyrarkaupstað langmestu máli árið 1926 vegna fyrirhugaðra framkvæmda við nýjan miðbæ í kaupstaðnum og vegna bryggju- og hafnarframkvæmda þar.

Ráðgert hafði verið, að framkvæmdir þessar hæfust vorið 1926. Framkvæmdunum ákvað hins vegar bæjarstjóri Akureyrar snemma árs 1926 óvænt að fresta, þar sem hann hugðist fyrst fá viðurkenningu fyrir dómi á eignarrétti Akureyrarkaupstaðar á fjöru- og „strand“-réttindum í Bótinni og á lóðum við Hafnarstræti og Strandgötu.

Oddeyrarhluti III er landsvæði austan Glerárgötu að Oddeyrartanga og norðan Strandgötu eða norðan strandarinnar fyrir sunnan Strandgötu norður í Glerá. Þessi hluti Oddeyrarinnar, sem var langstærsti hlutinn í fermetrum talið og að stærstum hluta óbyggður, nema helst við Gránufélagsgötu og við Strandgötu og í grennd þessara gatna, var að mestu leyti í eigu **HSIV**. Er þessum hluta lýst svo í fasteignamatinu 1930:

Fasteignarmat. Í Akureyrarkaupstað. Nr. 498 [nr. 416 á vinnublóðum fasteignamatsnefndarinnar].

Oddeyrin. Eigandi Akureyrarbær. – Nokkur hluti af landinu er þegar útmældar byggingarlóðir, leigðar einstökum mönnum og virtar undir sjerstökum fasteignanúmerum. Að öðru leyti er landið sumpart ræktað sem tún (ca 1480 arar), að öðru leyti óræktað. Mikill hluti landsins er hentugur fyrir byggingarlóðir og samkvæmt skipulagi bæjarins verður aðalbyggingarhverfi bæjarins þar.

Tekjur af landi þessu eru nú sem stendur lóðaleigur fyrir útmældar lóðir, að upphæð ca kr. 6800.00.

Túnleigur kr. 1100.00. – Meðalárstekjur fyrir malartekju 2000.00. – Samtals kr. 9900.00. [...]

20. Fasteignamat: 1. Útmældar lóðir (þ. e. lóðartekjur virtar til höfuðstóls) Kr. 130.000.00 – 2. Landið að öðru leyti Kr. 100.000.00 – Samtals kr. 230.000.00 – Landsmatsnefnd 220.000.00. –

Fasteignarmatsnefnd Akureyrar í nóv. 1930.

Á þessum hluta Oddeyrarinnar, **Oddeyrarhluta III**, reyndi Böðvar Bjarkan að ná kaupum í septemberbyrjun 1926 til þess, að sögn



Ragnar Ólafsson 1927.

Mynd úr förum bófundar.

Böðvars sjálf, að áframselja Akureyrarkaupstað og að öllum líkindum einnig einhverjum eignum á Oddeyrartanga, **Oddeyrarhluta IV**, þá væntanlega ekki síst íshúsinu eða frystihúsinu, sem **KEA** hafði þegar sýnt mikinn áhuga, sbr. spjall þeirra Vilhjálmss Þórs, framkvæmdastjóra **KEA**, og Vestergaard, lögmanns, sem greint er frá í *Degi* 03.12.1926, 51. tbl., bls. 1.

Oddeyrarhluti IV er Oddeyrartanginn, nr. 476-498 og nr. 499-500 í fasteignamatinu 1930. Þar voru mannvirki, meðal annars bryggjur og uppsátur, og lóðir í eigu ýmissa aðila, einkum þessara: **HSIV**, Ragnars Ólafssonar, Akureyrarkaupstaðar, Carls Höepfner, H/f Shell á Íslandi, Antons Jónssonar, Einars Einarssonar og Steinólúverslunar Íslands.

Á Tanganum var einnig ca. 5,5 hektara landspilda í eigu **HSIV**. Þessa landspildu, ásamt öðrum fasteignum **HSIV** á Oddeyrartanga, undanskildi Ragnar Ólafsson í kaupsamningnum 31.01.1927 við Akureyrarkaupstað, og einnig hin sögufrægu Gránufélagshús, ásamt stórrí lóð og lóðarréttindum, þar á meðal fjöruréttindum, við Strandgötu 49.

Engar heimildir eða vísbendingar hefur greinarhöfundur fundið um, að Akureyrarkaupstaður hafi falast eftir þessum hluta Oddeyrarinnar árið 1926 eða þeim hluta, sem var í eigu **HSIV**. Telja má víst, að kaup á þessum hluta Oddeyrarinnar, **Oddeyrarhluta IV**, hafi verið Akureyrarkaupstað fjárhagslega ofviða, auk þess sem vandséð er, að kaupstaðurinn hefði nokkur not getað haft af þessum eignum á þessum tíma.

Jónas Þorbergsson, ritstjóri *Dags*, var hins vegar með einfalda lausn á þessu, en í *Dag* 09.12.1926, 52. tbl., bls. 1, ritar Jónas:

„Lögnám á Oddeyrartanga.

Við nýgengin eigendaskifti hefir Oddeyrin enn komist undir eignarumráð einstaks manns, eða einstakra manna. Áður var hluti af strandréttindunum seldur einstökum mönnum. Bærinn gerði tilraun að ná kaupum á eigninni, en mistókst, eins og nú mun vera orðið sæmilega kunnugt. En ástæða bæjarins, til þess að fá eignarumráðin í sínar hendur, er vitanlega enn sú sama. Fyrir því er réttmætt að spyrja: Hvað gerir bæjarstjórnin nú í málinu? Ætlar hún að stinga því undir koddann hjá sér næstu missirin? — Núver-

andi eigandi Oddeyrarinnar, Ragnar Ólafsson, hefir tjáð sig fúsan til þess að selja bænum það af Oddeyrinni, »sem hann hefði með að gera,« og með sanngjörnum kjörum. Þykjast menn vita, að R. Ó. líti svo á, að bærinn hafi ekkert með Tangann að gera. En við athugun sést, að þetta er misskilningur. Tanginn er meginhluti af höfn bæjarins og á fyrir þá sök að komast undir full umráð hans. Verðhækkun sú, sem fyrir vöxt bæjarins og fyrir tímanna rás verður á þessum hluta hafnarlóðanna, á ekki að lenda í vösum einstakra manna, heldur bærjarfélagsins alls. Fyrir því er bærjarstjórninni skylt, að leita eftir kaupum á allri eigninni og eigi sízt Tanganum. Og ef bærinn þykist ekki geta náð viðunandi samningum, ber að fara þess á leit við Alþingi, að það setji lög um eignarnám á þeim hluta Oddeyrarinnar, sem líklegt er að höfnin þurfi á að halda í framtíðinni. Og mat Tangans á að byggjast á nýgenginni sölu, ef það er ekki lögum samkvæmt, að það byggist á fasteignamati. Mat og lögnám á að fara fram strax, til þess að verðhækkun Tangans falli í eign bæjarins. – Dagur mun gera sér far um, að fylgjast með og skýra frá gerðum bærjarstjórnarinnar og bærjarstjórans í þessu máli.“

Í þessu sambandi ber að athuga, að samkvæmt 1. og 2. gr. þágildandi Hafnarlaga fyrir Akureyrarkaupstað nr. 68/1915 var þegar fyrir hendi ótvíræð og rúm eignarnámsheimild kaupstaðarins á hvers konar mannvirkjum og landi, sem þurfti til þess að gera „hafnarvirki og bryggjur“ o. fl. Um framkvæmd eignarnáms giltu á þessum tíma lög nr. 61/1917. Lagaheimildir til eignarnáms voru því þegar fyrir hendi. Skilyrði stjórnarskrár um „almenningsþörf“, sbr. 63. gr. þágildandi stjórnskipunarlaga nr. 9/1920, – eða „verðhækkun“ eignanna „fyrir vöxt bæjarins og fyrir tímanna rás“, eins og Jónas Þorbergsson orðar það í grein sinni, – hafa hins vegar örugglega ekki verið fyrir hendi. Eignarnámskrafa Akureyrarkaupstaðar á þeim grundvelli einum, að Tangaeignirnar mundu í framtíðinni hækka í verði, hefði þess vegna naumast nokkru sinni fengist viðurkennd, að minnsta kosti ekki að óbreyttu stjórnarskrárákvæðinu um vernd eignarréttarins, sbr. fyrrgreinda 63. gr. stjórnskipunarlaga nr. 9/1920 (nú 72. gr. stjórnskipunarlaga nr. 33/1944).

Ekki er vitað til þess, að Akureyrarkaupstaður eða Hafnarsjóður Akureyrar hafi nokkru sinni krafist eða þurft að krefjast eignarnáms á lóðum eða mannvirkjum á Oddeyrtanga.

Samkvæmt framangreindu var fasteignamat **Oddeyrarhluta II** og **III**, lóðanna eingöngu og lóðaréttinda, kr. 236.000 + 220.000, eða samtals **kr. 456.000**. Að auki voru aðrar útmældar lóðir, sem metnar voru undir öðrum númerum í fasteignamatinu 1930. Ekki er því fjarri lagi að ætla, að verðmæti þessara tveggja hluta Oddeyrarinnar hafi á þessum tíma verið ekki minna en **kr. 500.000**, sennilega nær **kr. 600.000**, að því gefnu að fasteignamatið hafi verið nærri söluverði.

Ragnar Ólafsson afsalaði Akureyrarbæ báðum þessum hlutum Oddeyrarinnar, **Oddeyrarhluta II**, eða að minnsta kosti verulegum hluta hans, og **Oddeyrarhluta III**, með kaupsamningi, dags. 31.01.1927. Var þetta samþykkt á fundi bæjarstjórnarinnar 27.01.1927 með átta samhljóða atkvæðum, þar á meðal með atkvæðum Erlings Friðjónssonar og Ingimars Eydal. Enginn greiddi atkvæði gegn tillögunni. Einn þeirra, Halldór Friðjónsson, sem þó kvaðst ekki andvígur kaupunum, sat hjá. Þetta sést ekki í fundargerðarbók bæjarstjórnarinnar, en kemur fram í grein Halldórs í *Verkamanninum* 01.02.1927, 9. tbl., bls. 1-2.

Kaupverðið, **kr. 120.000**, skyldi greiðast á 40 árum með jöfnum afborgunum höfuðstóls og vaxta, 6%, hinn 1. júlí og 31. desember ár hvert, **kr. 3.973,41** hvort sinn, eða samtals á ári **kr. 7.946,82**. Lánið var því jafngreiðslulán svokallað, sem þýðir, að árleg heildarafborgunarfjárhæð var óbreytt í krónum talið út lánstímann. Tekjur samkvæmt fasteignamatinu 1930 af lóðum þessum árið 1929, fremur en árið 1930, voru hins vegar þá þegar orðnar **kr. 10.000 + kr. 9.900** eða samtals **kr. 19.900**. Athuga ber þó, að tekjur af **Oddeyrarhluta II**, Bótinni, jukust mikið árið 1929, væntanlega að einhverju leyti eða jafnvel að talsverðu leyti vegna framkvæmda Akureyrarkaupstaðar í Bótinni árin 1927 og 1928.

Samkvæmt þessu liggur fyrir, að Akureyrarbær eignaðist þessa tvo hluta Oddeyrarinnar útlátalaust eingöngu vegna vaskrar framgöngu Ragnars Ólafssonar í málinu um haustið 1926 og þrátt fyrir að þrír kjörnir bæjarfulltrúar og ýmsir pólitískir andstæðingar Ragnars, auk bæjarstjórans, hafi, að minnsta kosti fyrst um sinn, gert allt, sem þeir gátu, til þess að spilla fyrir þessum hagstæðu málalokum fyrir Akureyrarkaupstað.

Vera má þó, að Akureyrarkaupstaður hafi þurft að greiða fáeinar þúsundir króna fyrstu tvö árin, árin 1927 og 1928, fyrir þessar eignir. Eftir það er hins vegar öruggt, að lóðatekjurnar eingöngu dugðu fyrir hinum föstu afborgunum af skuldinni vegna kaupverðsins, eins og nánar verður rakið síðar.

Verðgildi hinnar íslensku krónu var mjög stöðugt nánast allan 4. áratuginn. Í lok áratugarins tók verðgildi krónunnar hins vegar að rýrna, sérstaklega þó á 5. áratugnum eftir hernámið 1940. Eftir það rýrnaði verðgildi krónunnar jafnt og þétt, eins og kunnugt er, stundum mjög verulega. Af sjálfu leiðir, að afborganir af Oddeyrar-láni Akureyrarkaupstaðar rýrnuðu að sama skapi á sama tíma og ætla verður, að tekjur kaupstaðarins af Oddeyrinni hafi vaxið jafnt og þétt með vaxandi byggð á Oddeyrinni og með vaxandi umsvifum atvinnufyrirtækja þar, einkum á Oddeyartanga. Kreppan á 4. áratugnum breytir engu um dæmið í heild sinni.

Ljóst virðist, að frásögn Jóns Hjaltasonar byggir í meginatriðum á bæjarblöðunum þremur, sem út komu reglulega á þessum tíma á Akureyri. Blöð þessi, sem öll voru fyrst og fremst málöggn stjórn-málaafla, voru: *Dagur*, *Íslendingur* og *Verkamaðurinn*.

Höfundi ritraðarinnar er nokkur vorkunn að þessu leyti, því að djúpt er á hinum örfáu heimildum öðrum, sem til eru um mál þetta. Sumar þessar heimildir eru jafnvel enn ekki aðgengilegar, nú tæpri öld eftir atburði, og verða líklegast aldrei aðgengilegar, ef marka má núverandi vörslumenn heimildanna, fyrirsvarsmenn Kaupfélags Eyfirðinga, KEA, eða Norðlenska hf., eins og það mun víst heita nú.

Meðal annars hafði höfundur ritraðarinnar, Jón Hjaltason, ekki, – fremur en aðrir, sem ritað hafa um mál þetta, – undir höndum kaupsamninginn um eignirnar á milli Ragnars Ólafssonar og HSIV, dags. 18.09.1926. Án þessa kaupsamnings er hins vegar trauðla unnt að átta sig á sölufurlinu og viðskiptunum með Oddeyrina um haustið 1926 og í janúar 1927, ekki síst í ljósi hinnar villandi og að ýmsu leyti alröngu umfjöllunar um þetta sölufurli og þessi viðskipti í *Degi* og *Verkamanninum*.

Á þessa umfjöllun blaðanna tveggja er þess vegna naumast unnt að líta sem sögulegar heimildir, þar sem nánast öllu, sem máli skipti, var á hvolf snúið. Ekki leiðrétti bæjarstjórinn þessar frásagnir

blaðanna tveggja, heldur kynti þvert á móti undir með ýmsum undarlegum yfirlýsingum, sem auðvelt er að hrekja. Raunar bendir ýmislegt til, að bæjarstjórnin, og ef til vill aðrir, hafi matað bæjarblöðin á villandi upplýsingum um söluferlið á Oddeyrinni um haustið 1926, þar á meðal um lok málaferla Akureyrarkaupstaðar gegn **HSIV** í október 1926, sbr. misvísandi frásagnir um þessi mála- lok í *Verkamanninum* 30.10.1926, 75. tbl., bls. 1, og í *Íslendingi* 05.11.1926, 45. tbl., bls. 3. Fullvíst má telja, að ekkert bæjarblaðanna hefur fengið aðgang að kaupsamningnum, dags. 18.09.1926.

Ekki er því við höfund hinnar glæsilegu ritraðar að sakast, enda var kaupsamningi þessum ekki þinglýst á sínum tíma. Kaupsamningurinn virðist hvergi hafa verið aðgengilegur og var ekki til sýnis, ekki einu sinni Gísla Jónssyni, menntaskólakennara, er Gísli var ráðinn til þess að rita grein um Ragnar Ólafsson í *Lesbók Morgunblaðsins* í janúar 1972 í tilefni þess, að 25.11.1971 voru 100 ár liðin frá fæðingu Ragnars. Í grein þessari fjallaði Gísli allrækilega um þessi Oddeyrrarviðskipti 1926 og 1927, sem grundvölluðust á þessum kaupsamningi. Augljóst er af grein Gísla og umfjöllun hans um þessi viðskipti, að Gísli hefur ekki við samningu greinar þessarar í *Lesbók Morgunblaðsins* stuðst við þennan kaupsamning og hefur ekki fengið aðgang að þessu grundvallarskjali málsins. Hlaut Gísli því, eins og aðrir í hans sporum, að fara talsvert villur vegar í umfjöllun sinni um þessi Oddeyrrarviðskipti árin 1926 og 1927. Kaupsamningurinn leit þó dagsins ljós árið 1981 af sérstöku tilefni.

II. Umfjöllun um Oddeyrrarviðskiptin 1926-1927 í öðrum ritum.

Eilítið hefur verið sagt frá þessum viðskiptum um Oddeyrina 1926 í öðrum ritum. Eru þessar frásagnir allar ófullkomnar og að ýmsu leyti villandi, á köflum raunar mjög villandi. Sagan er aldrei sögð nema hálf og varla það. Bersýnilegt er, að enginn þeirra, sem um málið hefur fjallað, hefur reynt eða gefið sér tíma til þess að grafast fyrir um, hvað raunverulega gerðist í söluferlinu um Oddeyr-



Oddeyrin 1931. Loftmynd Vigfúsar Sigurgeirssonar. Sama mynd og á bls. 99 í riti Jóns Hjaltasonar. Ljósmyndadeild Minjasafnsins á Akureyri.

ina haustið 1926. Þá hafa af einhverjum ástæðum farið fram hjá öllum hin einstöku greiðslukjör Akureyrarkaupstaðar samkvæmt kaupsamningnum 31.01.1927 að ógleymdum tekjunum af hinum seldu eignum.

Kaupsamningurinn um Oddeyrina var sem fyrr segir ekki aðgengilegur. Önnur gögn, – sem ekki hafa verið athuguð sem skyldi, og sum reyndar alls ekki, – veita þó einhverja fræðslu um málið. Er þá átt við fundagerðarbækur bæjarstjórnar Akureyrar, og bréfa- og skeytasendingar bæjarstjórnans til umboðsmanns seljenda Oddeyrarinnar og húsbænda hans í Kaupmannahöfn í október og nóvember 1926. Loks eru skjöl úr dómsmálinu, sem bæjarstjórinn á Akureyri fyrir hönd Akureyrarkaupstaðar höfðaði gegn **HSIV** með sáttakæru dags. 09.06.1926, sbr. réttarstefnu dags. 09.07.1926, og sem lauk í októbermánuði 1926, í fyrsta lagi 08.10.1926 og í síðasta lagi 12.10.1926. Sem fyrr segir, var að heita má ekkert minnst á þetta dómsmál, um **Oddeyrarhluta II**, í bæjarblöðunum 1926, sem gegnir nokkurri furðu.

Dómabók eða dómabækur með síðustu réttarhöldum í málinu hafa ekki fundist. Enginn dómur eða úrskurður hefur heldur fundist

í málinu, ekki fremur en sátt. Langlíklegast er því, að málið hafi verið fellt niður án dóms eða úrskurðar 08.10.1926. Á Þjóðskjalasafni árið 2016 fannst hins vegar mappa með mörgum skjölum málsins, þó ekki nærri öllum. Enginn dómur, úrskurður eða sátt var þó í möppu þessari. Málið bar heitið: „Áreiðar- og vettvangsmálið: Bæjarstjórn Akureyrar gegn H/f hinar sameinuðu íslensku verslanir.“ Fyrsta réttarhald í málinu var 17.07.1926 og síðasta réttarhald 08.10.1926. Fyrir stefnanda, bæjarstjórn Akureyrar, flutti málið Jón Sveinsson, bæjarstjóri og lögfræðingur, en fyrir stefnda,



Jón Sveinsson.

Ljósmyndateild Minjasafnsins á Akureyri.

HSIV, Böðvar Bjarkan, lögmaður. Ýmis fróðleikur er í skjölum máls þessa, sem varða Oddeyrarviðskiptin árin 1926 og 1927. Ekki er þó unnt rúmsins vegna að fjalla frekar um þessi málaferli í grein þessari.

Verða nú raktar þær frásagnir um Oddeyrarviðskiptin 1926-1927, sem greinarhöfundur er kunnugt um:

- Í ritinu *Saga Akureyrar* (útgefin á Akureyri 1948) eftir Klemens Jónsson (1862-1930), sem Akureyrarbær gaf út, segir höfundur á bls. 59-62 frá álitum Eggerts Briem, sýslumanns, til amtmanns, sem beðið hafði um álit sýslumanns á, hvort til greina kæmi að flytja verslunarhús á Akureyri út á Oddeyri,

„[v]egna þess hve byggingarlóðin á sjálfri Akureyri í þrængstu merkingu var lítil, og nú alveg þrotin...“.

Í rækilegu álitum sýslumanns er þess meðal annars getið, að núverandi eigandi Oddeyrarinnar, Björn verslunarstjóri Jónsson, sem

einnig var þekktur sem ritstjóri og útgefandi *Norðra* og sem jafnframt rak prentsmiðju á Akureyri:

„... sje fús til að selja hana fyrir sama verð og hann keypti hana fyrir, nefnilega 300 ríkisdali; álití hann, að hið opinbera ætti að kaupa hana, þar sem kaupstaður sje enginn til ennþá (þ. e. sem sjerstakt bæjarfelag með eigin stjórn)“.

Ekki er fjarri lagi, að 300 ríkisdalir hafi á þessum tíma jafngilt 10-12 kýrverðum.

Álit sýslumanns var dagsett 31.01.1851, en þá var engin byggð á Oddeyrinni.

Á bls. 63 segir bókarhöfundur, Klemens Jónsson (1862-1930), fyrrum bæjarfógeti á Akureyri og sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu, sem á þessum tíma var talinn manna kunnugastur á Akureyri, loks um þetta:

„Úr Oddeyrarkaupunum varð þó ekkert í það sinn, til mikils skaða fyrir bæjarfelagið, er nú fyrir skemstu (1927) hefur orðið að kaupa hana fyrir 120 þús. kr. Það má merkilegt heita, að bæjarbúar, sem þó voru orðnir 200 að tölu, skyldu ekki skjóta saman þessari litlu upphæð, en ástæðurnar eru auðskildar; peningaleysi var þá alment; hvergi lán að fá, nema hjá einstökum ríkismönnum, er þó voru fáir, og um fram alt, engin eða lítil trú á framtíðinni, og því engin framsýni til. Akureyringum fór í þessu líkt og Reykvíkingum um sama leyti: Reykjavíkurbær átti þá kost á að fá keyptar Elliðaárnar fyrir lítið verð, en hafnaði því, og varð svo nokkrum áratugum síðar að kaupa þær fyrir tífalt verð, eða meira, og var þó bær fyrir með eigin stjórn, og allir helztu embættismenn búsettir þar.“

Samkvæmt formála *Sögu Akureyrar*, sem ritaður var 11.11.1948, lagði Klemens, sem talinn var vandvirkur fræðimaður, fram handrit sitt 05.08.1929. Af ofangreindri tilvitnun virðist þó mega ráða, að Klemens hafi ekki kynnt sér sérstaklega Oddeyrarkaup Akureyrarkaupstaðar í janúar 1927, aðdraganda kaupanna, greiðsluskilmála og tekjur af eignunum.

Athyglisverð í þessu sambandi er umfjöllun Klemensar á bls. 152-153 í *Sögu Akureyrar* um kaup Akureyrarkaupstaðar á Stóra-Eyryrlandi, ásamt hjáleigunum Barði og Hamarkoti, og jörðinni Kotá,

árið 1892. Kaupverðið var kr. 13.600. Landssjóður veitti 13.500 króna lán úr Viðlagasjóði svonefndum til þessara kaupa. Lánið var til 28 ára með 6% ársvöxtum. Lánið var jafngreiðslulán og var árleg afborgun höfuðstóls og vaxta kr. 810,00. Þótti ýmsum, einkum eldri borgurum, nóg um og töldu, að þessi kaup væru bæjarsjóðnum ofviða. Klemens fjallar sérstaklega um þessi kaup og vísar í þessu sambandi í frásögn í blaðinu *Stefni* 04.12.1894, 24. tbl., bls. 94:

„Eyrarlandskaupin virðast ætla að borga sig vel fyrir Akureyrarkaupstað. Eptir þeirri reynslu, sem fengin er [tekjur af eigninni þegar árið 1894 voru kr. 1185,77], eru allar líkur til, að árlegar beinar tekjur af jörðunum muni borga rentur og afborgun af jarðarverðinu, og er það ekki all-lítill gróði fyrir bæinn, auk ýmislegs annars beins og óbeins hagnaðar, er bæjarbúar hafa af jörðunum. Þeir, sem mest mæltu fram með jarðakaupunum, munu tæpast hafa gert sjer von um, að þau myndu gefast svona vel, en hvað munu þeir hafa hugsað, er börðust á móti þessu af alefli?“

Heita má undarlegt, að Klemens skyldi ekki setja Oddeyrarkaup Akureyrarkaupstaðar í årsbyrjun 1927 í sama samhengi og hann setti kaup Akureyrarkaupstaðar á Eyrarlandinu 1892 með framangreindri tilvitunun í blaðið *Stefni*.

Óþarft ætti að vera að fjölyrða um, að tekjur og tekjumöguleikar Akureyrarkaupstaðar árið 1926 og síðar voru miklu meiri af þeim hluta Oddeyrarinnar, sem kaupstaðurinn eignaðist með kaupsamningnum, dags. 31.01.1927, við Ragnar Ólafsson. Eini munurinn á greiðslukjörunum var sá, að jafngreiðslulánið vegna Oddeyrarinnar var til 40 ára, ekki 28 ára, og að lánveitandinn var ekki ríkissjóður eða sjóðir í eigu ríkisins, heldur seljandinn, borgari nokkur og kola-kaupmaður í Akureyrarkaupstað. Hlýtur það að hafa skipt Akureyrarkaupstað miklu máli á þessum tíma, því að þar með hlýtur Akureyrarkaupstaður að hafa átt mun meiri lánsfjármöguleika hjá ríkissjóði og Landsbankanum eða Veðdeild bankans. Þess utan upplýsti bæjarstjórinn í september 1927, að honum hefði ekki tekist að útvega Akureyrarkaupstað lán fyrir þessum kaupum, – eftir að þótt hafa reynt að festa kaup á eigninni árinu áður.

Hugsanlegt er þó, að bæjarstjóranum hafi verið synjað um þessa lánafyrirgreiðslu, þar sem bærinn gat fjármagnað kaupin að fullu með láni frá seljandanum. Í þessu sambandi ber að minnast þess, að þrátt fyrir þokkalegan efnahag Akureyrarkaupstaðar á þessum tíma var lánsfjárþörf kaupstaðarins árið 1927 mjög mikil vegna hinna miklu framkvæmda, sem fyrirhugaðar voru. Sumar þessara framkvæmda voru mjög brýnar. Jafnframt ber að minnast þess sérstaklega, að framboð lánsfjár á þessum tíma var að jafnaði mjög lítið, eins og það var raunar fram eftir síðustu öld.

- Í þætti af Ragnari Ólafssyni eftir Gísli Jónsson, menntaskólakennara, sem birtist í *Lesbók Morgunblaðsins* 16.01.1972 í tilfni þess, að 25.11.1971 voru liðin 100 ár frá fæðingu Ragnars, fjallaði Gísli um þessi viðskipti með þessum hætti:

„9. ODDEYRARKAUPIN

Á rústum Gránufélagsins risu Hinar sameinuðu íslensku verzlanið og tóku meðal annars í arf hvorki meira né minna en alla Oddeyrina með ýmsum húsum og mannvirkjum, svo sem bryggjum á Tanganum.

Ekki gat farið hjá því, að stjórnendur Akureyrarbæjar munaði í þessar eignir, og þá ekki sízt byggingarlóðirnar. – Ragnar Ólafsson var þeirrar skoðunar, að þær ætti bærinn að eignast og strandlengjuna upp með Oddeyrinni, en hefði ekkert að gera með bryggjur, frystihús eða önnur mannvirki til atvinnurekstrar. Svo var komið árið 1926, að Hinar sameinuðu ísl. verzlanið voru orðnar á vegum banka nokkurs í Kaupmannahöfn, og sendi hann hingað upp til Akureyrar fyrir sína hönd Harald [V]estergaard málafærslumann til að ráðstafa eignunum. Frá bæjarins hálfu var óformlega eftir kaupum leitað, en ekkert ákveðið kautilboð gert, en bæði Ragnar Ólafsson og Böðvar Bjarkan a.m.k. lögðu fram kautilboð. Bæjarstjóri Akureyrar, Jón Sveinsson, mun hafa talið sig standa í samningum við [V]estergaard, en hinum síðarnefnda þótt tiltækiligast að selja Ragnari Ólafssyni allar eignirnar, en lét það ekki jafnskjótt uppi og kaupin voru gerð. En þegar það spurðist, að kaupin væru útkljáð við Ragnar, varð mikið fjaðrafok á Akureyri. Taldi bæjarstjórnin að [V]estergaard hefði beitt bæinn gabbí og gerræði, og á borgarafundi var felld með litlum atkvæðamun tillaga um að vísa honum úr bænum. Þá beindust spjótin mjög að Ragnari,

en ekki keppinautum hans, sem beðið höfðu lægra hlut í kaphlaupinu um hnossið. Litlu síðar seldi Ragnar bænum eignir þessar að undanskildum Tanganum, og voru kaupin og kjörin samþykkt einróma í bæjarstjórn. Kaupfélagi Eyfirðinga seldi hann hins vegar miklar eignir á Tanganum. Ekki er mér kunnugt, hvort hann hefur miklu aukið við auðlegð sína með þessum síðustu stórviðskiptum, er hann gerði.“

Við þessa frásögn Gísla er ýmislegt að athuga. Engar heimildir hafa fundist um þennan áhuga fyrirvarsmanna Akureyrarkaupstaðar að eignast „alla Oddeyrina“ á þessum tíma. Tiltækar heimildir benda til þess eins, að bærinn hafi hugsanlega viljað, – og þá, að því er ætla verður, fyrir milligöngu Böðvars Bjarkan, lögmanns á Akureyri, ekki bæjarstjórans á Akureyri, eins og Gísli byggir á, og reyndar einnig Jón Hjaltason og bæjarblóðin *Dagur* og *Verkamaðurinn*, – kaupa byggingarlóðir austan Glerárgötu að Oddeyrtanga og norðan Strandgötu, eða norðan strandarinnar sunnan við Strandgötu, að Glerá, eða **Oddeyrarhluta III** samkvæmt framangreindri skiptingu greinarhöfundar. Lóðir og lóðaréttindi, fjöru- og „strand“-réttindin í Oddeyrbót, **Oddeyrarhluta II**, sem þá skipti Akureyrarkaupstað langmestu máli, hugðist bæjarstjórinn sem fyrr segir ná af **HSIV** með málsókn eða dómsúrskurði, eins og frá hefur verið greint. Gísli nefnir hins vegar ekki þessi málaferli í grein sinni, ekki fremur en aðrir, sem um málið hafa fjallað, ef frá er talinn Jón Hjaltason.

• Í bókinni **ÍSLENSKIR ATHAFNAMENN III – ÞEIR SETTU SVIP Á ÖLDINA**, útgefinni í Reykjavík 1989, undir ritstjórn Gils Guðmundssonar, er grein eftir Guðjón Friðriksson, sagnfræðing, um Ragnar Ólafsson. Þar segir um Oddeyrarviðskiptin á bls. 210-211:

„Umdeildasta atvikið í fjármálasýslu Ragnars voru kaupin á Oddeyrinni árið 1926, en þau ollu miklu fjaðrafoki í bænum. Oddeyrin hafði verið eign Gránufélagsins, en þegar félagið lagði upp laupana komust þessar miklu eignir, land, verslunarhús og bryggjur, í eigu Hinna sameinuðu íslensku verslana. Á þessu ári var svo komið að eignir verslananna voru komnar algerlega í hendur Revision- og Di[s]contobankans í Kaupmannahöfn. Bankinn sendi lögfræðing, Harald nokkurn [V]estergaard, til Akureyrar til að selja þær. Eins og gefur að skilja vildi Akureyrbær gjarnan komast yfir hinar verðmætu byggingalóðir á Oddeyri, en hafði minni áhuga á mann-

virkjum þar. Jón Sveinsson bæjarstjóri mun hafa þreifað fyrir sér um kaup, en samtímis komu tveir einstaklingar, Ragnar Ólafsson og Böðvar Bjarkan, með kaupsboð, en sá síðarnefndi mun hafa verið á snærum Kaupfélags Eyfirðinga.

Snemma í nóvember þetta ár kom það síðan eins og þruma úr heiðskíru lofti í bæjarstjórnina, að Ragnar hefði fyrir alllöngu gengið frá kaupum á Oddeyri. Jón Sveinsson bæjarstjóri taldi að [V]estergaard lögfræðingur hefði dregið sig og bæjarfulltrúa á asnaeyrum í málinu.

Í bæjarstjórn var samþykkt með sex atkvæðum af ellefu eftirfarandi ályktun:

„Lætur bæjarstjórnin undrun sína og gremju í ljós yfir úrslitum þessa máls, og telur hún, að bærinn sé gabbí og gerræði beittur í málinu, þar sem bæjarstjórn sé bægt frá, að gera tilboð um kaup á eignunum.“

Ragnar, sem átti þá sæti í bæjarstjórn, sagði hins vegar í blaðaviðtali að hann teldi að bærinn hefði ekkert með eignir Hinna sameinuðu íslensku verslana að gera að undanskildum byggingalóðum og strandlengjunni upp með Oddeyri og hefði hann aldrei farið dult með þá skoðun sína. Þann hluta, sem bærinn þyrfti á að halda, væri hann fús til að selja honum aftur með sanngjörnum kjörum.

Borgarafundur var haldinn um málið og var þar hiti í mönnum og æsingar miklar. Ragnar tók til máls og ásakaði bæjarstjóra og bæjarstjórn fyrir ódugnað og andvaraleysi um það, að ná fyrir bæjarins hönd kaupum á Oddeyrinni. Hann sagði tilraunir bæjarstjóra til þess ekki hafa byrjað fyrr en kaupin við sig voru fullgerð. Dagur hélt því fram að engin dæmi væru þess að slík andúðaralda hefði risið gegn nokkrum manni eins og risin væri gegn Ragnari Ólafssyni út af Oddeyrarkaupunum. Íslendingur gerðist hins vegar málsvari Ragnars og kvað fáa hafa orðið vara við þessa andúð. Bent var á að hinn danski banki væri nær gjaldþrota og þyrfti að selja eignirnar fljótt fyrir sem hæst verð, en bæjarfélagið hefði lítið fjárhagslegt bolmagn til kaupanna. Litlu síðar seldi Ragnar bænum mestalla Oddeyri að undanskildum sjálfum Tanganum og einum þremur túnnum og einnig seldi hann Kaupfélagi Eyfirðinga miklar eignir þar. Munu deilurnar þá skjótt hafa gengið niður.

Átökin um Oddeyrarkaupin snerust mikið um persónu Ragnars Ólafssonar, en minna um keppinauta hans um eignirnar svo sem Böðvar Bjarkan. Ragnar hafði breiðast bakið og þeir

flokkar manna, sem voru andsnúnir honum, litu á hann sem aðalandstæðing sinn í bæjarstjórn.“

Við þessa frásögn Guðjóns, og reyndar fleiri, er það að athuga, að afskipti eða aðild Ragnars Ólafssonar að Oddeyrarviðskiptum 1926 og 1927 geta ekki talist hafa verið umdeild, ekki fremur en viðskipti hans og umsvif almennt þá tvo áratugi, sem Ragnar hafði rekið sitt eigið fyrirtæki á Akureyri, eftir að hafa verið framkvæmdastjóri Gránufélagsins árin 1903-1906. Til Akureyrar flutti Ragnar, ásamt eiginkonu sinni, árið 1902. Af samtímaheimildum verður ekki annað ráðið en að sæmilegasti friður hafi að jafnaði ríkt um Ragnar þrátt fyrir nokkra fyrirferð hans í atvinnulífi bæjarins og í bæjarpólitíkinni og að hann hafi fremur reynt að setja niður deilur en að stofna til þeirra. Ef marka má eftirmæli um Ragnar, hefur hann verið talinn maður áreiðanlegur og heiðarlegur.

Hitt er rétt, að örfáum pólitískum andstæðingum Ragnars, auk þáverandi bæjarstjóra á Akureyri, tókst með blekkingum og leikarskap að þyrlla upp moldviðri vegna aðildar Ragnars að þessum viðskiptum. Þetta moldviðri gekk þó fljótt yfir og stóð aðeins í nokkrar vikur í nóvembermánuði og fyrstu daga desembermánaðar 1926, og þá aðallega í tveimur bæjarblöðum á Akureyri. Einnig var tekist á um þessi viðskipti á borgarafundi svonefndum 04.11.1926, sem pólitískir andstæðingar Ragnars efndu til, þar sem fundarmenn skiptust þó í tvær fylkingar.

Er rykið hafði sest og málið hafði verið upplýst skömmu síðar, mun það hafa verið samdóma álit samtíðarmanna Ragnars, að minnsta kosti þeirra, sem eitthvað til málsins þekktu, að Ragnar hafi haft mikinn sóma af þessum viðskiptum, sem á sína vísu hljóta að teljast einstök. Til marks um þetta eru til dæmis ummæli Steinþórs Guðmundssonar, skólustjóra og bæjarfulltrúa, í grein, sem hann ritaði í *Verkamanninn* 24.08.1929, 69. tbl., bls. 1, sem ber heitið „Búskapur bæjarins“. Þar segir Steinþór meðal annars:

„Eina eignin, sem ekki stendur ennþá fyllilega straum af því láni, sem á henni hvílir, er Oddeyrin. En þess ber að gæta, að til þeirrar eignar telst fjöldi af óbygðum lóðum, sem óðum eru að byggjast,

svo að þegar á þessu ári verða tekjur af eigninni sjálfsagt meiri en fyrir vöxtum og afborgunum, og eiga fyrir höndum að vaxa geysilega mikið hér eftir, svo því fer fjarri, að eign þessi sé ómagi á bænnum.“

Steinþór var á þessum tíma flokksbróðir þeirra Friðjónssona og var kjörinn í bæjarstjórn Akureyrar í janúar árið 1927. Hann tók þegar sæti í fjárhagsnefnd bæjarins, enda var Steinþór talinn glöggur fjármálamaður.

Þá fær ekki staðist, að komið hafi eins og þruma úr heiðskíru lofti í nóvember 1926, er það vitnaðist, að Ragnar hefði þá þegar eða fyrir „allöngu“ keypt Oddeyrina. Allir hlutu að vita, að sölufurlinu hlaut að hafa lokið í síðasta lagi einhvern tíma síðari hluta septembermánaðar 1926, fremur þó fyrri hluta mánaðarins. Einhver kaupandi hlaut að vera að eignunum. Ef kaupandinn var ekki **KEA**, með eða án þátttöku **SÍS**, hver annar kom þá til greina en Ragnar Ólafsson? Varla Akureyrarkaupstaður.

Vitað var, að Vestergaard lögmaður óskaði eftir tilboðum í Oddeyrina í ágústlok 1926. Einnig var vitað, að Vestergaard setti áhugasömum kaupendum tilboðsfrest. Ekki er vitað, hvenær þessi frestur rann út, en vitað er, að Böðvar Bjarkan, lögmaður, gerði Vestergaard tilboð í Oddeyrina „tímanlega“ 05.09.1926. Tilboðsfresturinn hefur því verið allrúmur, líklega 10-14 dagar. Bæjarstjórinn hefði því tímans vegna átt að geta gert tilboð í Oddeyrina eða þann hluta hennar, sem hann ætlaði bænnum að kaupa í þessu sölufurli.

Þá hlýtur hins vegar að vakna spurningin: Hvaðan kom bæjarstjóranum heimild til þess að gera bindandi tilboð í Oddeyrareignir? Öruggt mál er, að bæjarstjórinn mátti ekkert aðhafast í þessu máli með bindandi hætti fyrir Akureyrarkaupstað án heimildar bæjarstjórnarinnar. Um málið hafði þó aldrei verið fjallað í bæjarstjórn Akureyrar. Svo var ekki gert fyrr en 12.10.1926. Þá, en þá fyrst, um það bil einum mánuði eftir að tilboðsfresturinn rann út, fékk bæjarstjórinn heimild bæjarstjórnarinnar til þess að reyna að ná kaupum á eignunum. Þá var eignin hins vegar þegar seld. Engar ráðstafanir höfðu heldur verið gerðar til þess að afla fjár til þessara kaupa.

Er samkvæmt þessu jafnvel hugsanlegt, að Akureyrarkaupstaður hafi alls ekki ætlað sér að reyna að ná kaupum á Oddeyrareignum í þessu söluferli í septembermánuði 1926? Svo mikið er að minnsta kosti víst, að engar skjalfestar heimildir eru tiltækar um það.

Þegar fyrir lá einhverjum dögum síðar, að tilboði Böðvars Bjarkan var ekki tekið eins og Böðvar skýrir sjálfur frá í *Íslendingi* 19.11.1926, hlaut Vestergaard að hafa tekið einhverju öðru tilboði. Ef ekki KEA hafði keypt eignirnar, með eða án milligöngu Böðvars og með eða án þátttöku SÍS, kom aðeins einn annar kaupandi til álita: Ragnar Ólafsson.

Annað mál er, að Ragnar bað Vestergaard um að skýra ekki frá kaupunum eða efni kaupsamningsins fyrst um sinn. Vestergaard varð við því. Slíkt er alþekkt, að samningsaðilar flýti sér ekki að skýra frá einstökum atriðum í stórvíðskiptum. Ekkert þarf að vera óeðlilegt við það.

Af þessu verður vitaskuld ekki ályktað, að Ragnar hafi talið, að enginn vissi af þessum kaupum hans eða að þau mundu ekki spyrjast um leið og tilboðsfrestur var útrunninn. Hann, eins og aðrir, hlýtur að hafa gert sér grein fyrir, að þögn umboðsmanns seljandans eða Ragnars sjálfs breytti engu um þetta í hinu fámenna bæjarfélagi. Að minnsta kosti hljóta hlutaðeigandi að hafa velt fyrir sér, að liðnum tilboðsfrestinum, hverjar orðið hefðu lyktir málsins. Ef eignirnar voru ekki áfram til sölu að liðnum tilboðsfrestinum, hlutu þær þá ekki að hafa selst í þessu söluferli í septemberbyrjun 1926?

Þessa þögn þóttust bæjarstjórinn og bandamenn hans, einkum Ingimar Eydal og Jónas Þorbergsson, hins vegar geta túlkað svo, að eignin væri enn óseld, þrátt fyrir frásögn Böðvars Bjarkan 05.09.1926, – eða um það leyti, sem Böðvar reyndi að ná kaupum á Oddeyrinni eða hluta hennar, – eftir Vestergaard sjálfum, að von væri á tilboði í Oddeyrina og í eignir seljandans á Siglufirði „... fyrir svo hátt verð, að eigendur eignanna teldu ekki rétt, að hafna því boði“.

Þessi viðbrögð, – eða öllu heldur látalæti, – bæjarstjórans, Ingimars Eydal og Jónasar Þorbergssonar, að hafa ekki vitað af kaupunum í september 1926, verða þess vegna ekki tekin alvarlega. Þeir, eins og aðrir, hlutu að vita, að þögn Vestergaard, eftir að tilboðs-

frestur var runninn út, hlaut að benda til þess, að eignin væri seld, þó að Vestergaard hafi ekki getað tjáð sig um málið fyrst um sinn. Spurðu þessir menn annars aldrei Ragnar Ólafsson, hver orðið hefðu afdrif kauptilrauna hans? Töluðu menn ekki saman á Akureyri á þessum tíma, ekki einu sinni kjörnir bæjarfulltrúar eða til dæmis málflytjendur? Eða hélt hinn þaulreyndi lögmaður Böðvar Bjarkan, að Vestergaard væri í byrjun septembermánaðar 1926 að plata hann með frásögninni um hið væntanlega tilboð í Oddeyrina og eignir á Siglufirði, sem eigendur eignanna ætluðu að taka? Vestergaard hlýti þá að hafa verið orðinn sturlaður og alls ófær um að gegna hinu vandasama starfi, sem húsbændur hans í Kaupmannahöfn höfðu falið honum.

Með þessum upplýsingum umboðsmanns seljandans í byrjun septembermánaðar 1926 hlutu þess vegna allir þeir, sem að málinu höfðu komið, þar á meðal bæjarstjórinn, að gera sér grein fyrir, að Oddeyrin var seld og því þýðingarlaust að eltast frekar við umboðsmann seljandans. Aðrar ályktanir urðu einfaldlega ekki dregnar af þessari frásögn umboðsmannsins og síðar þögn hans og loks ekki síst hinu, að eignirnar voru ekki lengur til sölu.

Öðru máli hlýtur að hafa gegnt um um þann hluta Oddeyrarinnar, **Oddeyrarhluta II**, sem málaferlin stóðu um einmitt á þessum tíma og raunar sem hæst, í septembermánuði og í byrjun októbermánaðar 1926. Líklegt má telja, að bæjarstjórinn og nótar hans hafi talið, að sá hluti Oddeyrarinnar yrði ekki seldur fyrr en að gengnum dómi eða úrskurði í málinu og að þeir hafi þess vegna ekki velt þessu mikið fyrir sér fyrr en dómur eða úrskurður lægi fyrir. Hefði dómur í máli þessu fallið Akureyrarkaupstað í vil, var hagsmunum bæjarins borgið í bili. Akureyrarkaupstað lá ekkert á að eignast landið austan Glerárgötu og norðan Strandgötu og Gránufélagsgötu, **Oddeyrarhluta III**. Bærinn varð hins vegar að eignast lóðir og réttindin í Oddeyrarbót, **Oddeyrarhluta II**, sem málaferlin voru um, strax, og þótt fyrr hefði verið, til þess að geta byrjað á hinum miklu framkvæmdum, sem þar höfðu verið ákveðnar þegar árið 1924.

Þar hefur þeim þó skjáttast, eins og kaupsamningurinn 18.09.1926 ber með sér. Í kaupsamningnum er beinlínis tekið fram,

að kaupanda sé kunnugt um málaferli þessi, sjá lokamálslið 1. gr. A í kaupsamningnum:

„Køberen er bekendt med, at der af Akureyri Købstad er anlagt Sag mod Sælgerne angaaende Ejendomsret til et Grundstykke ved Stranden og angaaende Strandretten“.

Ragnar Ólafsson var því orðinn eigandi að þessum eftirsóttu réttindum í Bótinni þegar með kaupsamningnum 18.09.1926, þótt afhending eignanna færi ekki fram fyrr en 01.01.1927. Ekkert ákvæði er í kaupsamningnum um, að úrslit dómsmáls þessa mundu breyta kaupverðinu eða forsendum kaupsamningsins. Bendir þetta eindregið til, að Ragnar hafi þá þegar verið ákveðinn í að afsala Akureyrarkaupstað þessum hluta Oddeyrarinnar á þessum tíma, eins og raunin varð síðar.

- Í *Alþýðumanninum* 17.12.1992 ritar Finnur Birgisson, fyrrum skipulagsstjóri Akureyrar, grein um Gránufélagið og Gránufélagshúsin við Strandgötu 49. Þar segir meðal annars:

„Þegar Gránufélagið leið undir lok árið 1912, komust eignir þess í hendur Hinna sameinuðu íslensku verslana, þar á meðal Oddeyrin. „Árið 1926 kom hingað danskur lögmaður til að ganga frá sölu á þessum eignum, en þær voru á vegum banka eins í Kaupmannahöfn. Bæjarstjórn hafði áhuga á kaupum, en málið lenti í þófi og fór svo að Ragnar Ólafsson konsúll keypti eignina. Þóttist bæjarstjórn hlunnfarin af hinum danska lögmanni og urðu töluverðar æsingar um málið.“

Kaupsamningur Ragnars og lögmannsins var undirritaður 18. september 1926 og örfáum mánuðum síðar eða 31. janúar 1927 er undirritaður samningur um kaup Akureyrarbæjar á eigninni, að undanskilinni verslunarlóð Gránufélagsins og nokkrum öðrum skikum. Einmitt um þessar mundir var verið að fjalla um tillögu að fyrsta aðalskipulagi Akureyrar og er sennilegt að það hafi orðið hvatning til lóðabrask af þessu tagi.

1939 keyptu tveir járnsmiðir, Gunnlaugur S. Jónsson og Jón Þorsteinsson, Gránufélagshúsin af dánarbúi Ragnars Ólafssonar og fjórum árum síðar tók Vélsmiðjan Oddi til starfa þar og er þar enn.“

Tilvitnunin í grein Finns er í ritið *Bæirnir byggjast*, útgefið 1982, eftir Pál Línadal.

- Árið 2009 kom út mikið rit á vegum Siglingastofnunar eftir Kristján Sveinsson, sem ber heitið *Íslenskar hafnir og hafnargerð*. Þar segir meðal annars um hafnarframkvæmdir á Akureyri og Oddeyri:

„Árið 1903 var bryggjan við Akureyri lengd og settur á hana bryggjuhaus sem m.a. var gerður úr skrokki af frönsku fiskiskipi sem keyptur var í þessum tilgangi. Einnig var hafin smíði bryggju á Torfunefi út af Oddeyri sem gerð var með uppfyllingu og staurapili en svo illa tókst til við gerð hennar að þilið sprakk fram undan eigin þunga í ágúst 1905, daginn eftir að hún var vígð.³ Eftir þessar ófarir var leitað til Thorvald Krabbe verkfræðings um hönnun hafnarmannvirkja á Torfunefi og árið 1907 lauk smíði bryggju þar sem gerð var eftir fyrirsögn hans úr timburþili og fyllingu.⁴ Svonefnd Ytri-Torfunefsbyggja var byggð á árunum 1927-1928⁵ og þannig staðsett að bátakví varð til sem afmarkaðist af Torfunesbyggjunum. Á Akureyrinni voru bryggjurnar einnig látnar mynda kví. Þar var grunnt, en kvíin nýttist sem bátahöfn.⁶

Það tafið fyrir því að ráðist væri í hafnarframkvæmdir á Akureyri að eignamenn þar bröskuðu með lendur á hafnarsvæðinu á Oddeyri sín á milli, en í janúar 1927 eignaðist Akureyrarbær hafnarlandið og var þá hægt að taka til við nauðsynlegar hafnarbætur sem fólust í því m.a. að dýpka verulega við hafnarmannvirkin á Oddeyri og í skipakvínni. Útvegaði Vitamálaskrifstofan danska dýpkunarskipið *Uffe* til þeirra verka og dældi skipið upp efni af hafsbotninum á hafnarsvæðinu sem meðal annars var notað til að gera uppfyllingu í Torfunefsbót.⁷ Auk þess að hafa milligöngu um leiguna á dýpkunarskipinu sáu verkfræðingar Vitamálaskrifstofunnar um hönnun hafnarmannvirkjanna og Krabbe notaði sambönd sín erlendis til að útvega hafnarsjóði Akureyrar efni af ýmsu tagi til hafnargerðarinnar.⁸

Enn, árið 2009, er rangt farið með grundvallaratriði málsins, „... að eignamenn þar bröskuðu með lendur á hafnarsvæðinu á Oddeyri sín á milli“ og að brask þetta hafi tafið fyrir hafnarframkvæmdum á Oddeyri.

Hið rétta er, að fyrir forgöngu eins borgara á Akureyri gátu framkvæmdir við hafnargerðina á Oddeyri hafist um vorið 1927, eftir að þeim hafði verið frestað að óþörfu árið 1926 vegna vanhugsaðra aðgerða eða aðgerðaleysis bæjarstjórans á Akureyri fyrir hönd bæjarstjórnarinnar.

III. Kaupsamningarnir 18.09.1926 og 31.01.1927.

Peir, sem við sögu koma í máli þessu eða deilu, ef deilu skyldi kalla, í nóvember og desember 1926, voru þessir helstir samkvæmt tiltækum heimildum:

Ragnar Ólafsson (1871-1928), kaupmaður, kaupandi Oddeyrarinnar og fleiri eigna samkvæmt kaupsamningnum 18.09.1926;

Gunnlaugur Tryggvi Jónsson (1888-1949), ritstjóri *Íslendings*;

Brynjólfur Árnason (1886-1927), cand. phil., málafærslu- og innheimtumaður, og blaðamaður á bæjarblaðinu *Íslendingi*;

Harald Vestergaard (1898-1956), danskur lögmaður og umboðsmaður seljanda eða umráðamanna eignanna;

Erlingur Friðjónsson (1877-1962), bæjarfulltrúi á Akureyri;

Halldór Friðjónsson (1882-1959), bæjarfulltrúi á Akureyri og ritstjóri *Verkamannsins*;

Ingimar Eydal (1873-1960), kennari og bæjarfulltrúi á Akureyri og varaformaður stjórnar Kaupfélags Eyfirðinga, og oft starfandi formaður á þessum tíma í fjarveru formannsins, **Einars Árnasonar** (1875-1947), alþingismanns. Framkvæmdastjóri **KEA** á þessum tíma var **Vilhjálmur Þór** (1899-1972), aðeins 27 ára gamall. Af frásögnum um Vilhjálm að dæma má ætla, að hann hafi verið áhrifamestur stjórnenda **KEA** á þessum tíma, jafnvel einráður, þótt hann hafi opinberlega lítt látið fyrir sér fara í máli þessu;

Jónas Þorbergsson (1885-1968), ritstjóri *Dags*;

Böðvar Bjarkan (1879-1938), lögmaður; og

Jón Sveinsson (1889-1957), lögfræðingur, bæjarstjóri Akureyrar.

Peir Gunnlagur Tryggvi og Brynjólfur voru eindregnir stuðningsmenn Ragnars í máli þessu, eins og lesa má um í *Íslendingi*, og pólitískir samherjar hans. Meta verður skrif þeirra í ljósi þessa.

Greinarhöfundur telur þó, að þeir Gunnlaugur Tryggvi og Brynjólfur, Brynjólfur sennilega ekki síst, hafi varpað mjög trúverð-



Gunnlaugur Tryggvi Jónsson.

ugu ljósi á atburðarásina í ágúst/september 1926. Brynjólfur var fæddur í Saurbæ í Eyjafirði 07.08.1886. Hafði hann stundað laganám við Kaupmanna-hafnarháskóla og þess utan fengist við kaupþýslu. Ætla má því, að Brynjólfur hafi einhverja reynslu og eitthvert vit haft á viðskiptum, sem er meira en sagt verður um ýmsa þá, sem hæst létu í nóvember- og desembermánuði 1926.

Brynjólfur andaðist óvænt árið 1927, aðeins 41 árs gamall, og mun hafa verið öllum, sem honum kynntust, mikill

harmdauði.

Þeir Friðjónssynir, Erlingur og Halldór, frá Sandi í Aðaldal, Suður-Þingeyjarsýslu, voru eindregnir andstæðingar Ragnars í máli þessu, eins og raunar í öðrum málum. Telja má þó víst, að þeir bræður hafi ekki átt fjárhagslegra hagsmuna að gæta í málinu.

Ekkert var í sjálfu sér eðlilegra en að þeir bræðurnir, sem báðir voru eindregnir sósíalistar eða sameignarsinnar, væru andvígir og beittu sér gegn því, að einstaklingar eða einkaaðilar eignuðust lóðir og lendum í bæjarfélaginu. Hefði samt ekki þessum tveimur kjörnu bæjarfulltrúum, ásamt kjörna bæjarfulltrúanum Ingimar Eydal, verið nær að leggja málið fyrir bæjarstjórnina í ársbyrjun 1926 og freista þess að afla hjá bæjarstjórninni kaupheimildar fyrir Oddeyrinni eða hluta hennar og gera aðrar viðeigandi ráðstafanir í þessu skyni, þegar fyrir lá, að Oddeyrin átti að seljast?

Ingimar Eydal, bæjarfulltrúi, sem jafnframt var varaformaður stjórnar KEA, en telja má upplýst, að KEA reyndi að kaupa Oddeyrina eða hluta hennar, – að því er virðist fyrir milligöngu Böðvars Bjarkan, lögmanns, og sennilega einnig án hennar, – átti óbeinna

hagsmuna að gæta í málinu sem varaformaður stjórnar **KEA**. **KEA** gerði að sögn þessa ætlaða umboðsmanns kaupfélagsins, Böðvars Bjarkan, ítrekaðar tilraunir til þess að ná kaupum á Oddeyrinni. Ingimar Eydal átti því óbeinna fjárhagslegra hagsmuna að gæta í þessum viðskiptum. Böðvar nefndi að vísu aldrei beinlínis, að hann hefði reynt að ná kaupum á eignum á Oddeyrinni fyrir hönd **KEA**. Hann andmælti því hins vegar ekki. Vitað var einnig, að Böðvar var ekki þeim efnum búinn, að hann gæti keypt Oddeyrina fyrir eigin reikning.

Af samtímaheimildum verður ráðið, að Ingimar reiddist því mjög, að **KEA** skyldi ekki ná kaupum á Oddeyrinni eða hluta hennar um haustið 1926. Honum, ásamt ýmsum öðrum **KEA**-mönnum, og ef til vill einnig **SÍS**-mönnum, hefur bersýnilega sviðið sárt, að Kaupfélagið skyldi þurfa að lúta í lægra haldi fyrir kolakaupmanni á Oddeyrinni í þessum stórviðskiptum. Kaupfélagið var á þessum tíma óðum að ná vopnum sínum eftir alvarleg áföll eftir fyrra stríð, þegar minnstu munaði, að félagið yrði gjaldþrota.

Ingimar gekk jafnvel svo langt á borgarafundinum 04.11.1926 að leggja til, að Vestergaard lögmanni yrði vísað úr bænum. Steingrími bæjarfógeta Jónssyni (1867-1956) tókst þó með naumindum og með lagni að koma í veg fyrir samþykkt þessarar tillögu. Fyrir það mega Akureyringar vera Steingrími bæjarfógeta þakklátir, því að víst má telja, að samþykkt þessarar tillögu hefði ekki orðið til þess að auka hróður Akureyringa, hvorki þá né síðar.

Böðvar Bjarkan átti fjárhagslegra hagsmuna að gæta í málinu, því að hann reyndi að tryggja sér ágóðahlutdeild í sölu eignanna með Vestergaard, lögmanni. Sú tilraun mistókst að vísu. Böðvar var pólitískur samherji þeirra Ingimars og Jónasar Þorbergssonar.

Ekki verður séð, að Jónas Þorbergsson hafi átt beinna fjárhagslegra hagsmuna að gæta í málinu. Jónas var hins vegar eindreginn kaupfélags- og samvinnumaður. Jónas dró mjög taum **KEA** í máli þessu og var sem sjá má af greinaskrifum hans í *Degi* um mál þetta í reynd ekki annað en málpípa þeirra **KEA**-manna. Jónas verður því engan veginn talinn hlutlaus blaðamaður eða ritstjóri í máli þessu. Heimildagildi skrifa hans um mál þetta í *Degi* er því rýrt, – jafnvel rýrara en skrif þeirra Friðjónssona í *Verkamanninum*.

Jón Sveinsson, bæjarstjóri, átti örugglega þeirra hagsmuna að gæta í málinu, að hann þurfti að svara fyrir hina alvarlegu stöðu, sem fyrirhugaðar framkvæmdir í Oddeyrarbót voru komnar í um miðjan október 1926, er fyrir lá, að málsókn hans fyrir hönd bæjarstjórnar Akureyrar gegn **HSIV** hafði orðið árangurslaus, að minnsta kosti gagnvart lóðum og lóðaréttindum í Oddeyrarbót og mjög sennilega að öllu leyti.

Framkvæmdir við hinn nýja miðbæ og hafnarmannvirki í Bótinni gátu ekki hafist fyrr en Akureyrarkaupstaður hafði tryggt sér réttindi til uppfyllingar þar. Þess utan höfðu kauptilraunir Böðvars Bjarkan, – sem virðast hafa verið gerðar í nánú samráði við Jón Sveinsson, bæjarstjóra, og Ingimar Eydal, varaformann stjórnar **KEA**, og líklega fleiri **KEA**-menn, og þá væntanlega ekki síst framkvæmdastjórnann, Vilhjálmm Þór, – á **Oddeyrarhluta III** algerlega farið út um þúfur í septembermánuði 1926. Mál þetta var því um miðjan októbermánuð 1926 orðið hið mesta vandræðamál fyrir bæjarstjórnann. Engar heimildir eru hins vegar um, að Jón Sveinsson hafi átt að fá hlutdeild í ágóða Böðvars Bjarkan, ef til hans hefði komið.

Vitað var þegar snemma árs 1926, að Oddeyrin átti að seljast. Bæjarfulltrúarnir þrír létu hins vegar við það sitja að atyrða fyrst umboðsmann seljandans, – sem þó er ekki að sjá, að hafi gert annað en að rækja samviskusamlega trúnaðarskyldur sínar gagnvart hús-bændum sínum og umbjóðendum í Kaupmannahöfn, – og þá kaupandann, en þá ekki fyrr en viðskiptin voru um garð gengin um haustið 1926.

Staða Vestergaard lögmanns var annars, eins og manna endranær, sem falið er að selja eignir slita- eða þrotabúa, vandasöm og viðkvæm. Ef eignir slíkra búa ekki seljast í fyrstu tilraun, hrapa þær oftast í verði. Ef þær ekki seljast í annarri tilraun, getur staðan orðið alvarleg, og þá sérstaklega ef fyrir liggur, að seljandinn verður að losna við eignirnar og getur ekki átt þær áfram. Til þess getur þá komið, að eignir þurfi að selja við hrakvirði svokölluðu, jafnvel á uppboði, sem seljendur reyna vitaskuld að forðast eins og heitan eldinn. Af þessum sökum er oftast talið skynsamlegast við þessar aðstæður að reyna að selja sem mest af eignunum í einu sem fyrst

áreiðanlegum og traustum kaupendum og helst eingöngu gegn staðgreiðslu. Umboðsmaður seljanda eigna, sem eru í slitameðferð, leggur þannig yfirleitt megináherslu á að losna við eignir sem fyrst og helst í einu lagi, eða sem mest í einu, og að þurfa að lána kaupandanum sem minnst og helst ekki neitt. Söluverðið þarf ekki að vera aðalatriði, þótt það þurfi vitaskuld að vera viðunandi, ef þess er einhver kostur. Kröfuhafar seljandans bíða eftir peningunum og vilja ljúka málum, solum eigna og skiptum, sem fyrst með sem minnstum kostnaði í stað þess að eyða tíma, og þá um leið peningum, í að þrefa um verð og skilmála og jafnvel að þurfa að innheimta kaupverðið, hugsanlega með málaferlum, sem geta verið rándýr og tafsöm.

Þessa hefur líklega Ragnar notið í þessum viðskiptum. Ragnar virðist hafa nýtt sér þetta hagstæða og að ýmsu leyti óvænta viðskiptatækifæri til hins ítrasta með því að bjóða í allan eignarhluta **HSIV** á Oddeyrinni, þar á meðal íshúsið og bryggjur á Oddeyrartanga, allar fasteignir félagsins aðrar við Eyjafjörð, flestar fasteignir félagsins á Siglufirði, þar á meðal þrjú síldarplön, og miklar eignir á Norðfirði, og ýmislegt lausafé **HSIV** í tengslum við þessar eignir, þar á meðal viðskiptakröfur.

Ragnar keypti samkvæmt þessu ekki eingöngu Oddeyrina af **HSIV** í september 1926, því að með kaupsamningnum, dags. 18.09.1926, keypti hann allar eignir, fastar og lausar, að undanskildum skipum, **HSIV** við Eyjafjörð, á Siglufirði, að undanskilinni síldarverksmiðju, og á Norðfirði. Á þessu virðast gagnrýnendur kaupanna ekki hafa áttað sig fyrr en seint og um síðir, ekki einu sinni bæjarstjórinn og bæjarfulltrúarnir. Að minnsta kosti létu þeir svo, jafnvel þó að Böðvar Bjarkan hafi upplýst þegar í byrjun september 1926, að eignir á Siglufirði ættu að seljast með eignum á Oddeyrinni. Töluðu eða rituðu þeir jafnan þannig í árásum sínum á fyrirsvarsmann seljanda eignanna, Vestergaard lögmann, að eingöngu Oddeyrin hefði verið seld um haustið 1926 og að kaupandi Odddeyrarinnar, Ragnar Ólafsson, hefði með blekkingum og misnotkun á aðstöðu sinni sem bæjarfulltrúi náð kaupum á eigninni í kapphlaupi við Akureyrarkaupstað eða bæjarstjórnann fyrir hönd bæjarstjórnarinnar. Er þetta eins fjarri lagi og verið getur, eins og rakið verður. Er

löngu tímabært að rekja upp þennan blekkingavef, sem spunninn var fyrir hartnær einni öld.

Kaupsamningur Ragnars við **HSIV**, sem loks leit dagsins ljós af sérstöku tilefni árið 1981, er dagsettur 18.09.1926 og hljóðar svo:

„Mellem undertegnede Konsul Ragnar Olafsson, Akureyri som Køber og undertegnede Landsretssagfører som Befuldmægtig for A/S De Forenede Islandsforretninger, København som Sælger er Dags Dato afsluttet følgende Handel om de Sælgerne tilhørende Handelsetablissemeter paa Oddeyri, Siglufjord og Nordfjord i Island.

Handelen, som er afsluttet paa de nedenfor nævnte Vilkaar, omfatter alle Sælgerne paa de paagældende Pladser tilhørende Ejendomme og alt disses Tilbehør, løst og fast Inventar saavel i som udenfor Bygningerne, forsaavidt det ikke særligt maatte være undtaget nedenfor.

1.

Vedrørende de enkelte Etablissemeter fremhæves følgende faste Ejendomme:

A) **Oddeyri:**

1. Butiks- og Beboelseshus.
2. 2 Pakhuse med Skure, Kostald, Heste og Høhus.
3. Pakhuse paa Oddeyritangen med der tilhørende Skure.
4. Kulhus.
5. „Steinhus“, „Sigurdarhus“ og „Bjørnshus“, alle liggende paa Oddeyri.
6. De til Etablissemetet tilhørende Broer nemlig:
 - a) Hovedbroen med Platning,
 - b) „Eggert Olafssons Broer“ med Platning.
 - c) 2 broer paa Oddeyri (P. Thorsteinssons).
7. Fiskeplan (Virkeplads)
8. Etablissemetetets 2 Huse og Skure i Hrísey. Med
9. 1 Skur og 1 Hus i Dalvik. tilhørende
10. Fiskeskur i Olafsfjordshorni. Grundrettigheder
11. Pakhus, „Elias Stefánsson“ paa Oddeyri.
12. Fryserianlægget paa Oddeyri med Maskiner og Driftsinventar.

13. Skipsskroget „Dania“ med Tilbehør.

14. Jordejendommen Oddeyri.

Med hensyn til Jordejendommen Oddeyri bemærker Sælgerne, at en Del af denne er bortlejet. Køberen overtager Sælgerens Rettigheder og Forpligtelser i Henhold til Lejekontrakterne og oppebærer følgelig fra Overtagelsesdagen Lejen af de paagældende Lodder, medens Lejen for Tiden indtil Overtagelsesdagen tilfalder Sælgerne.

Køberen er bekendt med, at der af Akureyri Købstad er anlagt Sag mod Sælgerne angaaende Ejendomsret til et Grundstykke ved Stranden og angaaende Strandretten.

B) Siglufjord:

1. Beboelseshus og Skur.
2. Butikshus.
3. 2 Pakhuse.
4. 2 Salthuse,
5. Smedie,
6. Gryde og Dampsmelteri,
7. Folkebarak.

Broerne, tilhørende Etablissementet:

- a) Hovedbroen, kaldet „Granabroen“.
- b) „Islandsbroen“.
- c) „Bordeyribroen“.

Køberen overtager derhos Grundrettighederne til det Jordstykke, som har været benyttet af Handelsetablisementet og ovennævnte 3 Broer, dog saaledes at Sælgeren af Hensyn til den dem tilhørende Sildeoliefabrik paa Siglufjord forbeholder sig fri og uhindret Færdselsret som hidtil over en Del af det paagældende Jordstykker.

C) Nordfjord:

1. Beboelseshus og Butikshus med Bageri.
2. Pakhus i 2 Etager.
3. Fiskepakhus (Salthus).
4. Hølade af Sten og Fjøs af Træ.
5. Beboelseshus og Pakhus „Sølyst“.

6. Et Hundrede af Jordan Nes i Nordfjord med indhegnet Tun.
7. Bolværk med Stenbrygge.
8. Tørreplads.
9. Træbro til Motorbaade.
10. Vandledning og Bassin.
11. 2/3 i Fiskehus i Sandvik.
12. Pakhus 25 plus 32 Alen i 2 Etager.
13. Tilbygning til Fiskevask.
14. Bro.
15. Hestestald.

Alt med tilhørende Grund og Grundrettigheder.

Endvidere medfølger 5 Aktier i Ishusfjelag Nordfjord.

2.

I Handelen er indbefattet Bygningernes og Handelsetablissem-enternes Inventar af hvad Art nævnes kan, løst og fast Tilbehør i og udenfor Bygningerne. Da de Sælgerne tilhørende Skibe paa de paagældende Pladser ikke medfølger, undtages dog det Skibene tilhørende Skibsmaterial og Fiskeriredskaber, som maatte være ber-øende paa Etablissementerne.

3.

I Handelen er endvidere indbefattet Varelager og udestaaende Fordringer, alt saaledes som det forefindes paa Overtagelsesdagen. Med hensyn til Varelageret bemærkes dog, at alle islandske Pro-dukter tilfalder Sælgerne.

De udestaaende Fordringer (Restancerne) overtages af Køberen saaledes som de er opført i Sælgerens Bøger. Eventuelle Panterrettigheder for Fordringer tilfalder Køberen.

Sælgerne paatager sig intet Ansvar for Fordringernes Rigtighed eller Retskraft.

4.

Køberen erklærer sig bekendt med det solgtes Tilstand. Alt sælges saaledes som det er og forefindes ved Overtagelsen. Sælgeren har intet Ansvar for mulige skjulte Mangler og saaddannes Til-stedeværelse medfører derfor ikke Reduktion i Købesummen.

5.

Det solgte tiltrædes og overtages af Køberen den 1. Januar 1927, fra hvilken Dato det solgte i enhver Henseende henligger for

Køberens Regning og Risiko. For det solgtes hele eller delvise hændelige Undergang inden Overtagelsen er Sælgerne uden Ansvar.

Fra 1. Januar 1927 afholder Køberen alle Skatter, Afgifter og Omkostninger til Assurance o. l. Har Sælgerne afholdt nogle af disse Udgifter, refunderer Køberen saaddanne.

6.

Købesummen er fastsat til 325,000 Kr. (Islandske), skriver Tre Hundrede Fem og Tyve Tusinde Kroner, der berigtiges paa følgende Maade:

- | | |
|--|-------------|
| 1) Køberen betaler ved Overtagelsen den 2. Januar 1927 | 125.000 Kr. |
| 2) "" d. 31. Desember 1927 | 100.000 Kr. |
| 3) "" d. 31. Desember 1928 | 100.000 Kr. |

Endvidere betaler Køberen af den ikke ved Overtagelsen betalte Del af Købesummen 5-Fem % aarlig Rente, der erlægges sammen med de stiplede Afdrag, altsaa d. 31. Decbr. 1927 5% af 200.000 Kr. og d. 31. Decbr. 1928 5% af 100.000 Kr.

7.

Naar hele Købesummen er betalt, er Køberen berttiget til at faa udstedt Skøde og Sælgerne indestaar for, at den i Øjeblikket paa Ejendommen hvilende Pantegæld kvitteres og udslettes af Pantebøgerne, og at Ejendommen sælges fri for alle Hæftelser.

8.

Sælgerne er dog villige til at udstede Skøde tidligere end stipleret ovenfor, mod at der af Køberen enten udstedes Første Prioritets Panteobligation i det solgte for den ikke kontante erlagte Del af Købesummen eller der stilles Bankgaranti i Landsbanken i Island for sammen Beløb og stiplede Renter.

9.

De i Sælgerens Besiddelse værende Kort, Maalebrev o. l. udleveres til Køberen. Søgmaal angaaende Forstaaelsen af denne Kontrakt kan anlægges ved Akureyri Ekstraret.

Undertegnede Konsul Ragnar Ólafsson erkender herved

paa de anførte Vilkaar at have købt de ovennævnte Ejendomme i Oddeyri, Siglufjord og Nordfjord.

Akureyri, den 18. September 1926.

Som Køber:
Ragnar Ólafsson (sign)

Som Sælgere
For A/S De Forenede Islandsforretninger ifølge Fuldmagt
Harald Vestergaard (sign)“

Í framhaldi af þessu virðist Ragnar hafa ákveðið að láta Akureyrarkaupstað njóta góðs af þessum hagstæðu viðskiptum hans við seljanda eignanna. Þessu lýsti Ragnar yfir þegar á borgarafundinum 04.11.1926. Ragnar hafði áður sýnt í orði og verki, að metnaður hans gagnvart Akureyrarkaupstað, vexti bæjarins og viðgangi, var einlægur og mikill.

Ekki þarf hins vegar mikið hugmyndaflug til þess að komast að raun um, að Akureyrarkaupstaður gat aldrei komið til greina sem kaupandi í þessum viðskiptum, ef annar hvor, eða jafnvel báðir, seljandinn og kaupandinn, setti sem skilyrði fyrir kaupunum, að allar þessar eignir yrðu seldar. Slíkt var einfaldlega óhugsandi.

Staðhæfingar um, að Ragnar Ólafsson hafi att kappi við Akureyrarkaupstað í þessum viðskiptum og haft betur með því að misnota aðstöðu sína sem bæjarfulltrúi, geta þegar af þessari ástæðu ekki átt við minnstu rök að styðjast.

Þess utan hljóta allir, þar á meðal Vestergaard, lögmaður, – og það með réttu, – að hafa afskrifað Akureyrarkaupstað sem bjóðanda í Oddeyrina, er frá kaupsamningi þessum var gengið í septembermánuði 1926 og endanlega með undirritun samningsins 18.09.1926, enda hafði, er hér var komið, ekkert meira frá bæjarstjóranum heyrst eftir götusamtalið 27.08.1926, vel að merkja samkvæmt frásögn bæjarstjórans sjálfs.

Alls er óvíst og reyndar ólíklegt, að Vestergaard hafi vitað um ætlað ráðabrugg þeirra Böðvars Bjarkan, Ingimars Eydal o. fl. og Jóns Sveinssonar, sem greint hefur verið frá. Ekkert bendir heldur til, að Ragnar Ólafsson hafi vitað um þetta leynimakk þeirra þremmenninga, þó að báðir þeir Ragnar og Vestergaard hafi væntanlega vitað, að

Böðvar gæti ekki keypt Oddeyrina eða hluta hennar fyrir eigin reikning.

Þess vegna hefði farið betur á því, ef þessir þremmenningar og þeir Friðjónssynir og Jónas Þorbergsson hefðu látið ógert að saka Vestergaard og Ragnar um „blekkingar“, „falshátt“, „gabb“, „gjöræði“ og fleira í þessum dúr í sambandi við þessi viðskipti. Þeir hefðu fremur átt að líta í eigin barm í stað þess að bera þá Vestergaard og Ragnar þessum ógeðfældu, rakalausum og tilhæfulausum sökum.

Ekki er að undra, að þeir þremmenningar eða sexmenningar skyldu loks hafa ákveðið að láta þessum ógeðfældu og að ýmsu leyti barnalega leikþætti lokið, en þá ekki fyrr en í byrjun desembermánaðar 1926, þegar kosningabaráttan fyrir bæjarstjórnarkosningarnar 20.01.1927 hófst fyrir alvöru.

Kaupsamningur Ragnars Ólafssonar við Akureyrarkaupstað, dags. 31.01.1927, þar sem Ragnar selur Akureyrarkaupstað **Odd-eyrarhluta II** og **III**, hljóðar svo:

„Bæjarstjórn Akureyrar og Ragnar Ólafsson kaupmaður, Strandgötu 5, Akureyri, gera svofeldan

Kaupsamning:

1. gr.

Ragnar Ólafsson skuldbindur sig til að selja bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hina svonefndu Oddeyri í Akureyrarkaupstað með skyldum þeim og réttindum, sem honum er afhent hún af h.f. Hinar sameinuðu íslensku verzlani, með kaupsamningi dags. 18. sept. 1926, að undanskildum Tanganum austast á eyrinni með fjörréttindum og öllum sjávarréttindum fram af er takmarkast af línu dreginni vestan við húsið nr. 53 við Gránufélagsgötu (Litla Reykjavík) beint til suðurs í C. Hoefnerslóð á Oddeyrtanga og til norðausturs í Tövéralækinn fyrir sunnan steinólúhús kaupmanns Ragnars Ólafssonar á Oddeyrtanga, – sjeð vestanvert við það – síðan beint til austurs í sjó út. Í öðru lagi lóðinni undir verzlunarhúsum h.f. Hinar sameinuðu íslensku verslanir (gömlu verzlunarhúsum Gránufélagsins). Takmarkist lóð sú af C. Hoefnerslóð að austan og nái vestur að Þvergötu austan við húsið nr. 45 við Strandgötu. Lóðin sé að breidd 27 metrar. Þá skulu undanskilin sölunni

fjöruréttindi suður af þessari lóð, sömu og fylgja J.V.Havsteenslóð á Oddeyri fram af húsunum nr. 35 og 37 við Strandgötu.

Takmörk hinnar seldu eignar eru að öðru leyti samkv. landamerkjaskrá Oddeyrar. En merkin milli þess parts af Tanganum sem undanskilin eru sölnunni og Oddeyrarinnar skulu nánar gerð upp með steinlímdum vörðum og merkjum er sérstaklega skulu þinglesin.

2.gr.

Kaupverðið er:

- a. Kr. 100.000.00 –eitt hundrað þúsund– er greiðist á tveimur árum eða með 50 –fimmtíu– þúsund krónum 31. desember 1927 og 50 –fimmtíu– þúsund krónum 31. desember 1928 með 6% vöxtum eða
- b. Kr. 120.000.00 –eitt hundrað og tuttugu þúsundir– með 6% vöxtum, sem greiðast á 40 árum með jafnri upphæð í árlegri greiðslu vaxta og afborgana. Helmingur vaxta og afborgana greiðist 1. júlí en síðari 31. des. ár hvert.

Eignin sé til tryggingar, eða veðsett seljanda með fyrsta veðrétti meðan söluverð eignarinnar er ekki að fullu greitt.

Bæjarstjórnin áskilur sér frest til 1. desember 1927 til ákvörðunar um, hvorn sölukostinn hún kýs heldur. Hafi bæjarstjórnin ekki sagt til fyrir þann dag, hvorn sölukostinn hún kýs heldur, ræður seljandinn hvorn sölukostinn hann gerir gildandi gagnvart bæjarstjórninni.

3.gr.

Velji bæjarstjórnin þann sölukostinn að greiða á tveim árum á hún heimtingu á að þeim tíma liðnum að fá afsal fyrir eigninni. En kjósi hún þann sölukostinn að greiða Oddeyrina á 40 árum skal hún fá afsal fyrir eigninni innan tveggja ára, enda skal hún þá um leið veðsetja seljanda eignina með fyrsta veðrétti til tryggingar skilvísri greiðslu vaxta og höfuðstóls kaupverðsins. Seljandi skuldbindur sig til að gefa kaupanda þá tryggingu, sem hann tekur gilda fyrir vöxtum og afborgunum meðan kaupandi eigi fær afsal fyrir eigninni og veðböndum er eigi létt af henni. Kaupandi er skyldur að greiða stimpil og þinglýsingargjöld sem greiða þarf vegna sölu á eigninni.

4.gr.

Kaupanda er ávallt heimilt að selja einstakar lóðir eða lendur á Oddeyri á leigu til lengri eða skemmri tíma, en seljandi öðlast þá um leið veðrétt í leiguréttindunum.

5.gr.

Seljandi greiði skatta alla og skyldur af hinni seldu eign til 1. janúar 1927 en kaupandi eftir þann tíma. Kaupandi hefir arð af eigninni og áhættu talið frá sama tíma, enda skal svo talið, að kaupin hafi farið fram 1. janúar 1927 eða að bæjarstjórninni beri að svara vöxtum af söluverðinu miðað við þann dag.

6.gr.

Seljandi skuldbindur sig til að afhenda kaupanda alla samninga, skjöl og skilríki sem til eru og snerta einstakar lóðir og lendur á hinni seldu eign og aðrir hafa umráðarétt yfir, eða eftirrit af þeim staðfest notarialiter. Séu einhver skilríki látin af höndum yfir lóðum og lendum, sem seljandi þyrfti einnig að nota, er kaupanda skylt að gefa honum eftirrit af því staðfest notarialiter, eða veita honum aðgang að skjölunum á þann hátt, sem hann telur sér nægilegan.

7.gr.

Mál, sem rísa kunna út af samningi þessum skulu sótt og varin fyrir gestarétti Akureyrarkaupstaðar.

8.gr.

Samningur þessi er í tveim samhljóða frumritum og heldur sinn aðili hvoru.

Akureyri, 31. janúar 1927

Samþykkir fyrir hönd bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar samkvæmt umboði bæjarstjórnar dags. 27. janúar 1927.

Jón Sveinsson

J.Karlsson

Samþykkur sem seljandi: Ragnar Ólafsson“

Samkvæmt framangreindu er ekki alls kostar rétt, sem stundum hefur verið sagt, að Ragnar Ólafsson hafi átt alla Oddeyrina á þessum tíma. Hið rétta er, að hann fór einungis með formleg umráð eignarinnar allrar frá 18.09.1926 til 31.01.1927. Hann fékk eignirnar

afhentar frá **HSIV** 01.01.1927. Samkvæmt kaupsamningnum við Akureyrarbæ, dags. 31.01.1927, skyldi hins vegar svo talið, „að kaupin hafi farið fram 1. janúar 1927“ eða sama dag og Ragnar fékk eignirnar afhentar samkvæmt kaupsamningnum við **HSIV**, sbr. 5. gr kaupsamningsins.

Segja má þó, að Ragnar hafi, að minnsta kosti út á við, farið með efnisleg umráð Oddeyrarinnar allrar í janúarmánuði 1927, eða þar til hann seldi Akureyrarkaupstað **Oddeyrarhluta II** og **Oddeyrarhluta III** með kaupsamningnum 31.01.1927.

Með þessu framtaki sínu tryggði Ragnar, að Akureyrarkaupstaður eignaðist í reynd Oddeyrina milliliðalaust frá hinu danska hlutafélagi, *A/S. De forenede Islandsforretninger*. Engir milliliðir í von um fyrirhafnarlausan og skjótfenginn gróða, – oft nefndir braskarar áður fyrr, en ef til vill stundum fremur „skammtímafjársfestar“ nú á tímum, – komust þar að. Ragnar var því í reynd fremur í hlutverki milligöngumanns í þessum viðskiptum gagnvart Akureyrarkaupstað, með hinu óvenjulega fráviki þó, að hann, milligöngumaðurinn, – ekki kaupandinn og væntanlegur eigandi eignarinnar, Akureyrarkaupstaður, – greiddi seljandanum kaupverð eignanna.

Í þessu sambandi rifjast upp ummæli Brynjólfs Árnasonar um það, sem Böðvar Bjarkan átti að hafa sagt á borgarafundinum 04.11.1926, að:

„... Bjarkan, að því er hann lýsti yfir, komið með ítrefuð kautilboð í Oddeyrina, en verið gabbður og grátt leikinn af hinum danska lögmanni, engu síður en bæjarstjórnin og bæjarstjórnin hefði verið – að því er honum sagðist. Bjarkan kvaðst hafa ætlað sér, næði hann kaupnum, að selja svo eignirnar aftur, **vitanlega með nokkrum hagnaði** [feitlettrað hér]; bænum hafi hann ætlað lóðirnar fyrir 100 þús. kr.“

Ef rétt er eftir Böðvari haft, er ljóst, að Böðvar hefur ætlað sér að ná kaupum á hluta Oddeyrarinnar, að því er ætla verður í samvinnu við að minnsta kosti **KEA** og hugsanlega einnig **SÍS**, til þess eins að selja áfram með hagnaði. Þvílíkt framferði var, að minnsta kosti í eina tíð, nefnt „brask“ og var eitur í beinum samvinnumanna og sósíalista. Næg voru viðskiptatækifærin með Oddeyrareignirnar á þess-

um tíma vegna vaxandi eftirspurnar eftir lóðum samkvæmt hinu nýja skipulagi og vegna fyrirhugaðra framkvæmda kaupstaðarins í Bótinni.

Böðvar leiðrétti ekki þessa frásögn Brynjólfs. Kolakaupmaðurinn á Oddeyrinni virðist því með framtaki sínu í september 1926 hafa komið í veg fyrir, að Oddeyrareignir lentu í höndunum á bröskurum, en tryggði á hinn bóginn Akureyrarkaupstað milliliðalaust þetta eftirsóttu byggingarland og þessar eftirsóttu lóðir í bænum bæjarfélaginu útlátalaust eða því sem næst útlátalaust.

Því verður ekki trúað, að bæjarstjórinn hafi ætlað að taka þátt í þessu braski, þótt síðari hluti leikþáttarins, sem hófst á bæjarstjórnarfundinum 02.11.1926 og lauk 30.11.1926, gæti bent til annars.

Ljóst var samkvæmt ofangreindu þegar snemma árs 1926, að eignir **HSIV** á Íslandi áttu að seljast. Félagið átti fasteignir um allt land. Hluti þessara eigna, eða átta þeirra (á Djúpvaggi, á Eskifirði, á Vestdalseyri, í Borgarfirði, N-Múlasýslu, á Vopnafirði, á Hesteyri, í Bolungarvík og á Flateyri), voru auglýstar til sölu, meðal annars í *Íslendingi* 08.01.1926, sbr. bls. 89 í riti Jóns Hjaltasonar, og aftur í sama blaði 29.01.1926. Óskað var eftir tilboðum í þessar eignir í síðasta lagi 28.02.1926.

Eignir félagsins við Eyjafjörð, sem voru fjölmargar, þar á meðal Oddeyrin og síldarplön á Siglufirði, voru ekki í þessari auglýsingu, ekki fremur en eignir félagsins á Norðfirði og á Ísafirði. Ástæðan getur hafa verið sú, að þessar eignir hafi verið taldar auðseljanlegar og því ekki talin ástæða til þess að auglýsa þær sérstaklega, að minnsta kosti ekki fyrst um sinn, og að fela öðrum sölu þeirra með tilheyrandi kostnaði.

Oddeyrin, eða öllu heldur hluti Oddeyrarinnar, **Oddeyarhlutar II-IV**, – því að mest allt land vestan Glerárgötu var sem fyrr segir ekki í eigu **HSIV** og var því ekki til sölu, – var samkvæmt þessu ekki auglýst til sölu opinberlega á árinu 1926, að minnsta kosti ekki í bæjarblöðunum fremur en, að því er virðist, í öðrum prentmiðlum á Íslandi.

Hins vegar verður ráðið með öruggri vissu af viðtali við Ragnar Ólafsson, við Jón Sveinsson, bæjarstjóra á Akureyri, og við umboðsmann seljandans, Harald Vestergaard í 45. tbl. *Íslendingi* 1926,

05.11.1926, og af grein eða „Leiðrétting[u]“ eftir Böðvar Bjarkan, lögmann, í 47. tbl. *Íslendings*, 19.11.1926, bls. 3, að umboðsmaður seljandans, Harald Vestergaard, lögmaður, óskaði eftir tilboðum í Oddeyrina um haustið 1926, sennilega síðari hluta ágústmánaðar 1926 og ekki síðar en 27.08.1926. Jafnframt verður ráðið með öruggri vissu af viðtölum við þessa menn, að tilboðsfrestur var ákveðinn, því að allir, þar á meðal Jón Sveinsson, bæjarstjóri, láta þeir þess getið, að þeir hafi gert tilboð í Oddeyrina eða „falast eftir“ eigninni „tímanlega“. Jón Sveinsson gumaði reyndar af því, að hann fyrir hönd Akureyrarkaupstaðar hafi fyrstur orðið til þess að „falast eftir“ kaupum á Oddeyrinni í götusamtalinu 27.08.1926. Einkennilegar eru því þær fullyrðingar Jóns Sveinssonar, bæjarstjóra, síðar og hinna fáu bandamanna hans í máli þessu í lok október og í nóvembermánuði 1926, að Jón eða Akureyrarkaupstaður hafi verið sniðgenginn í þessum viðskiptum og bærinn verið „gabbí og gjörræði beittur“ af seljanda eignanna.

Preifingar bæjarstjórans á þessum tíma verða þó alls ekki nefndar tilboð, því að þreifingar þessar virðast hafa falist í einu götusamtali, – 27.08.1926 að sögn umboðsmanns seljandans, en ýmist „tímanlega í september“ eða 27.08.1926, að sögn bæjarstjórans, sjá áðurnefnt 45. tbl. *Íslendings*, bls. 1, – er bæjarstjórinn hitti umboðsmanninn fyrir tilviljun á götu. Bæjarstjórinn greinir svo frá í þessu viðtali í 45. tbl. *Íslendings* 05.11.1926:

„Næst hittir Ísl. bæjarstjóra Jón Sveinsson að máli. Skýrir hann svo frá, að hann hafi átt **tímanlega** í september munnlegt samtal við hr. [V]estergaard og tjáð honum, að Akureyrarbær vildi kaupa Oddeyrina, og hafi þá ekki getað heyrt á honum, að nokkuð væri því til fyrirstöðu að svo gæti orðið. Síðar í mánuðinum hafi þeir aftur talast við um sama efni. En svo hafi nú liðið nokkur tími, þar til sér hefði borist til eyrna sá kvittur, að Oddeyrin mundi þegar seld vera.“

Samkvæmt þessu má heita öruggt, að bæjarstjórinn vissi þegar á þessum tíma eða þegar í upphafi söluflerlisins, – hvort heldur 27.08.1926 eða í byrjun septembermánaðar 1926, – að Vestergaard

hafði óskað eftir tilboðum í Oddeyrina innan ákveðins frests. Jafnöruggt er hitt, að bæjarstjórinn gerði ekki fyrir hönd Akureyrarkaupstaðar tilboð í Oddeyrina, enda brast hann til þess heimild bæjarstjórnarinnar. Heimildina fékk ekki bæjarstjórinn fyrr en á fundi bæjarstjórnarinnar 12.10.1926, er bæjarstjórinn upplýsti bæjarstjórnina um, að:

„... nú myndi vera að því komið að Oddeyrin, eign Hinna saminuðu íslensku verslana, yrði seld“.

Að sjálfsögðu gat bæjarstjórinn ekki skuldbundið kaupstaðinn á einn eða annan hátt í þessum kaupum nema með formlegri og skýlausri heimild bæjarstjórnarinnar, sbr. 28. gr. laga nr. 22/1883, um bæjarstjórn á Akureyri, sbr. einnig samþykkt nr. 8/1920, um stjórn bæjarmálefna í Akureyrarkaupstað. Sem fyrr segir fjallaði bæjarstjórnin þó ekki um málið fyrr en 12.10.1926 eða einum og hálfum mánuði eftir götusamtalið 27.08.1926 og rúmum þremur vikum eftir dagsetningu kaupsamningsins, 18.09.1926, um sölu eignanna.

Í þessu sama tölublaði *Íslendinga* er í viðtali við Vestergaard haft eftirfarandi:

„Ísl. fann þar næst hr. [V]estergaard að máli. Kvað hann það rétt vera, að bæjarstjóri hafi tvívegis átt við sig munnlegt samtal – á götum úti. Í fyrra skiftið hafi það farið fram 27. ágúst síðastl. Hafi hann þá tjáð sér, að bærinn hefði augastað á Oddeyrinni og viljað fá vitneskju um það, með hvaða kjörum hægt myndi að ná kaupum. Kvað bæinn þurfa að fá langan gjaldfrest. Kvaðst [V]estergaard hafa sagt bæjarstjóra, að svo gæti ekki orðið, enda ætti jafn vel stæðum bæ og Akureyri ekki að verða skotaskuld úr því, að útvega lán til kaupanna, væri honum á annað borð hugarhaldið að ná þeim. Ekki hafði bæjarstjóri látið neina ósk í ljós þess efnis, að honum væri hugarhaldið að fá upplýsingar eignunum viðvíkjandi, og enga tilraun gert, sér vitanlega, til þess að fræðast í þeim efnum hjá framkvæmdastjóra verzlana, J. C. F. Arnesen, eða hjá verzlunarstjóranum, Einari Gunnarssyni, sem þó hefði virzt liggja beinast við, væri alvara um kaup eignarinnar á ferðinni. Hafi svo vikur liðið, að ekkert frekar hafi heyrst frá bæjarstjóra.

En **tímanlega** í september hafi sér verið gert kauptilboð í

eignirnar frá Ragnari Ólafssyni; hafi það verið ákjósanlegasta boðið, er í eignirnar hafi boðist, og hafi hann afráðið að ganga að því. Kaup hefðu því næst tekist, en kaupandinn hefði óskað eftir því, að þeim yrði haldið leyndum fyrst um sinn og því hafi hann lofað.

2. okt. hafi svo bærarstjóri fundið sig aftur á götu og hafið máls á kaupum bæjarins á Oddeyrinni. Spurt sig um, hvort ekki myndu fáanleg kaup gegn skuldabréfum, innleysanlegum á 30 ára tímabili. Kvaðst hann hafa svarað því afdráttarlaust neitandi. Bærarstjórinn hafi þá sagt, að það tæki tíma fyrir bærarstjórnina að taka afstöðu til málsins; gætu liðið fleiri mánuðir áður en hún yrði endanleg.

Næst kveðst hr. [V]estergaard heyra frá bærarstjóranum gegn um símskeytið til Revision og Discontbankans. Þar lýsi bærarstjóri það ásetning bæjarins, að kaupa aðeins lóðirnar á Oddeyrinni. Í fyrra viðtalinu við sig hafi hann talað um kaup á allri eigninni. Og í símskeytinu frá 25. okt. lýsi bærarstjóri því loksins yfir, að hann ætli sér að gera ákveðið tilboð fyrir bæjarins hönd, þegar hann hafi aflað sér nægilegra upplýsinga, – eða næstum tveim mánuðum eftir að hann hafi átt tal við sig fyrst. – [V]estergaard kvaðst hafa verið staddur á Seyðisfirði, er hann fékk skeytið. Strax eftir komu sína til Akureyrar um mánaðarmótin hafi hann farið þess á leit við Ragnar Ólafsson, að hann yrði ekki lengur bundinn þagnarheiti um kaupin, hafi hann gefið það eftir og bærarstjóra síðan verið tilkynnt sala Oddeyrarinnar.

Hr. [V]estergaard kvaðst aðeins hafa haft hagsmuni skjólstæðinga sinna fyrir augum við sóluna. Og hann kvaðst satt að segja ekki geta séð, hvernig að Akureyrarbær gæti búist við sérstakri tilhliðrunarsemi eða vildarkjörum af þeirra hálfu, eftir að hafa gert tilraun að hafa af þeim verðmæta eign (strandréttindin) með mál-sókn. En því kvaðst hann neita afdráttarlaust, að bærinn væri »gabbí og gerræði« beittur af sér.“

Þótt bærarstjórinn hafi ekki gert tilboð í eignir **HSIV** á þessum tíma, er ekki þar með sagt, að bærarstjórinn eða Akureyrarbær hafi setið hjá, því að ýmislegt bendir til, að samkomulag hafi verið með þeim Böðvari Bjarkan, lögmanni, og bærarstjóranum, að Böðvar byði í Oddeyrina eða hluta hennar, sennilega í samráði við þá **KEA**-menn eða stjórnendur Kaupfélagsins, og hugsanlega einnig Samband íslenskra samvinnufélaga, **SÍS**, og áframseldi síðan Akureyrarbæ þann

hluta Oddeyrarinnar, sem kaupstaðurinn ætlaði sér á þessum tíma að eignast.

Með þessu er ekki staðhæft, að bærstjórinn hafi gert bindandi samkomulag við Böðvar Bjarkan og þá **KEA**- og ef til vill **SÍS**-menn um þetta. Vel má vera, að þeir hafi aðeins rætt þetta óformlega og treyst því, að næði **KEA** kaupum á eignunum, mundi bærstjórinn auðveldlega geta aflað heimildar bærstjórnarinnar fyrir kaupum á þeim hluta Oddeyrarinnar af **KEA**, sem Akureyrarkaupstaður vildi eignast á þessum tíma. Ef þetta er rétt til getið, er hins vegar ljóst, að Akureyrarkaupstaður gerði ekki og ætlaði ekki að gera Vestergaard lögmanni tilboð í Oddeyrina eða hluta hennar á þessum tíma, þótt hann hafi átt kost á því, eins og aðrir kaupendur, sem til álita komu. Ef þetta er ekki rétt til getið, sýnist ljóst, að bærstjórinn hefði með því að gera bindandi samninga um kaupin á eignunum í samráði við aðra án heimildar bærstjórnarinnar, farið út fyrir heimildir sínar sem bærstjóri og þar með brotið gegn starfsskyldum sínum sem bærstjóri. Í þessu sambandi er athyglisvert, að bærstjórinn gerði á þessum tíma, – eða fyrir bærstjórnarfundinn 12.10.1926, – aldrei grein fyrir heimild hans til þess að gera tilboð í eignirnar eða „að falast eftir“ þeim.

Hvernig nákvæmlega að þessu var staðið í sölufurlinu um haustið 1926, geta sennilega vörslumenn skjalfestra heimilda um þetta nú upplýst, þeir **KEA**-menn, ef ekki að öllu leyti, þá að minnsta kosti að einhverju leyti. Eftir að hafa tekið erindi greinarhöfundar vel í upphafi, neituðu þeir þó í apríl 2018 að veita aðgang að þessum skjalfestu samtímaheimildum; sögðust ekki hafa „þessi gögn undir höndum“. Þeir neituðu hins vegar ekki tilvist þeirra, en voru ekki til frekari viðræðna um þessi gögn, öflun þeirra og afhendingu ljósrita. Fundagerðarbækur „þetta langt aftur í tímann“ kváðust þeir ekki finna, en neituðu þó ekki heldur tilvist þeirra.

Í áður nefndri leiðréttingu í 47. tbl. *Íslendings* 19.11.1926, bls. 3, segir Böðvar Bjarkan svo frá:

„[...] Þetta er rangt eftir mér haft. Ég skýrði frá því, að H. Vestergaard hefði í samtali við mig gert ráð fyrir, að innan skamms [05.09.1926, innskot greinarhöfundar] kynni að koma fram tilboð um kaup á öllum eignum Hinna samein. ísl. verzlana á Oddeyri og Siglufirði, fyrir svo hátt verð, að eigendur eignanna teldu ekki rétt að hafna því boði.“

Í sama tölublaði *Íslendinga* á sömu blaðsíðu er einnig „Leiðrétting“ bæjarstjórans. Þar segir meðal annars:

„Grein hr. B. Á. [Brynjólfs Árnasonar] vil eg svara, að því leyti, er hún snertir mig og samningatilaunir mínar við hr. H. Vestergaard. Annað í þeirri grein, er mér óviðkomandi. Og þá vil jeg fyrst spyrja hr. B. Á. hvaðan honum komi sú dirfska, að halda því fram, að eg hafi fyrir löngu síðan vitað, að [að] minsta kosti tveir harðsnúnir keppinautar við bæinn, þeir hr. Ragnar Ólafsson og hr. Böðvar Bjarkan, væru komnir fram, og að B. B. hafi ætíð látið mig vita af sínum tilboðum. *Þetta eru helber ósannindi og á alla lund uppspuninn einn.*

Eg hafði ekki hugmynd um, þegar þessir menn voru að gjöra tilboð eða semja um kaup á Oddeyrinni. Herra B. B. sagði mér fyrst frá því seinustu dagana í október, að hann hefði gert kauptilboð í Oddeyrina, fyrsta tilboð að kvöldi 5. sept., og þá hafi enginn verið farinn að falast eftir kaupum, að því er Hr. Vestergaard hefði sagt sér, nema ég fyrir hönd bæjarins. **Þessa daga sagði hr. B. B. mér, að sín hugmynd hefði ávalt verið, ef hann hefði náð kaupum á Oddeyrinni, að bjóða bænum kaup á lóðum og lendum þar fyrir kr. 100.000-.** Og ég skildi svo tilvitnun hr. B. B. til mín á borgarafundinum, er hann mintist á, að hann hefði ætlað að bjóða bænum lóðirnar til kaups fyrir þetta verð, sem það væri samtalið við mig síðustu dagana í okt. þessu að lútandi.

Um kauptilboð og kaup hr. R. Ó. á Oddeyrinni vissi eg ekki neitt fyren 4. þ. m., að hann sagði mér, að hann hefði keypt Oddeyrina snemma í september mánuði, en þá hefði hr. B. B. verið kominn fram með sín kauptilboð. En eg tala við hr. Vestergaard 27. ágúst og segi honum að bæjarstjórnin muni gjöra kauptilboð í Oddeyrina og ég treysti því [að] Oddeyrin verði ekki seld, án þess að bæjarstjórninni gefist kostur á að gera kauptilboð. Og ég tók það þannig, sem hr. Vestergaard lofaði mér því. Á annan hátt gat ég ekki skilið hann.

Eftir því sem upplýst er í málinu, er eg því sá fyrsti sem falast eftir kaupum á Oddeyrinni f. h. bæjarstjórnarinnar við hr. Vestergaard.

En aftur er það ósatt mál, að eg hafi þá minst nokkuð á kaupskilmála við hann, það gerði eg fyrst seinna.“

Ýmislegt er óljóst og athugasemjulegt við þessa frásögn bæjarstjórans. Nokkra undrun vekur, að bæjarstjóranum, sem var löglærður, skuli detta í hug, eins og hér stóð á, að greina frá yfirlýsingu hans um kaupáhuga, – hvort sem hún var gefin í götusamtali 27.08.1926 eða „tímanlega í september“ 1926, – án þess að minnst nokkuð á kaupskilmála, með þeim hætti að hann hafi þá „falast eftir kaupum á Oddeyrinni“.

Til þess að slíkar yfirlýsingar verði teknar alvarlega, – sérstaklega, ef ákveðinn hefur verið tilboðsfrestur, – þarf skilyrðislaust að fylgja þeim eftir með ákveðnu kauptilboði, sem greini nákvæma kaupskilmála, og þá að sjálfsgöðu innan tilboðsfrests, sem bæjarstjóranum sannanlega var kunnugt um: „... der maatte fremkomme et Tilbud ...“, minnir Vestergaard bæjarstjórnann á í skeyti, dags. 23.10.1926. Ef nú ekki heyrir meira í „kaupáhugamanninum“, ekki einu sinni eftir að honum, eins og öðrum, hefur verið settur ákveðinn tilboðsfrestur, er ekki nokkur ástæða fyrir seljandann til þess að taka slíkar yfirlýsingar kaupáhugamanns, – hvort sem hann er bæjarstjóri eða einhver annar, – alvarlega. Þvert á móti er þá full ástæða fyrir seljandann að ætla, að kaupáhuginn sé fallinn niður eða hafi einfaldlega ekki verið fyrir hendi. Vestergaard lögmaður átti þess vegna aðeins einn kost í þessari vandasömu og viðkvæmu stöðu: að einbeita sér að þeim ör fáu aðilum, sem sýnt höfðu í verki, að þeim var alvara með kaupáhuganum með því að gera formleg tilboð í eignirnar. Önnur viðbrögð Vestergaard í þessari stöðu, eins og til dæmis að eltast við bæjarstjórnann, hefðu verið hið mesta glapræði og algerlega óforsvaranleg vinnubrögð gagnvart umbjóðendum Vestergaard í Kaupmannahöfn.

Brynjólfur Árnason gerir hins vegar meðal annars eftirfarandi athugasemdir á þessari sömu blaðsíðu í *Íslendingi* á eftir leiðréttingum þeirra Böðvars lögmanns og Jóns bæjarstjóra:

„B. Bjarkan sagði á fundinum [borgarafundinum 04.11.1926], að hann hefði bæði látið bæjarstjóra og Ingimar Eydal vita um tilboð sín. Hann skírskotaði í þessu efni til þeirra beggja og báðir játtu þeir því með þögninni. Hins vegar var það hljóðbært fyrir löngu, að B. B. bauð í eignina. Viðvíkjandi R. Ó. vissi víst hvert mannsbarn í bænum, að hann var kaupandi. Og bæjarstjórinn gat ekki komist hjá því, að gefa þessum orðróm gaum, jafnvel þótt hann hvorki vildi sjá eða heyra í þessu máli. Það þarf því enga sérlega dirfsku til að staðhæfa það, sem eg hefi sagt. Ég vísa brigslyrðum hans til baka.

Eftir því sem málið skýrist, kemur æ betur í ljós hin sárauma frammistaða bæjarstjórans. Nú upplýsist, að fyrirspurn hans til bankans 22. f. m., sem var þó hin eina formlega samningaumleitán af hans hendi – götusamtölin geta ekki kallast því nafni – var aðeins bundin við hluta af eigninni, byggingalóðir og hús á þeim, en hvorki bryggjur eða bólverk eða pakkhús, og gat því ekki komið til greina annað en sem fálmi út í loftið, þar sem tilboð lágu fyrir miklu yfirgrípsmeiri. Hann er að tala um dirfsku mína. Hann sem ekki kann hin einföldustu atriði samningaumleitana, að staðfesta þó bréflaga götusamtöl sín og negla þannig mótaðiljann og knýja hann, á þann hátt, yfir á hinn skriflega samningsgrundvöll þegar í byrjun. Að minsta kosti átti hann að gera tilraun til þessa. **En það virðist liggja næst fyrir, að líta svo á, að bæjarstjórinn hafi raunar kastað allri sinni áhyggju um velferð bæjarins, í þetta sinn, yfir á herðar B. B. í þessu efni og treyst því, að hann mundi kaupa eignina fyrir Kaupfélagið og bæinn í félagi.**

Bæjarstjórinn ætti því að una vel úrslitum málsins, þar sem aldrei hefir verið meiningin að kaupa stærri part en þetta. Nú stendur þessi hluti bænum til boða, þó annar sé seljandinn.

Brynjólfur Arnason“

Í þessu sambandi er rétt að rifja upp tillögu Axels Kristjánssonar (1892–1942), kaupmanns á Akureyri, sem hann bar upp á borgarafundinum 04.11.1926:

„Þar sem nú er upplýst að tveir borgarar bæjarins, þeir Böðvar Bjarkan lögmaður og Ragnar Ólafsson kaupm. hafa báðir gert tilboð í Oddeyrina í sama tilgangi, að selja Akureyrarkaupstað lóðirnar, en Ragnar orðið hlutskarpari í kaupunum, er ekki sýnilegt að þessi fundur geti nokkuð haggað þeim samningum, svo fundurinn felur bæjarstjórn Akureyrar að leita kaupsamninga við núverandi eiganda Oddeyrar.“

Tillaga þessi var felld og greiddi einungis Axel henni atkvæði. Stuðningsmenn Ragnars höfðu þá að vísu flestir, ef ekki allir, yfirgefið fundinn. Þeir, sem eftir voru, voru stuðningsmenn **KEA** og bæjarstjórans, sem smalað höfðu á þennan fund. Vildu þeir frekar freista þess að ónýta kaupsamning Ragnars Ólafssonar og **HSIV** 18.09.1926 en að Akureyrarkaupstaður tæki upp samningaviðræður við Ragnar, sem þó hafði lýst sig reiðubúinn að selja kaupstaðnum eignirnar við betri kjörum en fengist hefðu hjá **HSIV**. Spyrja má því: Hvort voru þessir fundarmenn að hugsa um hagsmunum Akureyrarkaupstaðar eða **KEA** og hugsanlega **SÍS**?

Í 51. tbl. *Dags*, dags. 03.12.1926, bls. 1, segir meðal annars:

„*Oddeyrarsalan og Kf. Eyf.*

Ritstjóri Íslendinga á um það sammerkt þeim víxlbræðrum, hinum málfærslulausa lögfræðistudent Brynjólfi Árnasyni og hinum ólög-lærða málfærslumanni Sveini Bjarnasyni, að leitast við að leiða athygli almennings burt frá kjarna málsins. Ingimar Eydal bæjarfulltrúi lýsti því á borgarafundinum, hvernig R. Ól. bæjarfulltrúi hefði »sokkið«, þegar Oddeyrarsölumálið kom til umræðu í bæjarstjórninni. Nú leitast Ísl. við að fela skjólstæðing sinn bak við hin og önnur aukaatriði í málinu. Þessvegna kemur hann jafnan inn á tilraun Böðvars Bjarkans lögmanns, að fá margnefndar eignir til sölumæðferðar. Og nú hefir Íslendingur komist inn á nýja braut. Í grein um málið í 47. tbl. leggur hann alla áherzlu á það, að draga Kaupfélag Eyfirðinga og S. Í. S. inn í málið. Samkvæmt ummælum blaðsins eiga þær stofnanir að hafa verið á bak við Böðvar Bjarkan um að ná tangarhaldi á eignunum. Og hann telur að ádeilur ritstjóra *Dags* séu risnar af heift yfir því, að Bjarkan eða Kaupfél. Eyfirðinga hefði ekki tekist, að ná þessurn kaupum.

Samkvæmt upplýsingum, er framkvæmdastjóri Kf. Eyf. hefir látið blaðinu í té, hefir félagið átt að þessu máli þann hlut, er nú skal greina: Um það bil er samningatilraunir stóðu yfir milli þeirra Böðvars Bjarkan og hr. Vestergaard kom Bjarkan á fund framkvæmdastjórans, skýrði honum frá tilraunum sínum að ná kaupum á eignunum til þess aftur að selja þær hinum ýmsu aðilum, er myndu vera fúsir til að kaupa og spurði hann hvort að kaupfélagið myndi eigi hafa hug á að gerast kaupandi að íshúsinu. Taldi framkvæmdastjórinn það líklegt, ef saman gengi um verð og aðra skilmála.“

Höfundur þessarar greinar hlýtur að hafa verið ritstjórinn Jónas Þorbergsson, þar sem greinin er ekki auðkennd sérstaklega. Mjög athyglisvert er hins vegar, að *Dagur* eða Jónas Þorbergsson tók aldrei viðtal við hvorki Jón Sveinsson, bæjarstjóra, né Böðvar Bjarkan, lögmann, að ekki sé minnst á Ingimar Eydal, bæjarfulltrúa og varaformann stjórnar **KEA**, til þess að fræðast nánar um samvinnu þessara manna til þess að ná kaupum á Oddeyrinni eða þá til þess að leiðrétta ályktanir og staðhæfingar Brynjólfs Árnasonar um þetta grundvallaratriði í söluferlinu um Oddeyrina um haustið 1926. Ef til vill hefur það verið þýðingarlaust; framkvæmdastjóri **KEA**, Vilhjálmur Þór, hefur, ef að líkum lætur, einn stjórnað og ráðið öllu í þessu máli, þar á meðal því, hverjar upplýsingar yrðu veittar.

KEA mun snemma hafa sýnt áhuga á að kaupa íshúsið á Oddeyrartanga.

Vestergaard hafði tekið vel í það, þótt ekki hafi tekist formlegir samningar. Síðar mun það hafa orðið fastmælum bundið með Vestergaard og Ragnari Ólafssyni, fyrir undirritun kaupsamningsins 18.09.1926, að Ragnar seldi **KEA** íshúsið, ásamt lóð. Ragnar stóð við það. Eignaðist **KEA** íshúsið eða frystihúsið, auk stórrar eignarlóðar með bryggju og fjöruréttindum, með kaupsamningi við Ragnar í árslok 1926, átakalaust og án nokkurra vandræða. Þar reisti **KEA** árið 1928 stærsta og vandaðasta sláturhús landsins, sem átti eftir að verða kaupfélaginu drjúg tekjulind.

Eins og lýst hefur verið, er ótrúvætt að enginn hinna kjörnu bæjarfulltrúa, og ekki einu sinni bæjarstjórinn, hreyfði þessu máli í bæjarstjórninni fyrr en 12.10.1926. Aðgerðaleyfi þessara manna eitt og sér segir sína sögu.

Hins ber vel að gæta, að bæjarstjórinn hlýtur að hafa verið önnum kafinn um sumarið 1926 vegna málaferlanna gegn **HSIV** um **Oddeyrarhluta II**. Bæjarstjórinn hefði betur varið þeim tíma í að undirbúa tilboðsgerð í Oddeyrina, ef Akureyrarkaupstaður ætlaði þá á annað borð að sækjast eftir kaupum á Oddeyrareignum eða hluta þeirra. Fjarri fer þess vegna, að bæjarstjórinn hafi verið aðgerðalaus um sumarið 1926. Áhugi hans, að minnsta kosti út á við, takmarkaðist hins vegar við lóðir og lóðaréttindi í Oddeyrarbótinni og við skurðinn úr Bótinni norður í Glerá, og reyndar, á síðustu stigum

málaferlanna, við norðurmörk Oddeyrarinnar, eða frá norðvesturmörkum Oddeyrarinnar við Glerá og „í sjó út“. Þessi merki Oddeyrarinnar gátu þó naumast skipt nokkru máli á þessum tíma.

Ljóst virðist, að þeir fimm-menningar, Friðjónssynir báðir, Ingimar Eydal, Jónas Þorbergsson og Jón Sveinsson hafa myndað óformlegt bandlag í máli þessu gegn Ragnari Ólafssyni og Harald Vestergaard. Skrif þeirra og gagnrýni voru mjög á sama veg í *Degi* og *Verkamanninum* í nóvembermánuði 1926 og í byrjun desembermánaðar 1926. Allir þögnuðu þeir einnig jafnskyndilega í byrjun desembermánaðar 1926, einmitt þegar kosningabaráttan fyrir bæjarstjórnarkosningarnar 20.01.1927 hófst fyrir alvöru.

Hvað varð þá um stórhneykslið, „Stærsta hneykslismál, sem upp hefur komið á Akureyri“?


Ekki verður séð, að aðrir bæjarfulltrúar, þeir Steingrímur Jónsson, bæjarfógeti, Jakob Karlsson, Sigurður E. Hlíðar, Kristján Árnason, Óskar Sigurgeirsson, Sveinn Sigurjónsson og Hallgrímur Jónsson hafi látið mál þetta til sín taka, – þetta „Stærsta hneykslismál, sem upp hefur komið á Akureyri“, – að minnsta kosti ekki opinberlega.

Gæta verður þess, að umfjöllun bæjarblaðanna á sínum tíma var lituð sterkum pólitískum litum. *Íslendingur* var þar engin undantekning, þótt greinarhöfundur telji, að skrif blaðsins um mál þetta hafi verið miklu áreiðanlegri og málefnalegri en skrif *Dags* og *Verkamannsins*. Ástæðan var augljós: Kosningar í bæjarstjórn Akureyrar áttu að fara fram í janúarmánuði 1927. Taka verður því þessum pólitísku samtímaheimildum með talsverðum fyrirvörum, sérstaklega þó þeim hluta þeirra, sem stafaði frá pólitískum andstæðingum eða keppinautum Ragnars Ólafssonar um kaup á eignunum. Ragnar



Brynjólfur Árnason.

Ljósmyndadeild Minjasafnsins á Akureyri.



Erlingur Friðjónsson.

var á þessum tíma einnig bæjarfulltrúi, en þó ekki í kjöri í kosningunum 20.01.1927.

Sveitarstjórnarkosningar voru með öðrum hætti á þessum tíma en síðar varð. Kosið var annað hvert ár og kjörtímabil kjörins fulltrúa sex ár. Í kjöri var því aðeins hluti bæjarfulltrúa hverju sinni. Fyrirkomulagi þessu var breytt með lögum nr. 23/1929, er kjörtímabil var stýtt í fjögur ár og allir fulltrúar í kjöri í einu. Fyrstu sveitarstjórnarkosningar samkvæmt þessu breytta fyrirkomulagi voru í janúar 1930.

Þess ber hins vegar vel að gæta, eins og getið hefur verið, að árásir þessar á Ragnar Ólafsson vegna kaupanna á Oddeyrinni í september 1926 stóðu aðeins í nokkrar vikur í nóvembermánuði og í byrjun desembermánaðar 1926. Eftir það fjara þær út og var að heita má ekki minnst á þessi kaup Ragnars á Oddeyrinni í desember 1926 og alls ekki í janúar 1927, hvorki í *Degi* né í *Verkamanninum*.

Kosningarnar til bæjarstjórnarinnar voru sem fyrr segir 20.01.1927. Er því eðlilegt, að spurt sé: Hvers vegna hættu þessar heiftarlegu og rætnu árásir á Ragnar sem kaupanda Oddeyrarinnar skyndilega í byrjun desembermánaðar 1926, um það bil sex vikum fyrir bæjarstjórnarkosningarnar 20.01.1927, þegar kosningabaráttan stóð sem hæst? Getur verið, að forvígismenn þessara árása, auk bæjarstjórnans, þeir Friðjónssynir frá Sandi í Aðaldal, Erlingur og Halldór, Ingimar Eydal, bæjarfulltrúi og varaformaður stjórnar **KEA**, og Jónas Þorbergsson, ritstjóri **Dags**, hafi talið skynsamlegast og öruggast að þegja um þetta mál í aðdraganda kosninganna 20.01.1927? Ýmislegt bendir til, að svo hafi verið og ekki að ástæðulausu.

Sem fyrr segir sátu þeir bræður, Erlingur og Halldór, báðir í bæjarstjórn Akureyrar á þessum tíma. Halldór var þess utan ritstjóri *Verkamannsins*. Erlingur ritaði einnig mikið í þetta mál gagn verka-



Halldór Friðjónsson.

*Ljósmyndadeild Minjasafnsins
á Akureyri.*

lýðshreyfingarinnar. Erlingur hafði aldrei farið dult með, að hann taldi Ragnar Ólafsson helsta andstæðing sinn í bæjarpólitíkinni. Er varla ofmælt, að Erlingur hafi aldrei látið vannýtt tækifæri til þess að gagnrýna Ragnar Ólafsson. Nú brá þó svo við, að jafnvel Erlingur Friðjónsson þagnaði eftir mánaðamótin nóvember/desember 1926 um þetta „Stærsta hneykslismál, sem upp hefur komið á Akureyri“, eins og það var orðað á forsíðu 77. tbl. *Verkamannsins*, dags. 06.11.1926. Einhver sérstök ástæða hlýtur að hafa verið fyrir því.

Frá borgarafundinum

04.11.1926 segir *Íslendingur* svo í 45. tbl. 05.11.1926, bls. 3:

„*Borgarafundurinn* í gærkvöldi var mjög fjölsóttur og var talsverður hiti í mönnum. Fundarstjóri var Steingr. Jónsson bæjarfógeti, en vara-fundarstjóri Böðvar Bjarkan lögmaður. Bæjarstjóri talaði fyrstur og sagði frá viðskiftum sínum við hr. [V]estergaard. Bar honum á brýn óheilindi og að hann hefði haft sig og bæjarstjórnina að ginningarfilfum. Ragnar Ólafsson talaði þar næst. Lýsti því yfir, að hann væri kaupandi Oddeyrarinnar, eins og að framan segir í viðtalinu, og laut ræða hans mest að því sama og þar stendur. Kvaðst jafnvel álíta það heppi fyrir bæinn, að hann hefði orðið eigandi Oddeyrarinnar, frekar en ef hún hefði lent hjá öðrum. Og bærinn mundi geta komist að betri kjörum hjá sér á kaupum lóðanna en þótt hann (bærinn) hefði náð kaupum sjálfur. Næst flutti Böðvar Bjarkan alllanga ræðu; var hann mjög þungorður í garð [V]estergaards. **Hafði Bjarkan, að því er hann lýsti yfir, komið með ítrekuð kauptilboð í Oddeyrina, en verið gabb-aður og grátt leikinn af hinum danska lögmanni, engu síður en bæjarstjórinn og bæjarstjórnin hefði verið – að því er honum sagðist. Bjarkan kvaðst hafa ætlað sér, næði hann kaupunum, að**

selja svo eignirnar aftur, vitanlega með nokkrum hagnaði; bænum hafi hann ætlað lóðirnar fyrir 100 þús.kr. Ingimar Eydal hélt því næst hvatningarræðu til bæjarbúa um, að fara með hr. [V]estergaard líkt og farið hefði verið með Krók-Álf forðum, er honum var veittur aðsúgur á Hegranessþingi. Þó átti að nægja, að vísa hr. [V]estergaard burt úr bænum, og bar hann fram tillögu þar að lútandi. Bæjarfógeti kvað ræðu og tillögu Ingimars frámunalega ókurteisi og skoraði á fundinn að fella tillöguna. Erlingur og Bjarkan studdu tillöguna, en Páll Skúlason, Sveinn Bjarnason og Brynjólfur Árnason kváðu hana hina mestu ósvinnu og skorðu á fundinn að fella hana. Hr. [V]estergaard, sem staddur var á fundinum, þótt hann skilji lítið í íslenzku, hélt stutta ræðu á dönsku. Sagði hann frá viðskiftum sínum við bæjarstjóra og voru þau eins og segir í viðtalinu að framan. Fyrir persónulegum árásum kvaðst [V]estergaard ekki verja sig. Eftir þjark nokkurt var tillaga Ingimars feld, en samþykkt tillaga frá Brynleifi Tobiassyni, er lýsti gremju fundarins yfir Oddeyrarsölunni. Aftur var feld tillaga frá Axel Kristjánssyni, er skoraði á bæjarstjórn að hefja þegar samningatilaunir um lóðakaup við hina nýju eigendur. Síðasta ræðan, sem haldin var, var skammaræða um Ragnar Ólafsson fyrir að hafa keypt Oddeyrina; var það Erlingur, sem hélt hana – og Ragnar fyrir löngu farinn af fundi.“

Þessi frásögn *Íslendinga* er sem sjá má hlutlaus og til marks um miklu vandaðri blaðamennsku en tíðkaðist í *Degi* og *Verkamanninum*, að minnsta kosti um þetta mál.

Parna er því meðal annars haldið fram, sbr. feitletruðu tilvitnunina, að Böðvar Bjarkan hafi gert ítrekaðar kauptilaunir á hluta Odddeyrarinnar og að „bænum hafi hann ætlað lóðirnar fyrir 100 þús. kr“. Þessi ummæli leiðrétti Böðvar ekki síðar í *Íslendingi* eða annars staðar, ekki fremur en bæjarstjórinn, þó að þeir hafi báðir fengið birtar leiðréttingar í 47. tbl. *Íslendinga* 19.11.1926, bls. 3, um ýmis önnur ummæli Brynjólfs Árnasonar í *Íslendingi*. Vafalaust hefur Ingimar Eydal, og að öllum líkindum einhverjir aðrir KEA-menn, og þá ekki síst framkvæmdastjórinn Vilhjálmur Þór, verið með í þessu ráðabruggi fyrir hönd KEA. Í þessu sambandi vekja sérstaka athygli ummæli í *Íslendingi*, 47. tbl., dags. 19.11.1926, bls. 1:

„En athugum aðstöðu Kaupfél. Eyf. til þessa máls nánar, áður en

lengra er farið. Sá grunur lék þegar á í upphafi, er það fréttist, að Böðvar Bjarkan væri að falast eftir kaupum á Oddeyrinni, að Kf. Eyf. stæði að einhverju leyti á bak við hann. Menn vissu, að það vildi eignast eignir á Tanganum, og er Bjarkan lýsti því yfir á borgarafundinum, að hann hefði haft nokkurn veginn vísa kaupendur að nokkrum hluta eignanna, næði hann kaupum á Oddeyrinni, munu fáir hafa verið í efa um, að þar átti hann m. a. við Kf. Eyf. Það er líka vitanlegt, að Bjarkan er ekki svo auðugur maður, að hann hefði getað keypt Oddeyrina, nema að hann hefði öflugan bakhjarl, og að þessi bakhjarlur hafi verið Kf. Eyf., eru miklar líkur til. Og að samband hafi verið milli Bjarkans og Kf. Eyf. sést sæmilega vel af því, að þegar slitnar upp úr með þeim Bjarkan og [V]estergaard, kemur Kaupfél. Eyf. fram með ákveðið tilboð í þann hluta eignanna, er það, eða S.Í.S., vildi helst eignast.– Bæjarfulltrúinn Ingimar Eydal er varaform. kaupfélagsins.“

Ef þessi staðhæfing Brynjólfs Árnasonar, um milligöngu Böðvars Bjarkan, lögmanns, að ná kaupum á hluta Oddeyrarinnar fyrir hönd Akureyrarkaupstaðar og KEA, var ekki rétt, má hins vegar heita upplýst, að Akureyrarkaupstaður hefur ekki ætlað sér að gera tilboð í Oddeyrina eða hluta hennar í ágúst/september 1926. Öðruvísi verður aðgerðaleysi og tómlæti bæjarstjórans, og reyndar bæjarstjórnarinnar allrar, gagnvart þessum hluta Oddeyrarinnar, **Oddeyrarhluta III**, og gagnvart ákalli Vestergaard eftir tilboðum í eignina ekki skýrt.

Verður samkvæmt þessu að telja líklegt, að svo hafi um samist með bæjarstjóranum og Böðvari, að Böðvar byði í hluta Oddeyrarinnar til þess að selja áfram Akureyrarkaupstað, að fengnu samþykki bæjarstjórnarinnar, því að öruggt er, að Böðvar hefur ekki getað ákveðið einn, ekki fremur en bæjarstjórinn, að bærinn keypti þessar eignir. Er þetta skiljanlegt í ljósi málsóknar bæjarstjórans gegn **HSIV**. Bæjarstjóranum hefur væntanlega ekki þótt árennilegt að taka upp samningaviðræður við Vestergaard um þennan hluta Oddeyrarinnar, **Oddeyrarhluta III**, á sama tíma og hann reyndi með málsókn fyrir landamerkjadómi að ná af **HSIV** hinum eftirsóttu og verðmætu lóðum og lóðaréttindum félagsins í Oddeyrarbótinni, **Oddeyrarhluta II**. Bæjarstjóranum hefur væntanlega þótt vænlegra

að fela Böðvari Bjarkan að sjá um þennan þátt málsins, en Böðvar var þá þegar lögmaður **HSIV** í málsókninni um **Oddeyrarhluta II**.

Að sögn *Íslendinga* kvartaði Böðvar hins vegar mjög undan samskiptum sínum við Vestergaard um þennan þátt málsins á borgarafundinum 04.11.1926. Böðvar mun jafnvel hafa greitt því atkvæði, að Vestergaard, fyrrum umbjóðanda Böðvars, yrði vísað úr bænum. Allt hlýtur þetta framferði þremenninganna og ýmissa annarra að teljast hið undarlegasta, ekki síst gagnvart Harald Vestergaard.

Í grein þessari verður því haldið fram, að framangreindir sexmenningar og pólitískir andstæðingar Ragnars Ólafssonar, auk bæjarstjórans, hafi sett á svið atburðarás, eins konar leikþátt, eftir að ljóst varð um miðjan október 1926, að hin vanhugsaða málsókn Akureyrarkaupstaðar gegn **HSIV** hafði algerlega misheppnast, eins og hún hlaut að gera. Þá allt í einu stóðu þessir menn frammi fyrir því, að þeir höfðu ekki aðeins misst af þeim hluta Oddeyrarinnar, sem ætla má, að Akureyrarkaupstaður hafi ætlað að kaupa í samvinnu við **KEA**, fyrir milligöngu Böðvars Bjarkan, lögmanns, **Oddeyrarhluta III**, heldur var Oddeyrarbótin, ásamt lóðum og hinum eftirsóttu og nauðsynlegu fjöru- og „strand“-réttindum þar, **Oddeyrarhluti II**, enn sem fyrr eign **HSIV**.

Alvarlegast við þetta var, að nú voru hinar fyrirhuguðu stórframkvæmdir Akureyrarkaupstaðar í Bótinni, – sem upphaflega hafði verið ráðgert, að hæfust um vorið 1926, en frestuðust þá óvænt vegna ákvörðunar bæjarstjórans um málsókn Akureyrarkaupstaðar gegn **HSIV**, um **Oddeyrarhluta II**, – enn í uppnámi. Var jafnvel hugsanlegt, að þessar framkvæmdir gætu ekki einu sinni hafist um vorið 1927 vegna aðgerðaleyfis fyrirvarsmanna kaupstaðarins árin 1924–1926 til þess að tryggja kaupstaðnum lóðaréttindin og önnur réttindi í Bótinni? Slík frestun hefði orðið meiri háttar áfall fyrir bæjarfélagið, þar sem Akureyrarkaupstaður gat vænst ríflégrar fjárveitingar úr ríkissjóði vegna þessara framkvæmda auk ríkisábyrgðar á lánnum.

Hvernig átti að skýra þetta fyrir kjósendum í væntanlegum bæjarstjórnarkosningum 20.01.1927?

Þessi úrslit voru vitaskuld hið versta mál, ekki aðeins fyrir bæjarstjórnann, heldur ekki síður fyrir bæjarstjórnina alla eða meiri hluta hennar, og einnig fyrir **KEA**, sem virðist hafa ætlað sér stóran hlut í



Jónas Þorbergsson.

Þessum viðskiptum, ekki síst á Oddeyrtanga.

Geta verður þess hér, að Ragnar Ólafsson átti þess ekki kost sem bæjarfulltrúi að taka afstöðu til málsóknar bæjarstjórans gegn **HSIV** eða að tjá sig um hana. Ragnar var fjarverandi, þegar málið var höfðað með sáttakærunni 09.06.1926. Ragnar dvaldi í Kaupmannahöfn árin 1925-1926 og kom ekki til landsins fyrr en í júlíbyrjun 1926. Raunar virðist bæjarstjórinn hafa höfðað mál þetta án sérstakrar heimildar bæjarstjórn-

arinnar eða að minnsta kosti án þess að bæjarstjórinn fjallaði sérstaklega um málsóknina og hina einkennilegu og langsóttu kröfugerð bæjarstjórans í málinu.

Ragnar hafði þegar í árslok 1924 vakið athygli á, að nauðsynlegt væri fyrir Akureyrarkaupstað að tryggja sér réttindi **HSIV** í Bótinni, áður en framkvæmdir þar hæfust. Var um þetta fjallað í *Íslendingi* og *Verkamanninum* í árslok 1924 og í ársbyrjun 1925. Hið eina, sem Ragnar uppskar með þessum tillögum, voru ásakanir þeirra Friðjónssona um, að hann vildi með þeim gefa erlendu hlutafélagi verðmætustu lóðir bæjarins.

Allir, sem hlut áttu að máli, þar á meðal bæjarstjórinn, hlutu að vita í byrjun septembermánaðar 1926, að Vestergaard lögmaður ætlaði að ganga að tilboði Ragnars Ólafssonar í Oddeyrina og eignir **HSIV** á Siglufirði. Þetta upplýsti Böðvar Bjarkan beinlínis í viðtali í 47. tbl. *Íslendings* 1926, bls. 3. Þar með lá fyrir með óyggjandi hætti, að söluflerlinu á eignunum var í reynd lokið einhvern tíma fyrri hluta septembermánaðar 1926, þótt ekki hafi verið skýrt opinberlega frá sölunni fyrst um sinn að ósk Ragnars.

Frásagnir bæjarstjórans og annarra, fyrst á bæjarstjórnarfundinum 12.10.1926 og síðar í bæjarblöðunum í nóvember og á borgarafund-

inum 04.11.1926, eru því beinlínis broslegar. Að sjálfsögðu hlutu þessir menn allir að hafa vitað, að Oddeyrin hafði selst í þessu söluferli í septembermánuði 1926. Hefði hún ekki selst, hefði það óhjákvæmilega spurst um leið. Hefði það jafnframt getað orðið hið versta mál fyrir Vestergaard lögmann og umbjóðendur hans í Kaupmannahöfn.

Þá er það naumast tilviljun, að árásirnar á Ragnar hófust þá fyrst í bæjarblöðunum tveimur á Akureyri, *Degi* og *Verkamanninum*, skömmu eftir að endanlega var ljóst orðið, um miðjan októbermánuð 1926, að málsókn Akureyrarkaupstaðar gegn **HSIV**, þar sem stefnandinn, Akureyrarkaupstaður, hafði meðal annars og aðallega krafist viðurkenningar á eignarrétti á lóðum og öllum fjöru- og „strand“-réttindum í Bótinni og raunar meðfram Oddeyrinni allri, þar sem merkin voru sjórinn, hafði algerlega mistekist.

Af illskiljanlegum ástæðum var ekki fjallað um þessi málaferli, þessar lóðir og réttindi í Oddeyrarbótinni, í látunum í nóvember 1926. Sexmenningarnir, og þá einnig bæjarstjórinn, nefndu þennan hluta Oddeyrarinnar aldrei á nafn. Af frásögnum af borgarafundinum 04.11.1926 verður ekki séð, að þennan hluta Oddeyrarinnar og hina misheppnuðu málsókn bæjarstjórnarinnar hafi borið á góma. Er þetta illskiljanlegt í ljósi mikilvægis þeirra réttinda, sem tekist var á um í máli þessu.

Akureyrarkaupstað lá ekkert á að eignast **Oddeyrarhluta III**. Landið þar hlaut að byggjast smám saman næstu áratugi, eins og raun varð á, hvort sem landið eða lóðirnar væru í eigu Akureyrarkaupstaðar eða annarra. Hitt er ljóst, að mikið hagræði hefði verið fyrir Akureyrarkaupstað að eignast þennan stærsta hluta Oddeyrarinnar á þessum tíma, og að sjálfsögðu hlaut þetta að verða hinn mesti hvalreki fyrir kaupstaðinn, ef hann þyrfti ekkert fyrir hann að greiða.

Allt öðru máli gegndi um **Oddeyrarhluta II**, þar sem voru lóðir, lendur og réttindi í Oddeyrarbótinni. Þann hluta allan þyrfti bærinn að eignast strax, og þótt fyrr hefði verið, svo að hinar miklu framkvæmdir gætu hafist við hinn nýja miðbæ og hinar miklu hafnarframkvæmdir í Bótinni. Og, vel að merkja, þann hluta Oddeyrarinnar, lóðir og réttindin í Oddeyrarbótinni, hefði Akureyrarkaupstaður

ekki eignast, þótt tilboð Böðvars Bjarkan, lögmanns, og **KEA** í **Oddeyrarhluta III** hefði verið samþykkt.

Pennan hluta Oddeyrarinnar, **Oddeyrarhluta II**, hafa þeir Böðvar og Jón örugglega ekki boðið í þá, þar sem þá stóðu yfir málaferlin um hlutann. Þann hluta, **Oddeyrarhluta II**, ætlaði sem sagt bæjarstjórinn kaupstaðnum að eignast fyrir ekki neitt. Fyrir **Oddeyrarhluta III** sýnist bæjarstjórinn hafa ætlað að greiða Böðvari kr. 100.000, eftir því sem Böðvar upplýsti í *Íslendingi*, 47. tbl. 1926, 19.11.1926. Varla hefur Böðvar getað ákveðið það einhliða.

IV. Fundir í bæjarstjórn Akureyrar 12.10.1926 og 02.11.1926. Borgarafundurinn 04.11.1926. Tilraun bæjarstjórans til þess að ónýta kaupsamning HSIV og Ragnars Ólafssonar, dags. 18.09.1926.

Þriðjudaginn 12.10.1926, sem var 1. fundur bæjarstjórnarinnar eftir að málaferlunum um **Oddeyrarhluta II** lauk, að öllum líkindum með niðurfellingu málsins föstudaginn 08.10.1926, var haldinn reglulegur fundur í bæjarstjórn Akureyrar. Reglulegir fundir bæjarstjórnarinnar voru jafnan haldnir á þriðjudögum.

Greinarhöfundur hefur kannað sérstaklega, að ekkert var um mál þetta fjallað áður á fundum bæjarstjórnarinnar á árunum 1925 og 1926. Er því næsta öruggt, að 12.10.1926 er fyrst fjallað um kaup Akureyrarkaupstaðar á Oddeyrinni, jafnvel þótt Vestergaard lögmaður hafi óskað eftir tilboðum í eignina í lok ágústmánaðar 1926 um það bil sex mánuðum eftir að hann kom til Akureyrar þeirra erinda að selja þessar eignir. Engar heimildir hafa fundist um, að fyrirsvarsmenn Akureyrarkaupstaðar hafi óskað eftir fundi eða viðræðum við Vestergaard um þetta brýna hagsmunamál kaupstaðarins.

Í fundagerðarbók bæjarstjórnarinnar er meðal annars bókað:

Fundur 12. október 1926.

Ár 1926, þriðjudaginn 12. okt. hjelt bæjarstjórnin reglulegan fund á venjulegum stað kl. 4^{1/2} e. h.d. – Varaforseti setti fundinn, en forseti mætti og tók sæti sitt er fundurinn var nýbyrjaður. – Undirritaðir bæjarfulltrúar voru mættir auk bæjarstjóra. – Dagskrá fundarins var: [1, 2, 3, 4, 5] 6.0 [síðasti dagskrárliður] – Bæjarstjóri vakti máls á að nú myndi vera að því komið að Oddeyrin, eign Hinna sameinuðu ís-

lensku verslana, yrði seld. Talaði hann fyrir því að bærinn ætti að festa kaup á henni. – Ýmsir bæjarfulltrúar tóku til máls. Að umræðum loknum var borin upp svólátandi tillaga og samþykkt í einu hljóði: – Bæjarstjórnin samþykkti að fela bæjarstjóra að leitast fyrir um kaup á Oddeyrinni og lán til kaupanna ef til kemur. – Fleira ekki fyrirtekið. Fundargerð lesin upp og samþykkt. – Fundi slitið. – Steingrímur Jónsson, Ingimar Eydal, Sveinn Sigurjónsson, Óskar Sigurgeirsson, Erlingur Friðjónsson, Halldór Friðjónsson, Hallgrímur Jónsson, Jón Sveinsson.

Bókun þessi er eilítið loðin. Hún gat alveg eins átt við, að bæjarstjórinn ætti að „leitast fyrir um kaup á Oddeyrinni“ við Ragnar Ólafsson eins og **HSIV**. Þá veur sérstaka athygli, að ekkert er bókað um kauptilraun bæjarstjórans eða götusamtalið við Vestergaard 27.08.1926, ekki fremur en síðara götusamtalið, sem mun hafa verið skömmu fyrir fundinn eða 02.10.1926, þegar Vestergaard lögmaður tilkynnti bæjarstjóranum enn einu sinni, að seljandinn gæti ekki tekið skuldabréf Akureyrarkaupstaðar sem greiðslu fyrir eignirnar. Loks vaknar spurningin: Vissu bæjarfulltrúarnir, að bæjarstjórinn ætlaði að sniðganga Vestergaard í þessum tilraunum sínum? Hefði bæjarstjórnin samþykkt þessa tillögu bæjarstjórans, hefði hún vitað það?

Mesta athygli veur þó, að bæjarstjórinn minnst ekkert á málsóknina gegn **HSIV** og lyktir hennar. Hefði málsókn þessi borið einhvern árangur, má heita öruggt, að bæjarstjórinn hefði skýrt frá henni og lagt fram til dæmis endurrit dóms eða jafnvel sáttar.

Þar sem bæjarstjórinn gerði hvorugt, hlýtur að mega slá því föstu, að bæjarstjórinn kom algerlega tómhentur á þennan fyrsta fund bæjarstjórnarinnar, eftir að málsókninni lauk. Eftirtekjan af þessum málaferlum varð með öðrum orðum engin fyrir Akureyrarkaupstað.

Samkvæmt þessu má heita upplýst, að málsókn bæjarstjórans fyrir hönd bæjarstjórnar Akureyrar gegn **HSIV**, sem hófst með sáttakærunni 09.06.1926, varð árangurslaus með öllu.

EKKI er auðvelt að geta sér þess til, hvað bæjarstjóranum var efst í huga næstu daga eftir þennan fund 12.10.1926. Hitt liggur skjalfest fyrir, að 22.10.1926 sendi hann símskeyti, – ekki til umboðsmanns

seljandans, sem nánast var í kallfæri, – heldur til „Discontobank“ í Kaupmannahöfn, svohljóðandi:

„Da Salg Islandsforretningers Grundejendomme Oddeyri interesserer Akureyri Kommune venligst telegrafer følgende Oplysinger Stop Kan Salg foregaa mod delvis Betaling Kommunens Obligationer isaafald hvor mange Aar Stop vilde personlig Konference Köbenhavn lette Forhandlinger Stop Kommunen stoler paa faa Lejlighed indgive Tilbud inden Salg fastslaas.

Borgmesteren“



Ingimar Eydal.

Ljósmyndadeild Minjasafnsins á Akureyri.

Bæjarstjórinn nefnir nú ekki, að hann hafi fyrstur manna 27.08.1926 falast eftir kaupum á Oddeyrareignum.

Svar barst frá „Diskontobank“ daginn eftir, 23.10.1926, svohljóðandi:

Telegram modtaget behag henvende Dem [til] Landsretssagfører Vestergaard Islandsforretningerne Akureyri. – Diskontobank.

Þessu stutta svári eða bráðabirgðasvari var fylgt eftir með svohljóðandi skeyti, dags. 23.10.1926:

TIL Borgmesteren Akureyri.

Vi modtog Deres Telegram af Gaars Dato sem følger:

„Da Salg Islandsforretningers Grundejendomme Oddeyri interesserer Akureyri Kommune venligst telegrafer følgende Oplysinger Stop kan Salg foregaa mod delvis Betaling Kommunens Obligationer isaafald hvor mange Aar Stop vilde personlig Konference Köbenhavn lette

Forhandlinger Stop Kommunen stoler paa faa Lejlighed indgive Tilbud inden Salg fastslaas,“

hvorefter vi idag afsendte følgende Telegram til Dem:

„Telegram modtaget behag henvende Dem [til] Landsretssagfører Vestergaard Islandsforretningerne Akureyri“, i det Landsretssagfører Vestergaard af Selskabets Bestyrelse i sin Tid blev ansat til at administrere Selskabets Anliggender paa Island.

Med Højagtelese – KØBENHAVNS DISKONTOBANK OG REVISIONSBANK AKTIESELSKAB I LIKVIDATION

Bæjarstjóri sendi nú annað skeyti, dags. 25.10.1926, svohljóðandi:

Jeg har den 22. ds. sendt Dem et Telegraf saalydende:

„Da Salg Islandsforretningers Grundejendomme Oddeyri interesserer Akureyri Kommune venligst telegrafer følgende Oplysninger Stop Kan Salg foregaa mod delvis Betaling Kommunens Obligationer isaafald hvor mange Aar Stop Vilde personlig Konference Köbenhavn lette Forhandlinger Stop Kommunen stoler paa faa Lejlighed indgive Tilbud inden Salg fastslaas.“

hvilket herved bekræftes.

Den 23. ds. har jeg modtaget Deres Svar-Telegram, som følger: „Telegram modtaget behag henvende Dem Landsretssagfører Vestergaard Islandsforretningerne Akureyri.“

För jeg telegraferede Dem **havde jeg to Gange konfereret** med Landsretssagfører Vestergaard om Köb af Selskabets Grundejendom i Oddeyri. Ganske vist kunde jeg ikke straks indgive definitivt Tilbud, især da jeg ikke havde tilstrækkelig Kundskab til de forskellige Lejekontrakter om de udskilte Grundstykker. Men min Mening var at indlede Forhandlinger med Hr. Vestergaard om Köbet, hvilke dog egentlig aldrig kom i Stand, idet jeg fra Hr. Vestergaard hverken kunne faa nogen Tilbud eller Oplysninger om eventuelt Prisforlangende der kunde danne Grundlag for fortsatte Forhandlinger. I det hele taget havde jeg ikke det Indtryk at Salg af Ejendommen til Akureyri Kommune videre interesserede Hr. Vestergaard. Da han saa bortrejste herfra uden at jeg fik talt med ham paany, **netop nogen dage efter at Byraadet havde vedtaget at indlede Forhandlinger om Köbet**, og især da der her i Byen samtidig gik Rygter om et nær forestaaende Salg af Ejendommen til andre, turde jeg ikke vente paa Hr. Vestergaards Ankomst hertil,

maaske først om en Maaned's Forløb, men foretrak at telegrafere til Dem. – Nu har jeg i gaar modtaget Hr. Vestergaards Telegram saalydende:

„Da Salget af Islandsforretningers Ejendomme som tidligere meddelt kun foregaar gennem mig, har Discontobanken sendt mig Deres Telegram og bedt mig besvare det stop. **Da De allerede havde indledet Forhandlinger med mig og fra disse kendte mit Standpunkt at der maatte fremkomme et Tilbud var det overflødig at spørge andetsteds.**“

I Henhold hertil vil jeg saa igen indlede Forhandlinger med Hr. Vestergaard, saasart han kommer tilbage til Byen, og stoler jeg paa at der ikke bliver bestemt noget angaaende Salget før jeg faar Lejlighed til yderligere Forhandlinger med ham.

Pessu næst fær bærarstjóri bréf frá Vestergaard, dags. 01.11.1926, svohljóðandi:

Til Borgmesteren Akureyri

Herved staadfester jeg mit Telegram af 23 f.M. saalydende:

„Da Salget af Islandsforretningers Ejendomme som tidligere meddelt kun foregaar gennem mig har Diskontobanken sendt mig Deres Telegram og bedt mig besvare det Stop. **Da De allerede havde indledet Forhandlinger med mig og fra disse kendte mit Standpunkt at der maatte fremkomme et Tilbud var det overflødig at spørge andetsteds**“

Samt anerkender Modtagelsen af Deres Telegram af 25 s.M. som følger:

„Deres Gaartelegram modtaget indleverer fast tilbud naar jeg faar specificeret kjenskab til de gældende lejekontrakter enkelte grundstykker med mere“.

Jeg benytter Lejligheden til at meddele, at det forekommer mig at være en Taktløshed saavel mod Köbenhavns Diskontobank og Revisionsbank som mod mig, at De uden forudgaaende Meddelelse til eller Tilladelse fra mig har henvendt Dem til mine Mandanter og jeg forventer derfor at modtage Deres Undskyldning for denne usædvanlige Fremgangsmaade.

Vestergaard er nú bersýnilega mjög misboðið.

Enn fær bærarstjóri bréf frá Vestergaard, dags. 01.11.1926, sem

berst þó ekki bæjarstjóra fyrr en daginn eftir, 02.11.1926, svohljóðandi:

I Anledning af Deres Udtalelse i Telegram af 25. f.M. om efter nærmere Undersøgelser at ville fremkomme med Tilbud om Køb af De forenede Islandsforretningernes Grunde her i Byen tillader jeg mig at meddele, at mine Forhandlinger om Salg af Selskabets Etablissement allerede for nogen Tid siden blev afsluttet med Undertegnelse af Købekontrakt. Jeg beklager derfor at maatte meddele, at Byen ikke kan komme i Betragtning som Köber af Oddeyri.

Bæjarstjóri sendi nú „Discontobank“ símskeyti 02.11.1926, svohljóðandi:

„Jeg har straks efter Modtagelsen [af] Deres Telegram forsøgt Forhandlinger [med] Landsretssagfører Vestergaard og anmodet ham faa Lejlighed gøre Bud í Ejendommene Oddeyri Stop Jeg er dog hele Tiden ved Udflugter holdt udenfor sköndt Kommunen stærkt interesseret Köbet Stop Nu meddeler Vestergaard Købekontrakten er undertegnet allerede for nogen Tid siden Stop Mener De det forhold sig rigtig med det foregivne Salg saaledes at Vestergaard kun har holdt Akureyri Kommune for Nar Stop Godhedsfulde telegrafer.“

Sama dag, 02.11.1926, sendi bæjarstjóri bréf til Vestergaard, svohljóðandi:

„I Anledning af Deres ærede Brev af 1. ds. tillader jeg mig at forespørge, om det virkelig er Deres Agt at stille det som en absolut Betingelse for fortsat Forhandling om Køb af De Forenede Islandsforretningers Ejendomme, at jeg udmyger mig ved at bede Dem om Undskyldning for en Fremgangsmaade, jeg efter Omstændighederne ansaa for den vigtigste, uden at det dog var min Mening I nogen Henseende at fornærme Dem eller nogen anden. Endvidere havde jeg ikke faaet nogen Besked om at Salget af Ejendommen burde foregaa kun igennem Dem, som De siger i Deres Telegram af d. 23. f. M. Da vilde jeg gjerne faa at vide hvorvidt jeg kan forvente at modtage den Specificering om de gældende Lejekontrakter og andet vedrørende Ejendommene, jeg har anmodet Dem at tilstille mig inden jeg kan gøre noget fast Tilbud.“

Hið næsta, sem gerðist í málinu, var, að haldinn var reglulegur fundur í bæjarstjórn Akureyrar þennan sama dag, þriðjudaginn 02.11.1926:

Ár 1926, þriðjudaginn 2. nóvember, hjelt bæjarstjórnin reglulegan fund á venjulegum stað kl. 420 e. h. d. – Undirritaðir bæjarfulltrúar voru mættir á fundinum auk bæjarstjóra. – Dagskrá fundarins var: – [1.0, 2.0, 3.0, 4.0, 5.0, 6.0, 7.0, 8.0] – 9.0 – Hjer var fundinum lokað og samkvæmt leyfi bæjarstjórnar tók bæjarstjóri til máls og tilkynnti bæjarstjórninni að hr. Landretssagförer H. Vestergaard hefði brjeflega tilkynnt sjer í dag að Oddeyrin væri fyrir nokkru öðrum seld. Skýrði bæjarstjórinn frá samningaumleitunum sínum við málafærslumanninn og Disconto- og Revisionsbanken Kaupmannahöfn viðvíkjandi kaupunum á Oddeyrinni. – Lætur bæjarstjórnin undrun sína og gremju í ljósi yfir úrslitum þessa máls og telur hún að bærinn sje gabbi og gjöræði beittur í málinu þar sem bæjarstjórninni sje bægt frá að gera tilboð um kaup á eignunum.

Fleira var eigi fyrirtekið. – Fundarbók lesin upp og samþykkt. – Fundi slitið.

Steingrímur Jónsson, Sig. Ein. Hlíðar, Kristján Árnason, Halldór Friðjónsson, Hallgrímur Jónsson, Ingimar Eydal, Jón Sveinsson.

Svo sem greint hefur verið frá, var borgarafundurinn haldinn í framhaldi af þessum fundi bæjarstjórnarinnar eða tveimur dögum síðar, fimmtudaginn 04.11.1926. Erfitt er að verjast þeirri hugsun, að ósk bæjarstjórans um fyrirtöku á málinu á bæjarstjórnarfundinum 02.11.1926 hafi fyrst og fremst verið til þess að undirbúa borgarafundinn 04.11.1926, eða tveimur dögum síðar.

Næsti leikur bæjarstjórans var að senda „Discontobank“ símskeyti 16.11.1926 svohljóðandi:

Vort Telegram til Dem 2/11 endnu ubesvaret. Er Salget ganske fastslaaet saaledes at Akureyri Kommune maa opgive enhver Tanke om Køb Oddeyri hvis ikke Forkøbsret haves [i] Henhold gældende Love Stop Vi maa endnu haabe De maatte ansee Akureyri Kommune Svarværd. Beder Dem igen telegrafere. – Borgmester.

Þessu skeyti var svarað 19.11.1926. Í millitíðinni barst bæjarstjóra

hins vegar skeyti, dags. 18.11.1926, frá Englandi frá Louis nokkrum Zöllner (1854-1945), sem fyrr er getið og sem búsettur var í Newcastle on Tyne. Zöllner var danskur kaupskýslumaður og átti margvísleg viðskipti við Íslendinga og íslensk fyrirtæki. Meðal annars varð hann umboðsmaður fyrir Kaupfélag Þingeyinga árið 1886 og annaðist fyrir kaupfélagið, og fleiri íslensk fyrirtæki, sölu á sauðfé á fæti o. fl. í Englandi. Sem fyrr segir tók Zöllner sæti í stjórn **HSIV** árið 1921, er hann varð hluthafi í félaginu. Augljóslega hefur bæjarstjórinn sent Zöllner skeyti, þar sem hann biður Zöllner um að kanna, hvort Vestergaard hafi haft heimild eða umboð til þess að selja Ragnari Ólafssyni eignirnar og hvort kaupsamningurinn 18.09.1926 sé bindandi. Bæjarstjórinn hugðist með öðrum orðum reyna að ónýta söluna til Ragnars Ólafssonar samkvæmt kaupsamningnum 18.09.1926. Þetta skeyti bæjarstjórans virðist ekki hafa varðveist.

Svar Zöllner var svohljóðandi:

Forelegger Bestyrelsen Deres Telegram adspørgende hvorvidt Vestergaard havde retslig Bemyndigelse foretage sligt Salg. – Louis

Svarskeytið, sem bæjarstjóra barst frá „Diskontobanken“ 19.11.1926, hljóðaði svo:

Maa som tidligere telegrafisk meddelt henviser dem til Forhandling med Landsretssagfører Vestergaard i omtelegraferede anliggende. – Diskontobank

Loks barst bæjarstjóra svohljóðandi skeyti, dags. 30.11.1926, frá Louis Zöllner:

Jeg modtog Deres æ/ Telegram af 18de dennes, i Svar paa hvilket jeg samme Dag telegraferede Dem som følger: – „Forelægger Bestyrelsen Deres Telegram, adspørgende hvorvidt Vestergaard havde retslig Bemyndigelse foretage sligt Salg“. – Paa min Forespørgsel, om hvorvidt Salget maa betragtes som bindende for Selskabet, har jeg fra Bestyrelsen modtaget det Svar, at den Herr Vestergaard givne General-fuldmagt er saaledes, at Selskapet er nødt til at respektere de af ham

truffne A[fg]lörelser. Der synes derfor intet mere at gjöre ved denne Sag.

Þetta skeyti til Jóns bæjarstjóra 30.11.1926 var svar við skeyti Jóns 18.11.1926.

Þetta skeyti sendi Jón, eftir að hafa sent „Discontobank“ símskeyti 16.11.1926, þar sem hann ítrekaði óskir sínar í skeyti 02.11.1926, þegar Vestergaard hafði formlega tilkynnt Jóni, að eignin væri þegar seld „allerede for nogen Tid siden“.

Að framan hafa verið rakin bréfa- og skeytaskipti bæjarstjórans, að minnsta kosti þau, sem varðveist hafa í skjalasafni Akureyrarkaupstaðar, frá 22.10.1926 til 30.11.1926, til: **KØBENHAVNS DISKONTOBANK OG REVISIONSBANK, AKTIESELSKAB I LIKVIDATION**, umboðsmanns slitanefndar bankans, **Harald Vestergaard**, og **Louis Zöllner**, kaupsýslumanns í Newcastle on Tyne, og stjórnarmanni í **HSIV**.

Þessar bréfa- og skeytasendingar bæjarstjórans og tilraunir hans til þess að ná kaupum á Oddeyrinni eða að ónýta kaupin samkvæmt kaupsamningnum, dags. 18.09.1926, við Ragnar Ólafsson urðu, svo sem vænta mátti, með öllu árangurslausar.

Óþarft er að greina þessar skeytasendingar sérstaklega. Þær skýra sig sjálfar.

Sérstök athygli er þó vakin á því, sem Vestergaard segir í skeyti sínu til bæjarstjórans 23.10.1926, að „... der maatte fremkomme et Tilbud...“: Það varð að koma fram tilboð. Í þessu felst ekki annað en það, sem óþarft ætti að vera að taka fram sérstaklega: Ef bæjarstjórninn vildi koma til álita sem tilboðsgjafi eða kaupandi um mánaðamótin ágúst/september 1926 í Oddeyrareignirnar, varð hann eins og aðrir að gera sérstakt tilboð í eignirnar. Að öðrum kosti gat Akureyrarkaupstaður ekki komið til álita sem tilboðsgjafi í þessar eignir.

Þá vaknar eðlilega sú spurning: Hvers vegna lagði Jón Sveinsson, bæjarstjóri, þessa ofuráherslu á að reyna ná kaupum á eigninni af slitanefnd bankans, jafnvel svo seint sem 16.11.1926, eða eftir borgarafundinn, sem haldinn var 04.11.1926, og eftir að Vestergaard hafði með fyrrgreindu bréfi, dags. 01.11.1926, sem barst bæjarstjórn-

anum degi síðar, formlega tilkynnt bæjarstjóranum, að eignirnar væru þegar seldar?

Á borgarafundinum 04.11.1926 hafði kaupandi og eigandi eignanna lýst yfir, að hann væri reiðubúinn að selja Akureyrarkaupstað eignina, að minnsta kosti **Oddeyrarhluta III**, eða þann hluta sem Böðvar Bjarkan sýnist hafa reynt að ná kaupum á í samráði við bæjarstjóran. *Íslendingur* greinir svo frá í 45. tbl. 05.11.1926:

„Á bæjarstjórnarfundi síðastliðinn þriðjudag varð það kunnugt, að Hinar sam. ísl. verzlani, er verið hafa eigendur Oddeyrarinnar síðan Gránufélagið uppleystist, hefðu selt hana með öllum mannvirkjum, verzlunarhúsum, vörubirgðum og útistandandi skuldum verzlunarinnar. Hver eða hverjir væru kaupendur var ekki skýrt frá, en sú saga flaug þó samhliða, að Ragnar Ólafsson konsúll og einhverjir í félagi með honum myndu vera kaupendurnir.

Ísl. hafði tal af konsúlnum á miðvikudagsmorguninn og spurðist fyrir um, hvað hæft væri í þessu. Svaraði konsúllinn því, að það væri rétt hermt, að hann ásamt fleirum hefðu keypt allar eignir Hinna sam. ísl. verzlana hér á staðnum af umboðsmanni eignanna, Har[a]ld [V] estergaard málafærslumanni, er hér hefir verið uppi nú um hríð fyrir hönd Revision- og Discontobankans í Khöfn, en verzlanið voru í seinni tíð á bankans vegum. Kaupin hefðu raunar gerst snemma í haust, þótt þau væru ekki kunngerð fyr en nú, en til þess hefðu legið sérstakar ástæður. Hvað kaupverð eignanna hafi verið, lét konsúllinn ekki uppi.

– Voruð það ekki fleiri en þér, sem gerðuð kauptilboð í Oddeyrina?

– Jú, er svarið. Böðvar Bjarkan lögmaður mun hafa gert tilboð tím-anlega í haust, en það mun hafa þótt of lágt.

– En bærinn? Gerði hann ekki kauptilboð?

– Nei, en hann, eða bæjarstjórinn fyrir hans hönd, mun hafa farið að þreifa fyrir sér og grenslast eftir söluskilmálum eftir að kaupin voru fullgerð. Og satt að segja álit ég, að bærinn hafi ekkert haft að gera með þessar eignir Hinna sam. ísl. verzlana, að undanskildum byggingarlóðunum og strandlengjunni upp með Oddeyrinni, og þann hluta eignanna erum við viljugir til að selja bænum með sanngjörnum kjörum, fari hann þess á leit.“

Hvers vegna vildi bæjarstjórinn ekki samningaviðræður við hinn nýja eiganda, ekki síst í ljósi þess, að Vestergaard lögmaður hafði í síðara götusamtalinu við bæjarstjóran 02.10.1926 enn og aftur af-

tekið með öllu að lána bænum kaupverðið, eftir því sem bærarstjórinn hafði sjálfur upplýst? Lá ekki beinast við að reyna að ljúka málinu við hinn nýja eiganda, sem þess utan hafði lýst yfir á borgarafundinum 04.11.1926, að hann væri fús að selja bænum eignirnar eða hluta þeirra við betri kjörum en slitanefnd bankans?

Í þessu sambandi rifjast enn upp frásögn í bærarblöðunum af borgarafundinum 04.11.1926 um tillögu Axels Kristjánssonar, kaupmanns, sem fyrr er getið á bls. 78-79. Einungis Axel greiddi þessari tillögu atkvæði. Þá hafði fundurinn rétt áður samþykkt tillögu Brynleifs Tobiassonar, sem borin var fram á undan tillögu Axels, svohljóðandi:

„Almennur borgarafundur á Akureyri telur bærarfélaginu ómetanlegt tjón bakað með því, að Oddeyrin skuli hafa gengið úr greipum bæjarins við síðustu eigendaskifti. Lýsir fundurinn megnri gremju yfir úrslitum þessa máls og þeim brögðum, sem beitt hefir verið til þess að koma í veg fyrir að Akureyrarkaupstaður gæti gert kauptilboð í eignina.

Skorar fundurinn á bærarstjórinn að víta fyrir fyrrverandi eigendum og umráðamönnum Oddeyrar söluaðferð þá, er beitt hefir verið, og reyna af fremsta megni, ef nokkur leið er fyrir hendi, að fá kaupunum rift, í þeim tilgangi að bærarfélaginu geti gefist kostur á að gera kauptilboð í Oddeyrina.“

Þessi samþykkt fundarins, sem ef að líkum lætur hefur verið runnin undan rifjum bærarstjórans og nóta hans, er illskiljanleg og bersýnilega tilgangslaus. Því verður ekki trúað, að bærarstjórinn og bandamenn hans hafi talið, að þessi kaup yrðu ónýtt.

Mátti alls ekki reyna að ljúka þessu brýna hagsmunamáli bæjarins með samningum? Mátti ekki einu sinni láta á það reyna, hver kjör voru í boði hjá hinum nýja eiganda? Vildi bærarstjórinn ef til vill frekari málaferli?

Af öllu undarlegu í þessum síðari hluta leikþáttarins hlýtur þetta framferði bærarstjórans og bandamanna hans að vekja mesta undrun. Voru þessir fundarmenn ef til vill fremur að hugsa um hagsmuni **KEA** en Akureyrarkaupstaðar?

Sem fyrr segir, fékk bærarstjórinn þau skilaboð í skeyti frá Louis



Bóðvar Bjarkan.

Ljósmyndadeild Minjasafnsins á Akureyri.

Zöllner 30.11.1926, að svo virtist sem þýðingarlaust væri að reyna að ónýta kaupin við Ragnar Ólafsson:

„Der synes derfor intet mere at gjøre ved denne Sag.“

Næstu daga fjarar málið út í bæjarblöðunum og var að heita má ekki minnst á málið síðustu sex vikurnar fyrir bæjarstjórnarkosningarnar 20.01.1927, ekki einu sinni í síðustu blöðunum fyrir kosningadaginn. Af og til var þó fjallað um málið í bæjarblöðunum eftir kosningarnar 1927. Virðist sem mál þetta og lyktir þess hafi verið sumum

andstæðingum Ragnars of stór biti til þess að kyngja.

Málið var næst tekið fyrir á reglulegum fundi bæjarstjórnarinnar þriðjudaginn 11.01.1927 undir tölulið 7.0. Bókunin í fundargerðarbók hljóðar svo:

Rætt um kaup á Oddeyrinni. Bæjarstjóri bar fram fyrirspurn til bæjarstjórnarinnar um, hvort hún óskaði að leitað yrði kaupa á Oddeyrinni hjá núverandi eiganda hennar Ragnari Ólafssyni bæjarfulltrúa. Var rætt um málið allmikið og að lokum samþykkt að vísa því til fjárhagsnefndar til athugunar, og til að leita kautilboða.

Undir fundargerð þessa rituðu allir viðstaddir, þeir Steingrímur Jónsson, bæjarfógeti, Sigurður E. Hlíðar, Ingimar Eydal, Halldór Friðjónsson, Óskar Sigurgeirsson, Jakob Karlsson, Kristján Árnason, Hallgrímur Jónsson, Erlingur Friðjónsson og Jón Sveinsson, bæjarstjóri. Fjarverandi voru samkvæmt þessu Ragnar Ólafsson og Sveinn Sigurjónsson.

Næst var málið tekið fyrir á fundi bæjarstjórnarinnar fimmtu-

daginn 27.01.1927, undir tölulíð 4.0. Var þetta síðasti fundur fráfara-
andi bæjarstjórnar eftir kosningarnar 20.01.1927. Bókunin í funda-
gerðarbók hljóðar svo:

„Rætt um kaup á Oddeyrinni. Bæjarstjórnin samþykkti eftir nokkrar umræð-
ur svohljóðandi tillögu:

Bæjarstjórnin samþykkti, að fengnu leyfi Stjórnarráðs Íslands, að
kaupa Oddeyrina af hr. kaupm. Ragnari Ólafssyni fyrir:

[bókun efnislega samhljóða kaupsamningi, dags. 31.01.1927, á bls.
XX-XX]

Að öðru leyti gefur bæjarstjórnin fjárhagsnefnd, (bæjarstjóra og Jakob
Karlssyni) umboð til, að gera nánari samninga, fyrir sína hönd um
kaup á Oddeyrinni vð kaupm. R. Ólafsson.

Var tillaga þessi samþykkt með 8 samhljóða atkvæðum.

Í sambandi við tillöguna var önnur tillaga borin upp til atkvæða svohljóð-
andi:

Bæjarstjórnin felur bæjarstjóra að útvega lán, ef fáanlegt er, í Lands-
bankanum, helst með veðdeildarkjörum, með kaup á Oddeyrinni fyrir
augum.

[...]

Tillaga þessi var samþykkt einróma.

[...]

Það skal bókað, að bæjarfulltrúi Ragnar Ólafsson fór af fundinum
áður en 4. liður dagskrárinnar var tekinn til umræðu. – Í fundarlok
þökkuðu Bæjarstjóri og forseti hinum fráfaraandi bæjarfulltrúum Jakob
Karlssyni, Hallgrími Jónssyni og Kristjáni Árnasyni, með fögrum orð-
um, fyrir góða samvinnu í bæjarstjórninni og báðu þeim blessunar í
framtíðinni. [...]

Fleira eigi tekið fyrir.

Fundarbók lesin og samþykkt.

Fundi slitið.

	Steingrímur Jónsson
Sig. Ein. Hlíðar	Halldór Friðjónsson
Kristján Árnason	JKarlsson
Hallgrímur Jónsson	Ingimar Eydal
Erlingur Friðjónsson	Óskar Sigurgeirsson
	Jón Sveinsson“

Næst gerist það í málinu, að fundað er í fjárhagsnefnd á skrifstofu
bæjarstjóra mánudaginn 05.09.1927. Bókun nefndarinnar hljóðar
svo:

„Ár 1927, mánudaginn 5. sept. komu undirritaðir fjárhagsnefndarmenn [Jón Sveinsson og Steinþór Guðmundsson] saman á fund á skrifstofu bæjarstjóra.

Var þá fyrir tekið:

1. Kaupsamningur við Ragnar Ólafsson kaupmann, um kaup á Oddeyrinni, dags. 21. jan. 1927. Þar sem veðdeildarlán er ekki fánlegt leggur nefndin til að bæjarstjórnin samþykki að sætt verði skilmálum þeim, sem settir eru í b. lið 2. greinar í nefndum samningi, um kaupverðið og greiðslu þess, sem sje, að kaupverðið sje kr. 120,000,00 – eitt hundrað og tuttugu þúsund krónur – er greiðist á 40 árum með jafnri upphæð í árlegri greiðslu vaxta og afborgana, samkvæmt fyrirmælum samningsins.“

Þá var fundað um málið í bæjarstjórn þriðjudaginn 06.09.1927 undir tölulið 4.0 og bókað:

„Ár 1927, þriðjudaginn þann 6. september hjelt bæjarstjórnin reglulegan fund í þingsal sínum kl. 4,15 e. h. d.

[...]

4.0

Fundargerð fjárhagsnefndar, dags. í gær, í 2 liðum, lesin upp og eftir nokkrar umræður samþykkt óbreytt.“

Jón Sveinsson, bæjarstjóri, ritaði þessu næst Ragnari Ólafssyni bréf, dags. 14.09.1927, svohljóðandi:

„Bæjarstjórnin hefur, á fundi sínum 6. þ. m., samþykkt eptirfarandi útdrátt úr gjörðabók fjárhagsnefndar kaupstaðarins [sjá nánar fyrrgreinda bókun fjárhagsnefndar].

Jafnframt því að tilkynna yður þetta, herra ræðismaður, óska jeg þess að þjer sendið mjer brjef aptur, þar sem þjer lýsið yfir að þjer hafið meðtekið brjef þetta.“

Sem svar við bréfi þessu ritaði Ragnar Ólafsson loks bæjarstjóra bréf, dags. 22.11.1927, svohljóðandi:

„Með brjefi yðar dags. 14/9 Þ.á. tilkynnið þjer mjer herra bæjarstjóri, að bæjarstjórnin hafi samþykkt á fundi sínum Þ. 6. sama mán. – að ganga að B. lið 2. greinar kaupsamnings milli mín og bæjarstjórnar

útaf Oddeyrarkaupum, þar sem kaupverðið er ákvæðið **kr. 120.000.00**, en sem greiðist með jafnri upphæð í árlega greiðslu vaxta og afborgana, samkv. fyrirmælum sammingsins.

Þar sem þetta er í samræmi við ákvæði tjeðs sammings, en bæjarstjórnin ekki hefir sjeð sjer fært að útvega peningalán til kaupanna, svo hægt væri að greiða mjer andvirðið á 2 árum **kr. 100.000** eins og ég þó áður hafði tjáð bæjarstjórninni að mjer væri kærast, verð jeg því að láta við þetta lynda, og samþykki því hjermeð þessa ráðstöfun bæjarstjórnarinnar.

Virðingarfullst, Ragnar Ólafsson“

Þar með lauk endanlega og formlega Oddeyrarviðskiptum svokölluðum árin 1926 og 1927, þó að salan til Akureyrarkaupstaðar hafi endanlega verið ráðin með kaupsamningnum 31.01.1927.

V. Lokaorð.

Að framan hefur verið staðhæft, að Akureyrarkaupstaður hafi eignast þessa **Oddeyrarhluta II** og **III** að heita má útlátalaust. Í ársreikningum Akureyrarkaupstaðar á þessum tíma, rekstrarreikningi, var liður III, sem nefndist: „Tekjur af fasteignum“. Fyrir árið 1926 voru þar tveir töluliðir: 5. tl. „Tekjur af jarðeignum“; og 6. tl. „Tekjur af húseignum“.

Í ársreikningi 1927 bættist hins vegar við einn liður, sem urðu þá þrír, og nú undir lið II: „Tekjur af fasteignum:“ 6. tl. var „Tekjur af jarðeignum“; 7. tl. „Tekjur af Oddeyrinni“; og 8. tl. „Tekjur af húseignum“. Samkvæmt ársreikningum fyrir árin 1927, 1928, 1929 og 1930 voru tekjur og gjöld af Oddeyrinni, **Oddeyrarhluta III** eingöngu, sem hér segir samkvæmt samþykktum ársreikningum Akureyrarkaupstaðar:

	Gjöld:	Tekjur:
Ár 1927:	1. afb. láns 8.066,00	3.762,36
Ár 1928:	2. afb. láns 7.946,82	6.349,29
Ár 1929:	3. afb. láns 7.946,82	11.848,83
Ár 1930:	4. afb. láns 7.946,82	12.073,15
Samtals:	31.906,46	34.033,63
Tekjur:	2.127,17	0,00
Jöfnuður:	34.033,63	34.033,63

Samkvæmt þessu voru tekjurnar á 3. ári eignarhalds Akureyrar-kaupstaðar, árið 1929, orðnar meiri en gjöldin eða sem nam **kr. 3.902,01**. Tekjurnar voru eingöngu lóðatekjur og voru því nettótekjur. Steinþór Guðmundsson reyndist því sannspár í grein sinni í *Verkamanninum* 24.08.1929, sbr. tilvitnun á bls. 52.

Ofangreindar tekjur voru eingöngu af **Oddeyrarhluta III**. Tekjur af **Oddeyrarhluta II**, sem færður var sem eign Hafnarsjóðs Akureyrar, voru því færðar Hafnarsjóði til tekna. Lóðatekjur Hafnarsjóðs voru hins vegar ekki sundurliðaðar í ársreikningum. Af ársreikningum verður því ekki ráðið, hverjar tekjur voru af þeim eignum **Oddeyrarhluta II**, sem Ragnar Ólafsson seldi Akureyrar-kaupstað.

Hins vegar sést af ársreikningum Hafnarsjóðs, að óveruleg tekju-aukning verður árin 1927 og 1928. Árin 1929 og 1930 aukast tekjur þessar hins vegar til muna. Engin leið er þó að sjá, af hverjum eignum þessar tekjur eru, enda skiptir það ekki höfuðmáli í samhengi máls þessa.

Það, sem máli skiptir, er, að tekjur Akureyrar-kaupstaðar af þeim eignum, sem kaupstaðurinn keypti af Ragnari Ólafssyni með kaupsamningi 31.01.1927, voru mun meiri en afborganirnar af láni Ragnars til kaupstaðarins vegna kaupanna. Eingöngu fyrstu tvö árin, árin 1927 og 1928, hrökkva tekjur af **Oddeyrarhluta III** ekki fyrir afborguninum og þarf Akureyrarbær þá að leggja út **kr. 4.303,64** vegna ársins 1927 og **kr. 1.597,53** vegna ársins 1928. Eftir það eru tekjurnar meiri og mun meiri aðeins 3-4 árum síðar. Árið 1930 eru

tekjur samtals orðnar meiri en afborganirnar og sennilega þegar árið 1929.

Því er ekki ófínaelt, þegar sagt er, að þessi kaup hafi verið Akureyrarbæ útlátalaus.

Gaf þá Ragnar Ólafsson Akureyrarkaupstað Oddeyrareignirnar?

Gísli Jónsson virðist gefa það í skyn í grein sinni í *Lesbók Morgunblaðsins* í janúar 1972, er Gísli segir að öllum líkindum án frekari athugunar eftir heimildarmanni sínum:

„Litlu síðar seldi Ragnar bænum eignir þessar að undanskildum Tanganum, og voru kaupin og kjörin samþykkt einróma í bæjarstjórn. Kaupfélagi Eyfirðinga seldi hann hins vegar miklar eignir á Tanganum. **Ekki er mér kunnugt, hvort hann hefur miklu aukíð við auðlegð sína með þessum síðustu stórviðskiptum, er hann gerði.**“

Engar heimildir eða sagnir eru til um, að Ragnar sjálfur hafi litið svo á, að hann hafi gefið Akureyrarbæ hluta Oddeyrarinnar með kaupsamningnum 31.01.1927. 120 þúsund króna skuldabréf, með öruggum skuldara, var heilmikið fé árið 1927, jafnvel þótt skuldabréfið væri til 40 ára og að sjálfsögðu óverðtryggt. Verðtrygging skuldabréfa, sem fyrst var heimiluð árið 1980 með Ólafslögum svokölluðum, þekktist ekki á þessum tíma.

Afföll af skuldabréfum árið 1926 voru þó einhver á þessum tíma og stundum talsverð, oft á bilinu 20-40%, eftir því sem næst verður komist, og að sjálfsögðu meiri eftir því sem lánstíminn var lengri. Samkvæmt kaupsamningnum 31.01.1927 hefur Ragnar sjálfur metið þessa fjárhæð skuldabréfsins, kr. 120.000, jafngildi kr. 100.000 samkvæmt 2. gr. a. í kaupsamningnum, sem að vísu átti að greiðast á tveimur árum. Jafngildir þetta 16,667% afföllum.

Ljóst er samkvæmt framangreindu, að greiðslukjörin í þessum kaupum voru mjög hagstæð eða öllu heldur einstök, sérstaklega í ljósi tekjumöguleika af eignunum. Ekki er þó víst, að aðrir en Akureyrarkaupstaður hefðu fengið þessar eignir við þessum kjörum, til dæmis KEA eða SÍS. Ekki er ólíklegt, að Ragnar hafi talið það borgaralega skyldu sína að tryggja, að Akureyrarkaupstaður fengi þessar

eignir til eignar og umráða milliliðalaust hið fyrsta og við sem best-um kjörum.

Fleira kemur þó til í þessu samhengi.

Hafi þessi kaup verið Akureyrarkaupstað útlátalaus, má með sama hætti segja, að þessi sala hafi verið Ragnari útlátalaus. Svo hagstæð má telja þessi viðskipti Ragnars við **HSIV** með kaupsamningnum 18.09.1926, að auðveldlega má sýna fram á, að hann hefur ekki tapað á þessum viðskiptum, ef þau eru gerð upp í heild sinni, með venju-
legum fyrirvörum, því að vitaskuld verða jafnan einhverjir óvissu-
þættir í slíkum útreikningum.

Þvert á móti er full ástæða til þess að ætla, að Ragnar hafi sjálfur litið svo á, að þessi viðskipti væru honum hagstæð, þótt hann hafi afsalað Akureyrarkaupstað hluta Oddeyrarinnar með þeim vildar-
kjörum, sem greint hefur verið frá.

Útreikninga um þetta mætti til dæmis setja upp með þessum hætti:

Kaupverð eignanna		325.000
Söluandvirði Oddeyrarinnar til Akureyrar- kaupstaðar, núvirt eftir mati seljandans, R. Ól.	100.000	
Söluandvirði íshússins til KEA í árslok 1926	80.000	
Söluandvirði Strandgötu 49	45.000	
Matsverð síldarplana á Siglufirði	120.000	
Söluandvirði eigna á Norðfirði	50.000	
<u>Samtals kr.</u>	<u>395.000</u>	<u>325.000</u>
<u>Mismunur kr.</u>		<u>70.000</u>
<u>Jöfnuður kr.</u>	<u>395.000</u>	<u>395.000</u>

Mismunur samkvæmt þessu Ragnari í vil er **kr. 70.000**. Þá eru ótaldar ýmsar fasteignir hér og þar um Eyjafjörð og á Siglufirði, einnig viðskiptakröfur og annað lausafé, og ekki síst **Oddeyrarhluti IV**, eða Oddeyrartanginn eins og hann lagði sig, lóðir og lendur, mannvirki, bryggjur og uppsátur, sem Ragnar undanskildi sölunni til Akureyrarkaupstaðar samkvæmt kaupsamningnum 31.01.1927. Óhætt er því að slá því föstu, að fjarri fari, að Ragnar hafi tapað á þessum viðskiptum í heild sinni. Færa má gild rök fyrir því, að hann

hafi þvert á móti hagnast ágætlega á þessum viðskiptum, jafnvel svo að hann hafi borið úr býtum að minnsta kosti Oddeyrartangann allan eða þann hlutann, sem hann undanskildi sölunni til Akureyrar-kaupstaðar.

Annars þjónar ekki tilgangi að reyna að reikna þetta dæmi nú af nokkurri nákvæmni. Til þess eru óvissuþættir of margir og of miklir. Fullyrða má þó, að Ragnar hafi ekki tapað á þessum viðskiptum í heild sinni. Þvert á móti má fullyrða, að Ragnar hafi borið talsvert úr býtum í þessum viðskiptum í heild sinni.

Samkvæmt þessu voru það kröfuhafar **HSIV** og **KØBENHAVNS DISKONTOBANK OG REVISIONSBANK, AKTIE-SELSKAB I LIKVIDATION** í Kaupmannahöfn, og ef til vill víðar, sem borguðu brúsann, ef svo má segja, hvorki Akureyrar-kaupstaður né Ragnar Ólafsson. Hluthafarnir í báðum þessum félögum töpuðu öllu sínu hlutafé.

Ragnar hefði þó að sjálfsögðu sjálfur þurft að hafa fyrir því að eiga þessar eignir og að sýsla með þær og ávaxta. Að sönnu fylgdi þessum viðskiptum einhver áhætta, eins og flestum viðskiptum. Lóðir í þéttbýli, sérstaklega við sjávarsíðuna, voru þó á þessum tímum ört vaxandi þéttbýlismyndunar taldar öruggustu fjárfestingar, sem völ var á.

Í viðskiptunum með Oddeyrina árin 1926 og 1927 má þess vegna fullyrða, að Ragnar hafi með hyggindum og af stórhug tryggt Akureyrar-kaupstað með einstökum vildarkjörum framtíðarbyggingarland fyrir kaupstaðinn næstu áratugi og lóðir og lóðaréttindi í Oddeyrar-bót til þess að bærinn gæti reist þar nýjan miðbæ og bryggju- og hafnarmannavirki.

Með þessu framtaki sýndi Ragnar fádæma, ef ekki eindæma hollustu og trúnað gagnvart bæjarfélaginu, hvort heldur sem kjörinn bæjarfulltrúi eða sem venjulegur borgari. Ásakanir um annað og áburður um misnotkun á aðstöðu sem bæjarfulltrúi og annar áburður um misferli eru þess vegna hin mestu öfugmæli. Spyrja má hins vegar eins og gert var forðum í Stefni 04.12.1894, 24. tbl., vegna Eyrarlandskaupanna, þótt í öðru samhengi hafi verið: „... en hvað munu þeir hafa hugsað er börðust á móti þessu af alefli?“, sjá bls. 47.

Enginn má sköpum renna. Ragnari entist ekki aldur til þess að sýsla með þær eignir, sem hann keypti af **HSIV** með kaupsamningnum 18.09.1926 og sem hann ekki seldi Akureyrarkaupstað í janúar 1927. Í nóvemberlok 1927 eða fáeinum dögum eftir að Ragnar innsiglaði söluna á Oddeyrareignum til Akureyrarkaupstaðar með bréfinu, dags. 22.11.1927, til bæjarstjórans, var honum fyrirvaralaust og óvænt kippt úr umferð og varð ekki starfhæfur eftir það.

Fékk Ragnar, þá nýorðinn 56 ára gamall, sem jafnan hafði verið hraustur og við ágæta heilsu, sjaldgæfa en slæma iðrasýkingu, sem ekki varð við ráðið. Átti hann fyrir höndum erfitt dauðastríð, sem stóð samfleytt í tæpa 10 mánuði. Andaðist Ragnar á Rigshospitalet í Kaupmannahöfn 14.09.1928, en þangað var hann fluttur frá Reykjavík í apríl 1928.

Helstu heimildir:

Jón Hjaltason: *Saga Akureyrar*, IV. bindi, Akureyri 2004.

Klemens Jónsson: *Saga Akureyrar*, Akureyri 1948.

Gils Guðmundsson: Þórarinn E. Tulinius, kaupmaður og útgerðarmaður, bls. 303-317, í ritröðinni *Íslenskir athafnamenn I*, Reykjavík 1987, ritstjóri Gils Guðmundsson.

Guðjón Friðriksson: Ragnar Ólafsson, kaupmaður og konsúll, bls. 200-213, í ritröðinni *Íslenskir athafnamenn III*, Reykjavík 1989, ritstjóri Gils Guðmundsson.

Gísli Jónsson: *Lesbók Morgunblaðsins* 16.01.1972: Þáttur af Ragnari Ólafssyni.

Fundagerðarbók bæjarstjórnar Akureyrar 1925-1927 og fundagerðarbók fjárhagsnefndar Akureyrar 1926-1927.

Bæjarblöðin á Akureyri: *Dagur*; *Íslendingur*; *Verkamaðurinn*, árin 1924-1927, einkum í nóvember- og desembermánuði 1926.

Ýmis gögn úr Bréfa- og skjalasafni Akureyrarkaupstaðar 1924-1930, varðveitt á Héraðsskjalasafninu á Akureyri.

Þjóðskjalasafn Íslands: Ýmis skjöl úr dómsmálinu: „Áreiðar- og vettvangsmálið: Bæjarstjórn Akureyrar gegn H/f hinar sameinuðu íslensku verslanir“ frá árinu 1926. Mál þetta var þingfest 17.07.1926 fyrir aukarétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar og rekið samkvæmt III. kafla laga nr. 41/1919, um landamerki o. fl. Dómabækur með síðustu réttarhöldum í málinu hafa ekki fundist, ekki fremur en dómur eða úrskurður í málinu.

Feitletranir og undirstrikanir í tilvitnunum eru greinarböfundar.

BENEDIKT SÆMUNDSSON

Bruninn í Árskógarskóla



Benedikt Sæmundsson er fæddur á Árskógssandi 15. febrúar 1937. Þar átti hann heima til tvítugsaldurs, en flutti þá til Keflavíkur og hefur búið þar síðan. Lærði netagerð og vann við þá iðn í 30 ár. Síðan lauk hann ævistarfinu sem sundlaugarvörður.

Sumarið 2015 skoðuðum við undirritaður Benedikt Sæmundsson og Fjóla Jóhannesdóttir dagbækur Jóhannesar Óla Sæmundssonar (föður hennar) sem geymdar eru á Amtsbókasafninu á Akureyri, til efnið var að í minningunni töldum við að kviknað hafi í skólanum þegar við vorum við nám þar sem börn. Í ljós kom að bruninn átti sér stað í nóvember 1947 eða fyrir 73 árum síðan. Upp í hugann kemur hvað tímarnir hafa breyst síðan þetta gerðist og hvað öll umgjörð og öryggismál voru öðruvísi á þessum tíma. Skólinn var búinn að vera starfræktur í 7 ár þegar þessi atburður átti sér stað og á þeim tíma var ekki kominn sími í húsið, þannig að ekki var hægt að hringja eftir hjálp. Sími kom í skólann tveimur árum eftir brunann.

Ég, Benedikt, ásamt öðrum dreng sem ég man því miður ekki hver var, vorum sendir upp í Stærra-Árskóg til að sækja aðstoð. Veðrið var norðaustan stórhrið og engin ljós til að lýsa upp leiðina, þetta er nú ekki löng leið, en fyrir 10 ára drengi hefur þetta verið afrek í þessu vonda veðri. Eins og kemur fram í dagbókum Jóhannesar Óla hafa flest börnin sem voru í heimavistinni á þessum tíma verið 10 ára, fædd 1937, og tveir eða þrír úr unglingadeildinni, eða alls voru 10 börn ásamt Fjólu dóttur Jóhannesar Óla sem bjó í skólanum. Þessi hópur barna hefur sennilega verið eitt yngsta slökkvilið sem tekið hefur þátt í því að ráða niðurlögum elds.

Vinnukona þetta haustið í skólanum var Antonía Antonsdóttir og minnir okkur að það hafi verið hún sem hafi lyft vatns-

fötunum upp á senuna þar sem Jóhannes Óli stóð og tók við þeim og skvetti á eldinn. Eldurinn var á leiksviðinu og það fyrsta sem Jóhannes gerði var að slíta niður leiktjöldin til að koma þannig í veg fyrir stærri bruna.

Meðfylgjandi eru dagbókarfærslur úr dagbókum Jóhannesar Óla sem lýsa vel þessum atburði. Engu hefur verið breytt í orðalagi, punktar og kommur allt eins og hann skrifaði um þennan atburð.

Nöfn barnanna sem við höldum að hafi verið í skólanum þegar þetta gerðist, eru:

Jóhann Sveinn Hauksson
Oddný Pétursdóttir
Skjöldur Guðmundsson
Benedikt Sæmundsson
Fjóla Jóhannesdóttir
Jóhannes Baldvinsson
Þorgerður Sveinbjarnardóttir
Svanhildur Friðriksdóttir
Guðmundur Sigurpálsson
Pálmi Stefánsson
Anton Þór Baldvinsson

Benedikt Sæmundsson

Úr dagbókum Jóhannesar Óla

Priðjudagur 18. nóvember 1947.

Vaxandi norðaustanhríð síðdegis í dag. Vonskuveður komið seint um kvöldið. 10 börn eru í vistinni. Ungl.d. kom hálf, en starfaði ekki. Klukkan að ganga 6 síðdegis í dag kviknaði í miðhluta skólahússins og munaði minnstu að af því yrði stórtjón og e.t.v. slys. Kl. rétt sex (18) tók ég eftir því að ekki kviknaði á perum í austurforstofunni, svo að ég fór að láta aðra þar í, en án árangurs. Leit ég þá inn í salinn til að kveikja þar, en sá þá þar allt augafullt með reyk og leiksviðsloftið í logandi eldi og allan miðhluta þess brunninn. Brá ég þá við skjótt og fékk heimavistardrengina til þess að bera til mín vatn í fötum og

tókst okkur innan hálftrar stundar að ná tökum á eldinum. Enginn vafi er á því, að kviknað hefur út frá rafmagninu, enda tók ég vindrafstöðina strax úr hleðslusambandi við geymana og síðan þá úr sambandi við ljósastæðin í húsinu.

Kl. rúml. hálf sjö (18:30) sendi ég upp í Stærra- Árskóg, til að fá mannhjálp, svo að gengið yrði tryggilega frá og útilokuð frekari eldhætta. Kom þá strax Kristján í St.Árskógi, en síðan Marínó í Engihlíð, Vigfús, Hjalti og Georg í Litla-Árskógi. Varð sá síðastnefndi eftir til að vaka yfir húsinu með mér í nótt, ef leynst gæti neisti í reiðingstorfinu á háalofninu, en í loftsstoppinu var aðal eldurinn. Var nú gengið milli bols og höfuðs á eldinum og því lokið laust eftir kl. átta (20). Þegar ég skrifa þetta, er kl. 6:40 að morgni þess 19. Er þá enn vonskuveður af norðaustri, og hefur það staðið látlaust í alla nótt. Georg vakti í nótt frá kl. 1 til 5, en ég fyrir og eftir. Ekkert hefur útaf borið, og enginn eldur gert vart við sig.

Miðvikudagur 19. nóvember 1947.

Sama veður hélst fram eftir degi, en um hádegði minnkaði hríðin og veðurofsann lægði. Þó er ekki um neina almennilega uppbirtu að ræða enn. Snjór er orðinn allmikill, heljar skaflar miklir en autt á milli. Ég kenndi í dag eins og ekkert hefði í skorist, en byrjaði aðeins seinna, því morgunverkin drógust fyrir mér, sökum óveðursins, og svo kom Friðbergur ekki þennan daginn. Nú er kl. farin að ganga fimm (17). Börnin eru sest við lampaljós og lugtartýrur. Sjálfur hef ég ekki nema kerti hér í skrifstofunni, en kvenfólkið hefur borðlampann minn í eldhúsinu og glasið á honum er í mörgum pörtum saman límt með heftiplástri, og því að hálfu leyti ógegnsætt. En öllum á heimilinu kemur saman um að taka þessum vandkvæðum með stillingu og bjargast eins og best er hægt. Enda þýðir ekki annað. Verði svo, fremur en er, vanhöld á þessum ljóstækjum, sendi ég börnin heim og segi upp heimavistinni, eða jafnvel gef frí. Slíkt og þvílíkt eru „lögleg forföll.“ Krakkarnir þylja nú hástöfum bækurnar sínar og allir eru í góðu skapi. Í frímínútunum er farið í ýmsa leiki, sungið, spilað á munnhörpu, eða jafnvel hárgreiðu.



Árskógarskóli 1947.

Fimmtudagur 20. nóvember 1947.

Loksins birti hríðina. Hefur nú verið úrkomulítið í dag og hægviðri. Reyndar var mugga aftur seint í kvöld, hríðarlegt er útlítið. Frost er sama og ekkert. Kl. 6:30 var ég á fótum og hóf þá morgunverkin. Var ég lengi að leysa þau af hendi, því að ófært má kalla milli fjóss og bæjar, meðan skaflarnir eru ósignir. Þó bjargar það miklu, að ég hef vatnsslöngu, 25 m langa og rennandi vatn eftir henni miðja vega. Friðbergur sást ekki í dag, fremur en undanfarna daga. Hann hefur víst nóg við að stauta heima hjá sér greyið.

Skólinn helst í horfinu, þó að ljóslítið sé. Alltaf grípur maður til einhverra ráða þegar í harðbakka slær. Í dag eru hér virðingamenn til að meta skemmdirnar af brunanum, og telst þeim þær vera uppundir **4000 krónur**. Í rökrinu fóru öll börnin út í snjóskaflana og ærsluðust þar í klukkutíma eða lengur. Á sama tíma kjagaði ég suður í Hátún eftir rafgeymi, sem þar var hlaðinn fyrir mig, fór í það hálfur annar kl. tími, en til þess var leikurinn gerður að geta sýnt börnunum skuggamyndir af Norðurlöndunum, en þau eru að læra um þau núna í landafræðinni sinni. Gerði ég þetta á milli mjalta og

gjafa í kvöld. Eftir að ég kom úr fjósinu, höfðum við langa kvöldvöku (söng og Íslendingasögur). Eitt barn bættist í heimavistina í dag, Þóra Marinósdóttir í Hólanesi.

Föstudagur 21. nóvember 1947.

Nú er bjart veður og frostlítið, en vaxandi sunnan eða suðaustan stormur, og skeytin spá óveðri af austri um allt land. Allir voru loksins mættir á barnaskólanum og nú byrjaði aftur unglingskólinn (8.b.). Ég hef nú ákveðið að segja flestum börnunum upp heimavistinni um n.k. helgi, sökum ljósleysisins. Enn er algerlega óljóst hvenær viðgerð getur farið fram á rafmagnskerfinu. Hvergi er nú bílfært hér um slóðir og ekki gott um það að segja hvenær það verður aftur.



Jóhannes Óli Sæmundsson.

Laugardagur 22. nóvember 1947.

Bjartviðri í dag. Frostlaust þykkt loft í kvöld, norðaustan kaldi og rigning. Handavinna hjá mér með drengjunum. Báðar skóladeildir starfandi í dag. Allir farnir heim úr heimavistinni, nema Skjöldur og Oddný. 16 við morgunborðið, 7 við kvöldborðið. Eins og vant er flóð og fjara.

Sunnudagur 23. nóvember 1947.

Veðrið: Bleytuhríð og rigning í nótt, með norðan-stinningskalda. Sama hvassviðrið í dag, en kaldara upp úr hádeginu, renningur og töluverð hríð. Snjórinn hefur sigið mikið, en skaflar reyndar hækkað aftur í dag og fennt í slóðir. Tveir vörubílar (trukkur) þrúguðust norður eftir Dalvíkurvegi um hádegið í dag.

ÞORSTEINN E. ARNÓRSSON

Um leiklist starfsmannafélags SÍS

*Þorsteinn E. Arnórsson er feddur 1947. Um
æviatriði hans vísast að öðru leyti til Súlna
XXXVIII. árg., 2012, bls. 69.*



Formáli

Leiklistarstarf starfsmannafélags SÍS er að hluta til hulið móðu. Áhugamannahópur um sögu félagsins í samstarfi við Hollvinafélag Iðnaðarsafnsins samdi við Harald Sigurðsson fyrrverandi banka-
starfsmann og áhugamann um Akureyrnska leiklist um að Haraldur myndi skrifa um leikstarfsemina á sambandsverksmiðjunum. Því miður entist honum ekki aldur til þess verks en var byrjaður að taka saman greinar úr dagblöðum ásamt efni úr nokkrum leikskráum. Einnig hafði Herbert Tryggvason tekið saman lista árið 1967 um leikstarfsemina sem tekinn var úr bók er leiknefndin færði yfir starfsemi sína og einnig úr reikningsfærslubók gjaldkera starfsmannafélagsins. Nú virðast þær bækur vera glataðar. Leikstarfsemin var öflug á árunum 1941 til 1947 og síðan upp úr 1980, þá voru sýnd tvö verk. Auk þess voru sýndir fjölmargir einþáttungar á þorrablótum, sumar-
fögnuðum og kvöldskemmtunum sem litlar upplýsingar eru til um.

Upphafsárin

Þegar starfsmannafélag Gefjunar var stofnað í apríl 1936 voru skipaðar tvær nefndir, íþróttanefnd og skemmtinefnd. Strax á öðrum fundi félagsins sunnudaginn 17. maí skýrði formaður skemmtinefndar Adólf Ingimarsson frá því að samþykkt hefði verið á nefndarfundum að reyna hvort ekki myndi gerlegt fyrir félagið að halda innbyrðis kvöldskemmtun næsta laugardag þann 23. maí. Til-
lagan var samþykkt mótatkvæðalaust. Svo var það á aðalfundi í febr-

úar 1938 að fundur samþykkti að kjósa tveggja manna nefnd til að athuga möguleika á að koma upp smáleiksýningu. Kosin voru Anton Benjamínsson og Helga Kristjánsdóttir. Á fundi í nóvember sama ár skýrir Hans Hansen frá tilraun sem gerð hafði verið til að koma upp leiksýningu á vetrinum áður en ekki tekist. Gerði hann að tillögu sinni að kosin yrði 6 manna nefnd í samráði við Jónas Þór verksmiðjustjóra til að hrinda þessu máli í framkvæmd. Málið var nokkuð rætt og síðan samþykkt að skipa 5 manna leiknefnd til aðstoðar skemmtinefnd í þessu máli. Skipuð voru: Jónas Þór, Anton Benjamínsson, Hrefna Sigurjónsdóttir, Margrét Stefánsdóttir og Baldur Benediktsson. Á fundi 24. nóvember 1940 skýrði formaður frá því að hafinn væri undirbúningur að leiksýningu, og skyldi það nú takast. Á fundi í febrúar 1942 var lagt fram erindi frá Jóni Ingimarssyni um allt að 600 kr. tryggingu frá félaginu til að koma upp leiksýningu. Urðu nokkrar umræður um málið og að lokum samþykkt að verða við þessari ósk, þó með því skilyrði að ákveðið leikrit, er Jón hafði tiltekið, yrði sýnt. Ennfremur samþykkti fundurinn að kjósa sérstaklega leiknefnd, en áður höfðu sýningarnar verið á vegum skemmtinefndar. Var Jón Ingimarsson kosinn formaður nefndarinnar, og valdi hann með sér bræðurna Herbert og Aðalstein Tryggvasyni.

Leiksýningarnar

Á fjögurra ára afmælisfagnaði Starfsmannafélagsins sem haldinn var 27. apríl 1940 var fyrsta leiksýning starfsmannafélagsins sem getið er um. Hér hefur væntanlega verið um einþáttung að ræða á vegum skemmtinefndar. Ekkert er vitað um leikendur eða nafn verksins.

Veturinn 1941 voru tvö verk sett upp. Hið fyrra var leikritið **Tveir heyrnardaufir** sem sýnt var fjórum sinnum, Jónas Þór var leiðbeinandi í þessum einþáttungi. Leikarar voru Anton Benjamínsson, Sóley Tryggvadóttir, Hörður Haraldsson, Jón Ingimarsson, Marteinn Sigurðsson og Herbert Tryggvason. **Hann drekkur**, eftir H. Conradi, sjónleikur með söng, var seinna verkið. Leiðbeinandi var Þórir Guðjónsson málari. Sýningar voru 6 talsins, þar af ein í Kristnesi. Með hlutverk fóru Jón Ingimarsson, Þóra Steingríms-



Hann drekkur.

Ljósmynd: Iðnaðarsafnið á Akureyri

dóttir, Herbert Tryggvason, Guðrún Kristjánsdóttir, Adólf Ingimars-son, Sigtryggur Þorbjörnsson.

Ráðskona Bakkabræðra, höfundur O.W. Vennersten, var sýnd í desember árið 1941 og aftur veturinn 1943 og 1944. Leiðbeinandi var Þórir Guðjónsson. Alls voru sýningar 17, þar af ein í Kristnesi og ein í Saurbæ. Bæjarblöðin Íslendingur og Dagur fjölluðu um verkið og voru með mjög líkan texta. Dagur sagði: „Starfsmannafélag S.Í.S. sýndi leikinn Ráðskona Bakkabræðra í hinum rúmgóða samkomusal sínum síðastliðið laugardagskvöld. Með hlutverk leiksins fóru meðlimir Starfsmannafélagsins, en Þórir Guðjónsson leiðbeindi við leikæfingar. Leikurinn er skopleikur á yfirborðinu, en undir niðri er þó alvara í honum. Hann sýnir baráttu nýja tímans með framsóknarhug sinn og framsýni við búrahátt og þröngsýni gamla tímans. Leiksýningin tókst vel eftir ástæðum, þar sem um viðvaninga á leiksviði er að ræða og sérstaklega var ráðskonan sjálf sýnd fjörlega og skemmtilega af Kristínu Konráðsdóttur. Þeir Bakkabræður, Gísli, Eiríkur og Helgi, voru skringilegir bæði í sjón og raun eins og vera bar.“ Alþýðumaðurinn sagði stuttlega frá með þessum orðum: „Starfsmannafélag S.Í.S. hér á staðnum hafði sýningu á leiknum Ráðskona Bakkabræðra á laugardagskvöldið var. Fór sýningin fram í



Ráðskona Bakkabraedra. Frá vinstri: Herbert Tryggvason, Arnór J. Einarsson, Kristín Konráðsdóttir, Jón Ingimarsson.

Ljósmynd: Iðnaðarsafnið á Akureyri

samkomusal verksmiðjanna Gefjun og Iðunn. Leikarar voru allir úr Starfsmannafélaginu en leiðbeinandi við æfingar var Þórir Guðjónsson málari. Því miður gat enginn frá blaðinu verið viðstaddur leiksýninguna en eftir því sem blaðið hefir frétt tókst leiksýningin vel að athuguðum öllum aðstæðum.“ Haukur Stefánsson og Sverrir Áskels-son máluðu leiktjöldin.

Persónur og leikendur í verkinu voru:

Ráðskonan: Kristín Konráðsdóttir. - Gíslí: Jón Ingimarsson. - Eiríkur: í 1941-sýningunum Sigfús Jónsson. - Eiríkur: í 1943-44 sýningunum Arnór J. Einarsson. - Helgi: Herbert Tryggvason. - Jón Vigfússon bóndi: Hafliði Guðmundsson. - Elín kona hans: Alda Þorsteinsdóttir. - Hildur dóttir þeirra: Guðrún Kristjánsdóttir. - Guðbrandur Vigfússon hreppstjóri: Aðalsteinn Tryggvason. - Móðirin: Hallfríður Sigurðardóttir. - Axel sonur hennar: Hans Hansen. - Thorlacíus útgerðarmaður: Adólf Ingimarsson

Í apríl 1942 er tekið til sýningar **Karlínn í kassanum**. Höfundar Arnold & Bach. Leiðbeinandi var Þórir Guðjónsson, sýningar voru alls 11, þar af tvær á Húsavík og ein í Kristnesi. Blaðið Íslendingur



Karlinn í kassanum. Frá vinstri: Sigtryggur Þorbjarnarson, Herbert Tryggvason, Aðalsteinn Tryggvason, Sóley Hansen, Jenný Gunnlaugsdóttir, Jóna Jónsdóttir, Þórir Guðjónsson, Þóra Steindórsdóttir, Jón Ingimarsson.

Ljósmynd: Iðnaðarsafnið á Akureyri

hefur þetta að segja um leikverkið: „Starfsmannafélag SÍS sýnir um þessar mundir gamanleikinn *Karlinn í kassanum* eftir hina frægu skopleikahöfundu Arnold og Bach. Er leikurinn staðfærður í þýðingunni, staðaheiti og nöfn íslensk og gerir það leikinn enn skemmtilegri. Leikstjóri er Þórir Guðjónsson og leikur hann aðalhlutverkið, Pétur Mörland bæjarfulltrúa í Krummavík sem er *Karlinn í kassanum*. Er þetta langskemmtilegasta persóna leiksins og ágætlega borin uppi af Þóri. Linnir ekki hlátrinum meðan hann sýnir sig á sviðinu. Annað hlutverk, Dolly dansmæ, er einnig prýðilega af hendi leyst hjá Sóleyju Tryggvadóttur. Friðmundur Friðar sem Jón Ingimarsson leikur og Þórunn, Þóra Steindórsdóttir lék, eru einnig vel með farin. Þetta er annar sjónleikurinn á vetrinum er Starfsmannafélag SÍS tekur til meðferðar. Er þessi starfsemi félagsins góðra gjalda verð, hún bætir fyrst og fremst úr skemmtanaþörf félagsmanna en fjöldi annarra bæjarbúa nýtur hennar einnig sér til ánægju.

Persónur og leikendur voru:

Pétur P.P. Mörland: Þórir Guðjónsson. - Þórunn dóttir hans:

Póra Steindórsdóttir. - María Mörland kona hans: Jenny Guðlaugsdóttir. - Dolly dóttir hennar: Sóley Tryggvadóttir Hansen. - Sólveig föstra Dollýar: Anna Árnadóttir. - Klemens fimmtardómari: Herbert Tryggvason. - Baldur bróðursonur hans: Kári Karlsson. - Friðmundur Fríðar: Jón Ingimarsson. - Prófasturinn mágur Mörlands: Aðalsteinn Tryggvason. - Goodmann Mr. Olsen: Eyvald Sigurtryggvason. - Anna þjónustustúlka: Jóna Jónsdóttir. - Jón Eyjólfsson: Aðalsteinn Tryggvason. - Boy hóteldrengur: Sigtryggur Þorbjarnarson.

Dagur er stutturður og segir Starfsmannafélag SÍS sýna um þessar mundir gamanleikinn “Karlinn í kassanum“ og þykja sýningar takast vel og vera hin besta skemmtun. Leikstjóri er Þórir Guðjónsson. Þetta er annar leikur félagsins, er það æfir, og sýnir á þessum vetri, og er þessi leiklistaráhugi starfsmannanna mjög lofsverður.

1942-43 er sýnt verkið **Nábúakrytur**. Höfundur Geijerstam. Gamanleikur í 3 þáttum, þýddur úr sænsku af Kristjáni Sigurðssyni smiði.

Leikstjóri: Þórir Guðjónsson. Sýningar urðu 6. - Leiktjöld: Haukur Stefánsson.



Nábúakrytur. Frá vinstri: Jón Ingimarsson, Pétur Jónsson, Helga Kristjánsdóttir.

Ljósmynd: Iðnaðarsafnið á Akureyri



Tengdamamma.

Ljósmynd: Iðnaðarsafnið á Akureyri

Persónur og leikendur voru:

Lars Anders bóndi: Jón Ingimarsson. - Britta Stína kona hans: Helga Kristjánsdóttir. - Lena dóttir þeirra: Sigríður G. Jónsdóttir. - Jan Anders bóndi: Pétur Jónsson. - Jónas, vinnumaður hjá Lars: Herbert Tryggvason. - Karolína kona hans: Júðith Sveinsdóttir. - Karl Jóhann sonur þeirra: Hans Hansen. - Anna Manson ekkja: Jenny Guðlaugsdóttir.

Tengdamamma eftir Kristínu Sigfúsdóttur er sýnd 1943.

Leiðbeinandi: Þórir Guðjónsson. 7 sýningar. Leiktjöld: Haukur Stefánsson.

Persónur og leikendur voru:

Björg rík ekkja á Heiði: Anna Pétursdóttir. - Ari sonur hennar: Jón Ingimarsson. - Ásta kona hans: Sigríður Jónsdóttir. - Rósa fósturdóttir Bjargar: Marsilína Sigurðardóttir. - Þura öldruð vinnukona: Kristín Konráðsdóttir. - Sveinn vinnumaður: Herbert Tryggvason. - Síra Guðmundur prestur í Dal: Aðalsteinn Tryggvason. - Signý aðkomukona: Steingerður Ingólfssdóttir.



Upp til selja. Frá vinstri: Bergþóra Bergsdóttir, Páll Helgason, Gústaf Jónsson, Hans Hansen, Richard Þórolfsson, Anna Ólafsdóttir.

Ljósmynd: Iðnaðarsafnið á Akureyri

1943 **Happið**. Gamanleikur í einum þætti eftir Pál Árdal. Flutt einu sinni á kvöldskemmtun, síðan var það flutt 1947 ásamt leikverkinu Nei-ið eftir J.I. Heiberg. Persónur í verkinu eru: Hallur hreppstjóri, Valgerður dóttir hans, Helgi ráðsmaður, Gríma móðir hans, Kristín ráðskona, Gunnar kennari, Sigga vetrarstúlka. Ekki er vitað hverjir léku í verkinu.

1945 **Upp til selja**. Gamansöngleikur eftir C.P. Riis.

Leiðbeinandi var Jónas Þór, sýningar voru þrjár. Leikarar voru Jón Ingimarsson, Herbert Tryggvason, Hafliði Guðmundsson, Richard Þórolfsson, Hans Hansen, Gústaf Jónsson, Páll Helgason, Bergþóra Bergsdóttir, Anna Ólafsdóttir.

Haustið 1945 er **Hreppstjórinn á Hraunhamri** sýndur. Tvær greinar birtust í Alþýðumanninum í janúar 1946:

„Starfsmannafélag SÍS á Akureyri leikur nú gamanleikinn Hreppstjórinn á Hraunhamri eftir Loft Guðmundsson. Er leikurinn sýndur í kvöld og annað kvöld. Um síðustu helgi var frumsýning leiksins og var honum og leikurunum forkunnar vel tekið. Jón Norðfjörð



Hreppstjórinn á Hraunhamri. Frá vinstri: Richard Þórolfsson, Bergþóra Bergsdóttir, Kristín Konráðsdóttir, Páll Helgason, Gústaf Jónsson, Herbert Tryggvason, Hanna Gestsdóttir, Hans Hansen.

Ljósmynd: Iðnaðarsafnið á Akureyri

leiðbeindi við æfingar. Starfsmannafélagið sýnir lofsverða elju við leikstarfsemina þrátt fyrir ófullkomna aðstöðu. Mættu bæjarbúar vel sýna þessari viðleitni stuðning með því að sækja sýningarnar og njóta góðrar skemmtunar um leið. Sýningar voru 12, þar af ein í Kristneshæli og tvær á Húsavík.“

Hreppstjórinn á Hraunhamri. Eftirfarandi greinarkorn hefir blaðinu borist frá manni, sem kallar sig áhorfanda: „Akureyringar mættu vel hafa veitt því nokkra athygli, hve Starfsmannafélag SÍS á Akureyri hefir undanfarið sýnt lofsverðan áhuga fyrir leikstarfsemi, þó við erfið kjör hafi verið að búa. Félagið hefir undanfarin ár sýnt nokkra leiki, þar sem komið hafa fram bæði karlar og konur með ótvíræða leikarahæfileika, ef það hefði átt kost á þeirri þjálfun, sem útheimtist við þetta listastarf. Nú sýnir félagið gamanleikinn Hreppstjórinn á Hraunhamri. Var það svo heppið að njóta leiðbeininga Jóns Norðfjörð leikara við æfingar leiksins, og létti það starfið mjög, enda mun við sýningu þessa leiks hafa náðst betri árangur en nokkurn tíma áður. Hefir félagið haft 4 eða 5 sýningar á leikum nú þegar og alltaf við ágæta aðsókn. Tel ég rétt og ómaksins vert fyrir

bæjarbúa að sækja þær sýningar, sem eftir eru og kynnast þeim vísi að listastarfi, sem þarna er í uppsiglingu. Svo þakka ég leikurunum fyrir góða skemmtun.“

Húrra krakki.

Aftan á leikskrá Húrra krakki sem leikið var veturinn 1946-47 var rituð orðsending frá J.N. sem er sennilega Jón Norðfjörð sem var leiðbeinandi leikaranna: „Starfsmannafélag S.Í.S. var stofnað árið 1936 og er því 11 ára nú. Á þessu tímabili hefur félagið unnið með áhuga og dugnaði að málum þeim sem það hefur á stefnuskrá sinni. Meðal annars hefur það komið upp 9 leiksýningum smærri og stærri. Stærstu leiksýningarnar til þessa eru: Tengdamamma eftir Kristínu Sigfúsdóttur, Hreppstjórinn á Hraunhamri eftir Loft Guðmundsson, Húrra krakki eftir Arnold & Bach og hin fádæma lífseiga Ráðskona Bakkabræðra. Aðsókn hefur verið ágæt að sýningum þessum, 10-23 sýningar á hverju leikriti. Félagið hefur komið þessum sýningum á svið til að auka samheldni og ánægju meðal félagsmanna og tekjur þær sem gefist hafa af sýningum fyrir bæjarbúa hafa runnið til að



Húrra krakki. Standandi frá vinstri: Hans Hansen, Indíana Ingólfsdóttir, Almar Jónsson, Jóhanna Björnsdóttir, Hjörleifur Hafliðason, Jóhanna Tryggvadóttir, Arnór J. Einarsson, Þórdís Gísladóttir, Herbert Tryggvason. Sitjandi frá vinstri: Hallur Sveinsson, Jón Norðfjörð, Aðalsteinn Tryggvason.

Ljósmynd: Iðnaðarsafnið á Akureyri

bæta aðbúnað í samkomusal félagsins og til hjálpar öðrum hugðarmálum þess. Tíunda leikritið sem félagið sýnir og nú kemur fram á leiksviðið er Húrra krakki eftir Arnold & Bach. Hefur það þótt mjög fyndið þar sem það hefur áður verið sýnt. Það hafa aldrei talist neindir stórvíðburðir þó skólar og smærri félög hafi komið upp leik-sýningum. Ber þar fyrst til að með hlutverkin fara ungir og alóreyndir unglingar oft og tíðum. En unglingar innan félaga og skóla veita bæði sjálfum sér og treysta samheldni sína í eldlegum áhuga með því að reyna að gera starf sitt eins vel og unnt er, og bæjar- og sveitabúar hafa oft skemmt sér mjög vel við sýningar sem svona er stofnað til. Frá sýningum skóla og smærri félaga hafa einnig oft komið góð leikaraefni svo að nokkuð af því fólki er nú orðið að landskunnnum leikurum. Það vita allir að upphaf leiklistar hér á landi og víðar er runnið undan rifjum skólanemenda og annarra smærri leikhópa er áhuga höfðu fyrir starfi þessu og ánægju af að fást við það. Slíkir leikhópar eiga því fyllsta tilverurétt og það skilið að þeim sé gaumur gefinn. Það er von S.Í.S. að KRAKKINN eigi eftir að gefa áhorfendum góðar hlátur- og ánægjustundir þótt leikararnir séu flestir ungir og óreynt fólk í listinni. J.N.“

Persónur og leikendur voru:

Guðmundur Goðdal prófessor: Hans Hansen. - Hanna kona hans: Indíana Ingólfssdóttir. - Theodór Thorkelsen sýslumaður: Arnór J. Einarsson. - Matthildur kona hans: Þórdís Gísladóttir. - Úlfur Austmar, hæstaréttarlögmaður: Almar Jónsson. - Helga Stefáns: Jóhanna Tryggvadóttir. - Hillaríus Foss: Herbert Tryggvason. - Tómas Tútomma trésmiður: Hjörleifur Hafliðason. - Anna stofustúlka hjá Goðdal: Jóhanna Björnsdóttir.

Leikritið er í þrem þáttum. Sýningar voru 12 talsins. Blaðið Dagur fjallaði um Húrra krakka og sagði „Leikstarfsemi SÍS. Starfsmenn SÍS hér eru um þessar mundir að sýna gamanleikinn „Húrra krakki“ eftir Arnold og Bach. Á dögnum sýndu þeir leikinn í leikhúsinu, en nú fara sýningarnar fram í salarkynnum starfsmanna á Gefjun. Starfsmannafélagið hefir haldið uppi merkilegri leikstarfsemi á undanförunum árum. Hefir hún haft góð og örvandi áhrif á félagsstarfsemina og þar að auki veitt þátttakendum og áhorfendum

margar ánægjustundir. Það var auðséð á sýningunni í Samkomuhúsinu á dögnum, að þarna er á ferðinni fólk, sem hefir þegar hlotið talsverða æfingu á leiksviðinu og var margt ágætt um sýningu og uppfærslu leiksins. Ýmsir leikendur gerðu hlutverkum sínum góð skil og fjörlegur og hressilegur blær var á sýningunni. Sérstaklega var leikur Herberts Tryggvasonar í „krakkanum“ prýðilega „kómískur“. Síðan telur blaðið upp aðra leikara. „Áhorfendur tóku sýningunni ágætlega. Enn munu vera eftir tvær sýningar á leikritinu og er óhætt að hvetja bæjarbúa til þess að nota tækifærið og eiga skemmtilega kvöldstund með hinum glöðu og hressilegu leikurum á Gefjun.“

Blaðið Verkamaðurinn sagði meðal annars í umsögn sinni: „Sjónleikur þessi er í 3 þáttum og einhver allra vinsælasti og sprenglægi-legasti leikur, sem tekinn hefur verið til flutnings hér. Það sem merkilegast er við leiksýningu þessa er það hve leikendurnir, sem allir eru leikmenn á leiklistarsviðinu, gera hlutverkunum yfirleitt góð skil og er þó ærinn vandi að fara með sum þeirra, svo að þau „lukk-ist“.“

1947 er **Happið** eftir Pál Árdal og **Nei-ið** eftir J. l. Heiberg auglýst á kvöldskemmtun, aðeins var um eina sýningu að ræða.

Persónur í Nei-ið eru: Samstrug Justitsráð, Soffía bróðurdóttir hans, Hammer cand. juris, Link hringjari í Germa.

Hlé á sýningum

Stórbruni varð á verksmiðjunum í janúar 1969. Baráttan við eldinn stóð í nær 14 klukkustundir í norðan hvassviðri og 13 stiga frosti. Efrihæð og hluti neðrihæðar Skinnaverksmiðjunnar Iðunnar brann, þak og helmingur af kyndistöðinni, og starfsmannasalurinn gjöreyðilagðist sem hafði þau áhrif að starfsmannafélagið var hálf-lamað næstu árin.

Á aðalfundi Starfsmannafélagsins 9. nóv. 1975 var samþykkt eftirfarandi. „Fundurinn samþykkir að hugað verði að stofnun leikfélags innan starfsmannafélagsins.“ Alloft var síðan gælt við þá hugmynd að endurvekja þessa starfsemi þó ekki tækist. Loks 1979 er svo efnt til námskeiðs í leiklist undir leiðsögn Sögu Jónsdóttur. Voru þátttakendur allmargir og í námskeiðslok var stofnaður leikklúbbur. Tóku



Verksmiðjuhús Q. Standandi frá vinstri: Sigurður Egill Einarsson, Árný Runólfsdóttir, Fríða Aðalsteinsdóttir, Helga Hilmarsdóttir, Steinunn Einarsdóttir, Jóhann Tryggvi Sigurðsson, Sigurbjörg Einarsdóttir, Svanbildur Axelsdóttir, Ástbildur Sigurðardóttir, Júlíus Thorarensen. Sitjandi frá vinstri: Salvör Jósefsdóttir, Anna Bergþórsdóttir, Margrét Emilsdóttir, Bjarni Jónsson, María Jóhannsdóttir, Krístrún Geirsdóttir.

Ljósmynd: Iðnaðarsafnið á Akureyri

nokkur félaganna virkan þátt í skemmtiatriðum á árhátíð félagsins og jafnvel víðar um bæinn.

1981 er svo aftur efnt til námskeiðs þar sem leiðbeinandi var Theodór Júlíusson. Var í því framhaldi efnt til sýningar á „revíu“ sem var samin sérstaklega fyrir þetta tækifæri af tveimur félagsmönnum. Nefndist hún „Verksmiðjuhús Q“ og urðu sýningar fjórar og aðsókn góð og viðtökur ágætar. Þátttakendur voru 17.

Verksmiðjuhús Q 1982

Það var mikið hlegið í sal Sambandsverksmiðjanna s.l. laugardagskvöld segir í Degi 12. febrúar 1982 þegar revían „Verksmiðjuhús Q“ var sýnd þar. Salurinn var troðfullur af hressu fólki sem nötraði og titraði af hlátri þann tíma sem revían stóð yfir. „Verksmiðjuhús Q“ er eftir Birgi Marinósson og Margréti Emilsdóttur sem bæði starfa hjá Sambandinu, og eru allir leikarar í sýningunni einnig starfsmenn þar. Þau Birgir og Margrét tjáðu Degi eftir sýninguna að í haust

hefði verið auglýst leiklistarnámskeið á vegum Starfsmannafélagsins og hefðu um 20 manns sótt það. Fram kom hugmynd um að sýna revíu í lok leiklistarnámskeiðsins og er „Verksmiðjuhús Q“ niðurstaðan. Í leikskrá segir: Revían fjallar aðallega um bóndann Steina sem flyst í menningarmiðstöðina Akureyri og fer að vinna í verksmiðju. Lífsvenjur og atvinnumóráll bæjarbúa er honum framandi, og búferlaflutningurinn virðist hafa haft neikvæð áhrif á fjölskyldu hans. Aðalinntak revíunnar er þó kannski það hvernig ekki á að stjórna. Theódór Júlíusson er leikstjóri og í helstu hlutverkum eru Bjarni Jónsson og Margrét Emilsdóttir.

Allra meina bót 1987

Sjö manna áhugamannaleikhópur á vegum Starfsmannafélags verksmiðja Sambandsins á Akureyri sýnir leikritið „Allra meina bót“ eftir Jónas og Jón Múla Árnasyni og Stefán Jónsson, fyrrv. þingmann. Leikhópurinn sýnir í Félagsborg, sal SVS. Leikstjóri er Skúli Gautason. Leikritið er ritað á nokkuð sérstæðan hátt. Tónlistin er eftir Jón Múla en Jónas Árnason skrifaði megnið af textanum. Stefán Jónsson ritaði kafla og kafla sem fléttast mjög haganlega inn í verkið en koma samt eins og skrattinn úr sauðarleggnum. Mikið er um óvæntar upppákomur í leikritinu og ekki er hætt á að áhorfendum leiðist því atburðarásin er bæði hröð og skondin.

Að sögn Skúla Gautasonar er sýningin sett upp í anda ársins 1964 en þá á leikritið að gerast. Leikurinn gerist á ríkisspítala hjá dr. Svendsen, hinum ókrýnda konungi íslenskra skurðlækna, en hann telur skurðarhnífinn vera allra meina bót. Skúli var spurður að því hvernig hefði gengið að þjálf leikhópin, en leikararnir eru allir starfsmenn á Sambandsverksmiðjunum. Skúli sagði að mjög vel hefði gengið að æfa fyrir sýningarnar og áhugaleikararnir væru brennandi af leikáhuga, en enginn leikaranna hefur leikið áður á sviði.

Elín Kjartansdóttir leikur Höllu hjúkrunarkonu. Hún sagði að sér þætti ákaflega gaman að leika í Allra meina bót en þó væri oft erfitt að finna tíma til æfinga því hún vinnur á verksmiðjunum frá kl. 8 til 17 alla virka daga og er auk þess húsmóðir. Leikendur auk Elínar voru Sveinn Ævar Stefánsson, Arnar Pétursson, Eiður Stefánsson,

Baldvin Hreinn Eiðsson, Sigríður Þorkeldsdóttir og Hólmfríður María Hauksdóttir.

Eins kvölds grín

Oft var boðið upp á einþáttunga á árshátíðum og skemmtunum SVS. Var oft flutt heimagerf efnir sem var í forni stuttra leikþátta með glensu og gríni. Einnig voru fluttir annálar, sumir voru í bundnu máli. Litlu hefur verið haldið saman um þessa þætti, þó eru til nokkrir góðir annálar. Nefna má leikþætti eins og „Hawai dansmeyjar“ sem kom fram á vetrarfagnaði 1980 í flutningi Einaris Ólafssonar, Einaris Geirdals, Eggerts Jónssonar, Þormóðs Einarssonar og Jóhanns T. Sigurðssonar. Á árshátíð sama ár birtust tvær Gróur sem vissu mikið og sögðu sögur og fréttir af starfsfólki hjá verksmiðjunum, bak við gerfin voru þeir Þormóður Einarsson og Einar Ólafsson. Haldinn var kabarett á sumarfagnaði 4. maí 1985 með eins og hálfis tíma samfelldri dagskrá með leikþáttum, söng og gríni, síðan var haldinn dansleikur fram á nótt. Árið 1983 var einþáttungurinn „Á bónusskrifstofunni“ fluttur, leikendur voru Jóhann T. Sigurðsson, Arnar Stefánsson og Fríða Aðalsteinsdóttir. Árið 1984 var Kabarett-skemmtun í umsjá leiklistarklúbbsins og starfsmannakórsins, sýningar voru tvær. Stofnaður var „Misheppnaði kvartettinn“ sem skipaður var þeim Þormóði Einarssyni, Stefáni Guðmundssyni, Eggerti Jónssyni og Valdimar Júlíussyni. Einnig má minnast á einþáttunga sem hétu: „Ágætu kjósendur“, „Tvær á tali“, „Ólsen-Ólsen“, „Hermundur á mali“, „Prang og prettir“, „Í kaffitímanum“, svo að einhverjir séu nefndir.

TRYGGVI MARINÓSSON

Skátastarf á Akureyri - ágrip af sögu

Tryggvi Marinósson er fæddur 1952. Hann lauk gagnfræðaprófi frá Gagnfræðaskóla Akureyrar 1969, lærði járnsmíði og tók sveinspróf, en nam síðan einnig garðplöntufræði. Tryggvi starfaði hjá Skógræktarfélagi Eyfirdinga og var síðar umbverfisstjóri Akureyrarbæjar. Um skeið var hann við nám og störf á Hvanneyri. Frá 2008 hefur Tryggvi verið framkvæmdastjóri útlífsmiðstöðvar skáta að Hömrum við Akureyri.



Hann hefur verið skáti frá ellefu ára aldri.

Fyrstu 50 árin

Upphaf skátahreyfingarinnar í heiminum er rakið til útilegu á eyggi Brownsea við suðurströnd Englands. Baden-Powell, upphafsmaður skátahreyfingarinnar, fór þangað með hóp drengja í fyrstu skátaútileguna árið 1907. Baden-Powell hafði þjónað sem foringi í breska hernum í mörg ár, m.a. á Indlandi og í Afríku. Hann lagði sig eftir því að virkja hópa drengja til að leysa ýmis erfið verkefni. Hann áttaði sig á að börn geta lært og gert hina ótrúlegustu hluti ef þeim er treyst og gerðar til þeirra hæfilegar kröfur. Heima á Englandi fannst honum allt of mörg börn óvirk og áhugalaus. Þetta vakti með honum löngun til að gera eitthvað alveg nýtt og úr varð skátahreyfingin.

Hreyfingin stækkaði mjög fljótt og barst hingað til lands. Þann 2. nóvember 1912 var fyrsta skátafélagið á Íslandi stofnað í Reykjavík og annað fimm árum síðar hér á Akureyri.

Saga skátastarfs á Akureyri er bæði löng og heillandi. Ævintýrið hófst fyrir 100 árum, er danskur maður að nafni Viggo Hansen, sem komið hafði til bæjarins árið 1914, gekkst fyrir stofnun fyrsta skátafélagsins þann 22. maí 1917. Árið 1919 flutti Viggo alfarinn aftur til

Danmerkur og kom þá nokkurt bakslag í starfsemi skátanna í bænum. Kona Viggos, Jósefína Stefánsdóttir, veitti skátunum ómetanlegan stuðning á margan hátt, m.a. saumaði hún skátabúninga, fána o.fl. Þegar þau hjónin fluttu héðan tók Viggo sér ættarnafnið Öfjörd. Árið 1967 komu þau Viggo og Jósefína til Akureyrar og tóku þátt í hátíðahöldum í tilefni af 50 ára afmæli skátastarfs á Akureyri.

Ævintýrið hafði haldið áfram og þúsundir barna og unglunga gengið til liðs við hreyfinguna og tekið virkan þátt í fjölbreyttu starfi skátanna í bænum.

Við komu Viggos til Akureyrar blasti eitthvað svipað við honum og áður við Baden-Powell eða eins og hann segir sjálfur í grein í afmælisriti skátanna 1967: „Þá hugmynd að koma af stað skátastarfi á Akureyri fékk ég því sem næst strax eftir komu mína til bæjarins árið 1914 er ég sá hvernig drengirnir í bænum þvældust um í tilgangsleysi. Iðulega höfðu þeir í frammi hávaða og ólæti þar sem þeir komu saman.“

Hann vissi að þetta væru dugandi drengir sem aðeins þyrfti að rétta hjálparhönd til að skipuleggja leiki þeirra og hjálpa þeim til að þroska þá góðu eiginleika sem í þeim byggju. Þó margt hafi breyst í fari barna og unglunga frá upphafi skátastarfsins búa þau ekki síður í dag yfir óbeislaðri lífsorku og athafnaþrá. Þessa athafnaþrá hefur skátahreyfingin ávallt leitast við að virkja í jákvæðu og skapandi starfi.

Í fyrstu starfaði einn flokkur í félaginu, en fljótlega fjölgaði þeim í tvo og árið eftir voru skátarnir orðnir um 40. Þegar hér var komið sögu var Gunnar Guðlaugsson, sem seinna varð einn atkvæðamesti foringi skátanna í bænum, farinn að aðstoða við stjórn sveitarinnar. Á þessum fyrstu árum var starfið fjölbreytt en aðstaða til skátastarfs ekki upp á það besta. Mest af starfinu fór fram utandyra í nágrenni bæjarins, bæði styttri ferðir, útilegur og ýmiskonar æfingar. Yfir veturinn var leigt húsnæði þar sem fundir og æfingar fóru fram, m.a. í hjálp í viðlögum undir leiðsögn bæjarlæknanna. Félagið hafði yfir að ráða knattspyrnuvelli og knattspyrna var töluvert stunduð. Einnig gekkst félagið fyrir skemmtun til fjáröflunar fyrir berklahæli og gaf út skátablaðið Akurliljuna, svo að eitthvað sé nefnt.



Jósefína og Viggo. Árið 1967 komu þau Viggo og Jósefína til Akureyrar og tóku þátt í hátíðaböldum í tilefni af 50 ára afmæli skátastarfs á Akureyri.

Eins og áður sagði kom nokkurt bakslag í starfsemina þegar þau hjónin Viggo og Jósefína fluttu til Danmerkur og skátastarfið lenti í miklum öldudal. Svo fór að lokum að Gunnar Guðlaugsson var einn eftir af stofnendum skátasveitarinnar. Hann sá að svo mátti ekki fara að skátastarfið legðist af, og hóf undirbúning að stofnun nýrrar sveitar í janúar 1921.

Gunnar þýddi skátalögin úr ensku, gaf þau út á eigin kostnað og dreifði til bæjarbúa ásamt hvatningarárvarpi til foreldra um að styðja við starfsemi skátareglunnar. Um vorið 1921 stofnaði Gunnar svo skátasveitina Ísbirni. Skátasveit með þessu nafni starfaði hér í bænum fram yfir árið 2000. Gunnar var í beinu sambandi við Baden-Powell sjálfan og höfuðstöðvar hreyfingarinnar í London og þaðan komu búningar, merki o.fl. Varðveist hafa bréf frá Baden-Powell til Gunnars, sem nú eru í vörslu Héraðsskjalasafnsins á Akureyri.

Í skátasveitinni störfuðu aðallega drengir búsettir á Oddeyrinni, en fljótlega var stofnuð önnur skátasveit í innbænum undir forystu Ottós Baldvinssonar. Starfsemi skátanna undir forystu Gunnars byggði á útistarfi, bæði ferðum og útilegum, og svo skátafundum yfir

veturinn, þar sem m.a. var lært fyrir skátaprófin. Útilegur að vetri tíðkuðust ekki á þessum árum, en farið var bæði í skíða- og skautafeðir. Skátarnir ráku baðhús fyrir almenning og héldu skemmtanir. Gerðar voru nokkrar tilraunir til að koma upp lúðrasveit innan skátanna og æfðir hnefaleikar og skylmingar sem Gunnar kenndi. Öll þau ár sem Gunnar var í forystu skátanna lánaði hann húsnæði undir starfseminum þegar á þurfti að halda. Gunnar arfleiddi skátafélagið að öllum eigum sínum þegar hann lést árið 1941. Hús hans að Lundargötu 10, Gunnarshólmi, var í áratugi skátaheimili drengjaskáta í bænum og starfsemi skáta var þar til ársins 1985, þótt hlutverk húsnæðisins breyttist talsvert með tilkomu skátaheimilisins Hvamms árið 1969. Gunnarshólmi var seldur 1986, en varð svo eldi að bráð árið 1990.

Á svipuðum tíma og Gunnar vann að stofnun nýrrar skátasveitar fyrir drengi voru stúlkur farnar að hugsa sér til hreyfings um stofnun skátafélags. Um nokkurt skeið hafði þessi hugmynd blundað með stúlkum og leituðu þær m.a. til Gunnars Guðlaugssonar um aðstoð. Í fyrstu varð ekkert úr þessum áformum en 2. apríl árið 1923 var boðað til stofnfundar í Bíóhúsinu á Oddeyri. Þetta gerðist aðeins ári eftir að fyrsta kvenskátafélagið var stofnað í Reykjavík.

Guðríður Norðfjörð hafði forgöngu um stofnun félagsins sem hlaut nafnið Kvenskátafélagið Valkyrjan. Lög félagsins voru sniðin eftir lögum danskra kvenskáta. Stofnfélagar Valkyrjunnar voru 19 stúlkur á aldrinum 11-16 ára, auk Guðríðar sem varð fyrsti félagsforinginn.

Það fór eins og hjá félagi strákanna að félag þetta lenti í öldudal eftir nokkur ár og starfsemi þess lagðist af. Ein af stofnendum Valkyrjunnar, Brynja S. Hlíðar, tók svo af skarið árið 1932 og endurreisti félagið. Hún var mikilhæfur leiðtogi og foringi kvenskáta í bænum, var í forystusveit kvenskáta á landsvísu og á tímabili formaður Kvenskátasambands Íslands, sem hafði m.a. aðsetur á Akureyri. Sambönd kven- og drengjaskáta störfuðu aðskilin þar til 1944 að þau sameinuðust í Bandalag íslenskra skáta undir forystu Brynju og Helga Tómassonar skátahöfðingja. Brynja lést í flugslysi 1947 og var fráfall hennar mikið áfall fyrir skátahreyfinguna í bænum og á landinu öllu.

Í samræmi við tíðarandann á þessum árum voru áherslur í skátastarfi stúlkna og drengja að einhverju leyti ólíkar. Valkyrjan stóð m.a. fyrir námskeiðum í heima- og barnahjúkrun. Að öðru leyti byggðist starfið á úti-veru, þjálfun og kennslu í hinum ýmsu skátafræðum sem miðuðu að því að styðja og þroska hæfileika stúlkanna og hjálpa öðrum. Einu í starfsemi Valkyrjunnar og kvenskátahreyfingarinnar yfirleitt hefur verið of lítill gaumur gefinn, en það er að stúlkur fengu jöfn tækifæri á við drengi til þátttöku í uppbyggj-




Gunnar Guðlaugsson skátaforingi.

andi starfi. Hulda Þórarinsdóttir félagsforingi orðaði þetta þannig í tilefni af 50 ára afmæli Valkyrjunnar: „Stúlkum fannst þessi félagskapur ekkert síður við sitt hæfi og tilgangur félagsins er að gefa ungum stúlkum tækifæri til að verja tómstundum sínum á heilbrigðan hátt í góðum félagskap.“

Aðstöðu- og húsnæðisleysi háði starfsemi Valkyrjunnar lengi framan af og var fundað á ýmsum stöðum í bænum. KEA lánaði skúr undir starfseminu og Brynja keypti bragga sem hún gaf félaginu og nefndur var Völuból. Stóð hann á svipuðum slóðum og núverandi Túngata. Braggi þessi varð fljótlega að víkja vegna skipulags. Starfsemi Valkyrjunnar fékk einnig inni í Barnaskólanum og eitt-hvað notuðu þær Gunnarshólma. Það var svo árið 1953 sem þær keyptu hús Brynju Hlíðar að Helgamagrastræti 17 og gerðu að félagsheimili sínu og nefndu Völuból. Völuból þjónaði félaginu sem skátaheimili ásamt Hvammi eftir að hann kom til, allt til ársins 1987 er Skátafélagið Klakkur var stofnað, en þá varð húsið aðsetur einnar deildar þess, þar til húsið var selt árið 1989.

Sama ár og Valkyrjan var stofnuð var rekkasveitin Fálkar stofnuð af nokkrum eldri skátum úr Ísbjörnum sem áttu þar ekki lengur



Nokkrar Valkyrjur á fyrstu árum kvenskátastarfs á Akureyri. Guðríður Norðfjörð er fyrir miðri mynd. Brynja Hliðar seinna félagsforingi Valkyrjunnar yst til hægri í annari röð.

heima vegna aldurs. Hvatamaður að þeirri stofnun var Jón Norðfjörð, leikari. Í raun og veru var ætlunin að stofna annað skátafélag, en það fékkst ekki samþykkt í fyrstu af Bandalagi íslenskra skáta (BÍS), þar sem engir drengir á skátaaldri voru í félaginu. Árið 1934 stofnuðu Fálkarnir því skátasveit fyrir yngri skáta, sem þeir nefndu Ungfálka. Þegar þar var komið fengu Fálkarnir viðurkenningu frá BÍS sem Skátafélagið Fálkar á Akureyri.

Fálkarnir byggðu skálann Fálkafell á Eyrarlandshálsi ofan bæjarins, sem stendur þar enn mikið breyttur eftir fjórar viðbyggingar. Fálkarnir stóðu fyrir landsmóti skáta á Akureyri og nágrenni árið 1935 og formuðu og byggðu upp gilið við miðbæinn, sem síðan heitir Skátagil.

Sama ár og Fálkarnir byggðu Fálkafell héldu nokkrar Valkyrjur á báti yfir fjörðinn til að leita að heppilegum stað fyrir skála. Landspilda undir skálann fékkst í landi Veigastaða og þar reis útileguskálinn Valhöll. Nokkrar tafir urðu á byggingunni, en 14 árum seinna var skálinn tekinn í notkun og þjónaði skátunum með endurbótum



Völuból, hús Brynju Hliðar sem Valkyrjan keypti og gerði að félagsheimili sínu.


og viðbyggingu þar til hann var seldur árið 1995 og ný Valhöll byggð ofar í Vaðlaheiðinni.

Nú tók heldur að lifna yfir skátastarfinu og tvö skátafélög drengja voru stofnuð. Annars vegar stofnuðu nokkrir Ungfálkar skátafélagið Drengi árið 1936 og árið 1937 voru Skólaskátarnir stofnaðir í Barnaskóla Akureyrar.

Nú voru drengjaskátafélögin orðin fjögur og þótti ýmsum þetta ekki heppileg þróun og hófu viðræður um sameiningu. Samkomulag tókst í desember 1938 og 1. janúar 1939 tók Skátafélag Akureyrar (SKFA) til starfa. Haukur Helgason var fyrsti félagsforingi þess.

Upp frá þessu störfuðu tvö skátafélög í bænum, Valkyrjan fyrir stúlkur og Skátafélag Akureyrar fyrir drengi þar til þau sameinuðust árið 1987 í skátafélaginu Klakki. Mikil gróska var í skátastarfinu. Samstarf félaganna var alla tíð mikið og gott og að hluta til var starfið sameiginlegt. Haldin voru ýmiskonar námskeið, m.a. í og við Glaumbæ, skála drengjanna á Þelamörk, og skála Valkyrjunnar að Hrafnagili, Valhöll og Fálkafell.

Fjöl margar stórar útilegur og skátamót voru haldin, m.a. í Leyningshólum og mótin í Vaglaskógi voru rómuð. Unnið var að marg-



Fálkafell undir Súlum í uppþaflegri gerð.

víslegum samfélagsverkefnum. Skemmtanir voru haldnar fyrir almenning til fjáröflunar fyrir Fjórðungssjúkrahúsið og Kristnesspítala. Skátarnir settu á stofn baðhús fyrir almenning og gengu í hús og söfnuðu fyrir Mæðrastyrksnefnd. Árlega voru farnar skrudgöngur til skátamessu í Akureyrarkirkju á fyrsta sumardag. Skátar plöntuðu trjám í Vaðlareit og Kjarnaskóg, aðstoðuðu við byggingu Skíðahótelshúsins og önnuðust sjúkragæslu á skíðasvæðinu. Margir skátar voru mjög virkir í Flugbjörgunarsveitinni og komu að stofnun hennar. Akureyrarskátar tóku virkan þátt í starfinu á landsvísi og áttu marga fulltrúa í hinum ýmsu stjórnnum og nefndum BÍS og héldu m.a. fjögur landsmót skáta hér norðan heiða. Skátarnir gengust fyrir lengri og styttri ferðum innanlands og utan. Hámarki starfsins þessi fyrstu 50 ár hefur sennilega verið náð á síðustu 10-15 árum þessa tímabils sem lauk með veglegum hátíðahöldum árið 1967.

Skátafélögin voru svo heppin að njóta á þessum árum forystu margra mikilhæfra leiðtoga. Auk þeirra sem þegar eru nefndir má benda á að hjá Valkyrjunni starfaði Margrét Hallgrímsdóttir lengi og naut hún aðstoðar margra góðra skátaforingja. Sama sagan var hjá Skátafélagi Akureyrar, þar störfuðu margir hæfir foringjar og nutu



Valhöll í Vaðlaheiði í byggingu.

forystu Tryggva Þorsteinssonar, sem var lengst af félagsforingi á þessu tímabili.

Næstu 20 árin: 1967-1987

Næstu tuttugu árin voru viðburðarík í skátastarfinu á Akureyri. Skátafélögin í bænum, Valkyrjan og Skátafélag Akureyrar, stóðu traustum fótum. Um miðjan áttunda áratuginn voru um 500 börn og unglingar starfandi í skátafélögunum á Akureyri. Hulda Þórarinsdóttir hafði tekið við sem félagsforingi Valkyrjunnar og Ingólfur Ármannsson hjá Skátafélagi Akureyrar. Þau stóðu vaktina þar til Gígja Möller og Gunnar Helgason tóku við. Skátaheimilið Hvammur var formlega tekið í notkun 1968, Fálkafell var stækkað, unnið var að endurbótum á Skíðastöðum og fljótlega var hafist handa við stækkun Valhallar. Aðstaða til að stunda útilegur og annað skátastarf var með besta móti og mikið um að vera í útilífinu. Dróttskátastarfið dafnaði vel og fjöldi dróttskáta fékk Forsetamerkið afhent á Bessastöðum flest ár. Komið var á viðamiklu þjálfunarprógrammi í vetrarferðum um óbyggðir og var fyrsta ferðin sem kallast Ís-hæk farin árið 1976 og er Ís-hækið enn við lýði.

Breyttur tíðarandi og meiri áhrif yngra fólks hafði á þessum árum mikil áhrif á starf hreyfingarinnar. Viðfangsefni, viðhorf og skipulag þróuðust í takt við tímann. Félögin á Akureyri tóku virkan þátt í starfi hreyfingarinnar á landsvísu með setu í stjórnnum, ráðum og nefndum. Skátablaðið og Foringinn, málöggn BÍS, voru gefin út á Akureyri, félögin sáu um að halda skátaþing að Hrafnagili 1978 og að Illugastöðum 1985. Gilwell-námskeið fyrir foringja voru haldin hér norðan heiða og fjöldi annarra námskeiða.

Gróska var mikil í mótshaldi og voru skátamót haldin með reglulegu millibili. Flest voru mótin í Vaglaskógi og Leyningshólum, en einnig voru haldin mót í Hrísey og Hegranesi í Skagafirði. Þar var árið 1973 haldið veglegt mót í tilefni af því að 50 ár voru frá upphafi kvenskátastarfs í bænum. Akureyringar sáu um landsmót skáta í Kjarnaskógi árið 1981.

Á tímabili gengust félögin árlega fyrir öræfaferðum á haustin og reglulega var farið á skátamót erlendis, m.a. til Noregs 1971 og 1983. Stór hópur skáta fór á alheimsmót drengjaskáta í Noregi, s.k. Jamboree, árið 1975. Norðurlöndin sáu um þetta mót í sameiningu undir nafninu Nordjamb, fimm fingur - ein hönd. Fjölmargir íslenskir skátar voru í trúnaðarstörfum á mótinu. Ingólfur Ármannsson sem þá hafði látið af störfum sem félagsforingi Skátafélags Akureyrar sat í mótsstjórninni fyrir hönd Íslands.

Árið 1971 var ákveðið að stofna Róver- og hjálparsevit skáta sem eflidist fljótt. Hjálparsevitin varð mikilvægur hluti af starfsemi skátanna í bænum, veitti félögunum öflugan stuðning á margan hátt og eldri krökkunum í skátunum mikilvægt tækifæri til áframhaldandi starfa í anda skátahreyfingarinnar eftir að hinu eiginlega skátastarfi lauk.

Eins og fyrstu 50 árin unnu skátar á Akureyri að margvíslegum samfélagsverkefnum. Þegar skipt var yfir í hægri umferð á Íslandi árið 1968, var stofnuð sveit skáta sem fékk þjálfun í að stjórna umferð og aðstoða lögregluna í bænum á H-daginn. Í tengslum við Vistheimilið Sólborg var stofnað til skátastarfs ætluðu þroskaskertum börnum. Um svipað leyti voru skátarnir virkir þátttakendur í umhverfisátakinu Hreint land - fagurt land. Settar voru upp rusla-



Stjórn Skátafélags Akureyrar 1941. Efri röð f.v. Richard Þórolfsson, Ármann Sigurðsson, Sigurður Guðlaugsson. Neðri röð Dúi Björnsson, Haukur Helgason félagsforingi og Tryggvi Þorsteinsson seinna félagsforingi.

tunnur við þjóðvegina út úr bænum, haft eftirlit með þeim og þær tæmdar eftir þörfum.

Að frumkvæði skáta var fyrirkomulagi hátíðahalda á 17. júní í bænum breytt og frá 1970 skiptust skátarnir og íþróttafélögin Þór og KA á um framkvæmd þeirra. Á sama hátt tóku skátafélögin virkan þátt í dagskrá vetraríþróttahátíða sem haldnar voru á Akureyri og í nærri 40 ár samfleytt sáu skátar um að tendra ártal í Vaðlaheiði um áramótin.

Skátar syngja mikið og á Akureyri hefur söngur í skátastarfi skipt verulegu máli. Tryggvi Þorsteinsson félagsforingi hafði sérstakt lag á að semja innihaldsríka texta við grípandi lög. Skátasöngvar Tryggva voru gefnir út ásamt nótum í söngbók árið 1976. Fljótlega eftir útgáfuna söng og spilaði stór hópur dróttskáta vinsælustu söngva Tryggva inn á kasettu undir stjórn Ingimars Eydals. Nokkrum árum fyrir höfðu komið út tvær bækur undir nafninu Varðeldasögur eftir Tryggva.

Talsvert var unnið í húsnæðis- og skálamálum á þessu tímabili.

Félögin höfðu fengið aðstöðu í kjallara Lundarskóla í Lundarhverfi og íbúðarhúsinu Bandagerði í Glerárhverfi til afnota. Bandagerði varð þó fljótlega að víkja vegna skipulags, en skátastarfið fékk inni í kjallara leikskólans Síðusels. Aðstaðan þar hentaði ekki vel og stóð starfinu fyrir þrífum í hinu ört vaxandi hverfi.

Í skálamálum var ýmislegt að gerast. Skálinn Skiðastaðir undir Súlum var rifinn 1978 og árið 1979 var hafinn undirbúningur að byggingu nýs skála fyrir dróttskáta ofan Kjarnaskógar. Skálinn var formlega vígður árið 1986 og nefndur Gamli eftir Tryggva Þorsteinsyni, en hann var gjarnan kallaður Gamli eða Kallinn. Fálkafell hafði látið á sjá og viðamiklar endurbætur voru gerðar, fyrst árið 1982 er byggt var við skálann í fjórða sinn og síðan 1985-1987 þegar farið var í miklar endurbætur. Hafinn var undirbúningur að endurbótum á Valhöll. Gunnarshólmi, félagsheimili skáta að Lundargötu 10, hafði nú lokið hlutverki sínu og var seldur árið 1986.

Á þessum árum urðu tímamót í rekstri skátafélaganna í bænum með því að ráðinn var starfsmaður til félaganna og hefur svo verið með hléum lengst af frá þessum tíma. Af og til voru gefin út blöð á vegum skátanna, ýmist innan félags eða til dreifingar í bænum. Árið 1984 hóf blaðið Skátastarf göngu sína og var gefið út innan félagsins eftir þörfum. Skátastarf - páskablað, var gefið út árlega í tengslum við fermingar og sölu fermingarskeyta og dreift í öll hús í bænum.

Eins og áður sagði höfðu skátafélögin í bænum starfað mikið og vel saman, en nú fór verulega að aukast umtal og áhugi á breytingum. Á landinu var það aðeins á Akureyri og á Ísafirði sem skátafélög störfuðu skipt eftir kynjum og mörgum fannst kominn tími til að sameina félögin á Akureyri. Árið 1985 var lagt fyrir aðalfundi beggja félaganna að komið yrði á formlegu samstarfi með sameiginlegri stjórn. Þetta var samþykkt og Skátabandalag Akureyrar (SBA) var stofnað. Foringjar þess voru Tryggvi Marinósson og Þorbjörg Ingvadóttir, en þau voru síðustu félagsforingjar Skátafélags Akureyrar og Valkyrjunnar.

Skátabandalag Akureyrar starfaði af krafti í tvö ár eða þar til aðalfundir skátafélaganna samþykktu að sameina Kvenskátafélagið Valkyrjuna og Skátafélag Akureyrar.

Sameiningin var viðkvæmt mál eins og gefur að skilja. Félögin



Frá hátíðarhöldum á 50 ára afmæli skátastarfs árið 1967.

áttu auðvitað hvort sínar rætur og sögu. Bæði félögin stóðu traustum fótum og ráku öflugt skátastarf og því gátu menn rökrætt um nauðsyn þess að sameina þau. Mönnum þótti vænt um gömlu félögin og fannst sárt að leggja þau niður. Það auðveldaði vinnuna að í tvö ár höfðu þau starfað með sameiginlega stjórn og reynslan af samstarfinu í Skátabandalagi Akureyrar lofaði góðu. Ýmsar hindranir þurfti að yfirstíga varðandi eignir og annað sem þurfti að láta ganga upp skipulags- og lagalega. Það voru síðir og venjur í starfsháttum sem þurfti að samræma. Því þurfti að standa vel að öllum undirbúningi.

Sameining félaganna var vandlega undirbúin og mikið kapp lagt á að hafa skýrar línur varðandi öll helstu mál. Skapaður var vettvangur til að sem flestir félagar í gömlu félögunum hefðu eitthvað um þetta að segja. Í stuttu máli sagt gekk þetta allt vel. Haldnir voru aðalfundir í báðum félögum, öllum lagalegum formsatriðum fullnægt og ákvörðun tekin. Auðvitað voru einhverjir efablandnir um þetta, en eftirmál urðu fá og lítil. Félagsforingjar félaganna fyrir og eftir sameininguna voru þeir sömu og verið höfðu í gömlu félögunum. Það sem var merkilegt við þetta var það að báðir félagsforingjarnir urðu



Fjölmörg skátamót bafa verið haldin í Leyningshólum.

jafn réttháir og því urðu þeir að komast að sameiginlegri niðurstöðu í öllum málum.

Klakkur 1987-2017

Ævintýrið hélt áfram. Næstu 30 árin voru ekki síður viðburðarík en hin fyrri 70. Kvenskátafélagið Valkyrjan og Skátafélag Akureyrar voru sameinuð og Skátafélagið Klakkur stofnað þann 22. febrúar árið 1987. Stofndaginn bar upp á sama dag og fæðingardag stofnanda skátahreyfingarinnar, Baden-Powells og konu hans og skátahöfðingja, Olave Baden-Powell. Það passaði einhvern veginn vel að sameina skátafélög stúlkna og drengja á Akureyri eftir öll þessi ár þennan dag. Þetta ár voru líka einmitt liðin 70 ár frá upphafi skátastarfs á Akureyri.

Stjórnarfyriřkomulag hins nýja félags var með nokkuð sérstökum hætti. Kosin var þriggja manna framkvæmdastjórn sem fór með daglega stjórn félagsins. Einn fulltrúi frá hverri deild félagsins var svo í aðalstjórn ásamt hinum þremur. Aðalstjórn fjallaði um öll stærri og stefnumarkandi mál. Deildir voru fjórar til fimm talsins, tiltölulega sjálfstæðar einingar, sem höfðu hver sitt starfssvæði í bænum. Auk þessa störfuðu utan stjórnar kosnir embættismenn, svo sem gjaldkeri, eignavörður o.fl.

Auðvelt reyndist að gera tillögur að öllum formsatriðum, t.d. að lögum og öðru er sneri að uppbyggingu hins nýja félags. Það var aðeins nafnið og merki félagsins sem var ákveðið vandamál. Hvað átti nýja félagið að heita? Það vafðist fyrir okkur.

Skipulögð var dagskrá fyrir alla skáta í bænum. Vít og breitt um bæinn voru í boði ýmis verkefni tengd því m.a. að koma með tillögu að nafni og merki fyrir væntanlegt skátafélag. Dagskránni lauk svo í fullum sal í Borgarbíói þar sem kosið var á milli tillagnanna.

Það var svo ekki fyrr en kvöldið fyrir stofndaginn að mótuð var tillaga um nafn og lögð lokahönd á merki félagsins. Tillaga um nafnið Klakkur var borin upp á stofnfundinum að viðstöddum 120 skátum og boðsgestum og var hún samþykkt samhljóða og merki félagsins afhjúpað. Skátafélagið Klakkur var stofnað.

Á fyrsta starfsári félagsins greiddu 412 skátar árgjald til félagsins og fjöldi annarra skáta starfaði með félaginu. Gengist var fyrir margvíslegum viðburðum í tilefni 70 ára afmælis skátastarfs í bænum. Helst ber að nefna veglegt afmælimót í Vaglaskógi með yfir 500 þátttakendum og fjölbreytta afmælishátíð í Íþróttaskemmunni á Gleráreyrum með þátttöku St. Georgs gildisins og Hjálparseitar skáta. Talið var að allt að 2500 manns hefði heilsað upp á skátana þennan dag og á kvöldvöku um kvöldið.

Skátafélagið tók virkan þátt í afmælishátíð vegna 125 ára afmælis Akureyrarbæjar og stóðu skátar m.a. heiðursvörð á flugvellingum við komu Vigdísar Finnbogadóttur forseta Íslands í opinbera heimsókn til Akureyrar og skátaflokkar bæjarins stóðu heiðursvörð með stuttu millibili allt frá flugvelli að miðbæ.

Frú Vigdís Finnbogadóttir þáverandi forseti kom í heimsókn til skátafélagsins árið 1990 og dvaldi í boði félagsins einn dag. Hún afhenti Forsetamerkið í Akureyrarkirkju og tók þátt í dagskrá í Skátaheimilinu Hvammi og víðar í bænum.

Skátafélagið Klakkur hefur frá stofnun verið eitt öflugasta skátafélag landsins og leiðandi á mörgum sviðum. Eins og á fyrri tímabilum í sögu skátastarfs á Akureyri hafa húsnaðismálin verið fyrirferðarmikil. Fljótlega eftir stofnun félagsins vann nefnd á vegum Akureyrarbæjar að stefnumörkun í húsnaðismálum.

Höfuðstöðvar félagsins voru í Skátaheimilinu Hvammi, sem var

mikið endurbætt í byrjun tíunda áratugarins, en hefur nú lokið hlutverki sínu sem skátaheimili. Deildir félagsins störfuðu í fyrstu í Hvammi, Völubóli í Helgamagrastræti, Lundarskóla, í kjallara leikskólans Síðusels og í Síðuskóla. Síðar fékk félagið hús á lóð Oddeyrarskóla sem nefnt var Gunnarshólmi. Húsnæðismálin stóðu skátastarfinu í Glerárhverfi fyrir þrifum og ákveðið var að byggja skátaheimili þar. Fengin var lóð og nýtt skátaheimili teiknað og komið var að framkvæmdum þegar bæjaryfirvöld fóru þess á leit við félagið að skoða þann möguleika að innréttað yrði skátaheimili á neðri hæð Gleráirkirkju. Það varð úr og félagið fékk fullkomið skátaheimili í kirkjubyggingunni árið 1989, sem þjónaði félaginu í 15 ár. Því miður ákvað Akureyrarbær þá að taka húsnæðið til annarra nota. Þetta var mikið áfall fyrir félagið og segja má að skátastarf í Glerárhverfi hafi ekki borið sitt barr síðan. Félagið missti einnig húsnæði sitt, bæði í Lundarskóla og á Oddeyri, og var á tímabili með óviðunandi aðstöðu í tveimur aflögðum gæsluvallarhúsum ásamt Hvammi. Enn á ný var sett á fót nefnd til að leita lausna á húsnæðismálunum, því nú þarfnæðist Hvammur verulegra endurbóta, m.a. vegna eldvarna og aðgengis fyrir fatlaða.

Ákveðið var að starfsemin flyttist að Hömrum, en þar höfðu skátarnir haslað sér völl upp úr 1990, stofnuðu þar Útílífsmiðstöð skáta árið 2000 og reka þar glæsilegt útivistarsvæði, tjaldsvæði og ýmsa aðra starfsemi. Áætlað var að byggja þar veglegt skátaheimili í tengslum við aðra starfsemi á svæðinu. Þeim áformum var skotið á frest árið 2014. Þess í stað var ákveðið að innrétta nýtt skátaheimili á jarðhæð hússins við Þórunnarstræti 99. Glæsilegt skátaheimili var svo tekið í notkun þar árið 2016 og hlaut það nafnið Hyrna eftir landnámskonunni Þórunni hyrnu og með vísan í hinn vel þekktu skátaklút eða skátahyrnuna, sem skátar bera við skátabúninginn.

Í skálamálum voru unnar talsverðar endurbætur á Fálkafelli sem þjónað hefur skátastarfinu í 85 ár. Nú stendur fyrir dyrum að endurbyggja Fálkafell. Gamla Valhöll í Vaðlaheiði var seld 1995 og ný Valhöll byggð og tekin í notkun ofar í Vaðlaheiðinni árið 1998. Skálinn Gamli ofan Hamra er enn í þokkalegu standi. Auk þessara skála hefur félagið nýtt húsnæði að Hömrum sem útileguskála.

Nokkur áherslumunur varð á starfsemi félagsins um og eftir



Stjórn og foringjar við stofnun Skátufélagsins Klakks árið 1987.

stofnun Klakks. Mikil áhersla var nú lögð á að halda fjölbreytt námskeið, bæði foringjanámskeið og námskeið ætluð skátum á öllum aldri, aðallega í tengslum við útilíf. Önnur félög á Norður- og Austurlandi tóku gjarnan þátt í námskeiðunum. Stofnað var til svokallaðra stórnámskeiða sem ætluð voru sérstaklega fyrir skátafélögin á Norðurlandi. Þetta voru flokks-, sveitar- og deildarforingjanámskeið ásamt námskeiðum fyrir stjórnir skátafélaga og fyrir dróttskáta. Námskeiðin voru haldin á sama stað og tíma. Þátttakendur voru oft yfir 100 skátar. Í tengslum við námskeiðin stóð félagið fyrir talsverðri útgáfu á fræðsluefni. Í framhaldi af þessu námskeiðahaldi var svo Skátasamband Norðurlands stofnað á Akureyri árið 1995. Starfsemi þess byggðist á öflugu samstarfi félaganna og tók sambandið yfir áðurnefnd stórnámskeið og gekkst fyrir mótshaldi m.a. að Hálsi í Öxnadal og að Hömrum, ásamt fleiri dagskrárliðum.

Félagið hefur tekið virkan þátt í starfsemi Bandalags íslenskra skáta (BÍS) með framboðum í stjórnir, ráð og nefndir, ásamt tillöguflutningi á skátaþingum. Þetta hefur veitt skátum í bænum tækifæri til að taka þátt í framkvæmd ýmissa spennandi verkefna á vettvangi BÍS. Félagar úr Klakki voru t.d. mjög áberandi í undirbúningi og framkvæmd World Scout Moot sumarið 2017.

Á vegum félagsins og í samstarfi við aðra hafa verið haldin

skátamót með reglulegu millibili. Nú seinni árin hafa mótin verið haldin að Hömrum. Þar hafa m.a. verið haldin þrjú landsmót. Á skátaþingi árið 1987 flutti félagið tillögu um að Klakkur tæki að sér að halda landsmót skáta í Kjarnaskógi. Tillagan var samþykkt og haldið var glæsilegt landsmót þar árið 1993. Á mótinu gaf bæjarstjórn Akureyrar út þá yfirlýsingu að bæjaryfirvöld á Akureyri væru tilbúin til að vinna með skátunum að uppbyggingu útilífsmiðstöðvar að Hömrum og var fyrsta skóflustunga að framkvæmdum þar tekin haustið 1998 og hófst formleg starfsemi þar árið 2000.

Lögð hefur verið áhersla á ýmskonar samfélagsverkefni og viðburði þar sem almenningi gefst tækifæri til að taka þátt. Margskonar fjölskylduhátíðir, t.d. Fjördagurinn, Hundadagahátíð, Skátatívolið með sól í hjarta og fjölskyldutjaldsvæði í Kjarnaskógi um verslunarmannahelgina, ásamt þátttöku í ýmsum vetrarhátíðum, hafa verið á dagskrá félagsins. Klakkur hefur fyrir hönd Akureyrarbæjar annast hátíðahöld á 17. júní að stærstum hluta undanfarin ár. Ártalið í Vaðlaheiði um áramót annaðist félagið til ársins 2005. Haldnir hafa verið skátadagar með kynningu á skátastarfi. Efnt hefur verið til safnana til hjálpar bágstöddum innanlands og erlendis. Í tengslum við 100 ára afmælið bauðst öllum sem vildu að koma að Hömrum og gista þar eina helgi og taka þátt í fjölbreyttri dagskrá.

Útilífið er mikilvægur þáttur í skátastarfinu og hefur ávallt skipað veglegan sess í starfi Skátafélagsins Klakks. Skátalíf er útilíf. Stofnaður var útilífsskóli fyrir börn og hann starfræktur um árabíl. Ís-hæk er ferð sem oftast er farin um óbyggðir um páskaleytið. Ferðast er á gönguskiðum og oftast gist í tjöldum. Þessar ferðir krefjast markvissrar þjálfunar sem allir þátttakendur verða að taka þátt í. Árið 1990 stóð félagið fyrir samnorrænu Ís-hæki með þátttakendum frá Norðurlöndunum. Skála- og tjaldútilegur, gönguferðir, útifundir og fjallgöngur eru ómissandi þáttur í starfsemi skátanna. Nokkrir foringjar úr félaginu gengu á Hvannadalshnjúk árið 1995 og árið 1997 var gengið á ýmis fjöll í nágrenni Akureyrar og þar komið fyrir stólpum með áletrunum til minningar um allar ferðirnar á fjöll í 80 ára sögu skáta á Akureyri. Útilífið er gjarna tvinnað saman við verkefni og fræðslu um umhverfið og náttúruna.

Þátttaka í alþjóðastarfi skátahreyfingarinnar er einn þáttur í



Séð yfir landsmótssvæðið að Hömrum 2014.

starfinu sem mikill gaumur er gefinn. Skátahreyfingin er einmitt friðarhreyfing og með því að gefa börnum og ungu fólki af ýmsum þjóðernum tækifæri til að hittast og vinna saman, vill hreyfingin stuðla að skilningi og friði á milli manna. Skátar á Akureyri hafa frá upphafi verið duglegir að fara á mót, ráðstefnur og fleiri viðburði erlendis, ásamt því að gangast fyrir norrænum og alþjóðlegum viðburðum hér í bænum. Má þar nefna áður nefnt norrænt Ís-hæk 1990, Rover Way 2009 og World Scout Moot 2017, ásamt móttöku fjölda erlendra skáta t.d. á skátamótum. Árið 2016 dvaldi hér í bænum stór hópur skáta frá Noregi og fór með Klakki á landsmót. Sumarið 2017 endurgalt svo hópur skáta úr Klakki heimsóknina og dvaldi hjá þeim norsku og fór með þeim á landsmót. Alheimsmót skáta, World Scout Jamboree, er stærsti alþjóðlegi viðburðurinn sem skátahreyfingin stendur fyrir. Akureyringar hafa verið duglegir að sækja þessi mót, allt frá Noregi til Japans og Ástralíu. Síðasta alheimsmót, sem er númer 24 í röðinni var haldið í Bandaríkjunum árið 2019, og þangað fóru skátar úr Klakki að sjálfsgöðu.



Skátamót í Vaglaskógi árið 1957. - Allar gömlu myndirnar með greininni eru í eigu skátafélagsins og þær nýrri flestar, en ekki endilega vitað hverjir tóku þær.

Aldursskipting í skátastarfinu

Í upphafi skátastarfs í heiminum var ekki mjög skýr aldursskipting, en almennt skátastarf miðar við aldurinn 11 – 18 ára eða þar um bil. Seinna var farið að skilgreina starfið meira miðað við ákveðin aldursbil skátanna og viðfangsefnin sniðin að þörfum og þroska hvers aldurs. Fljótlega var stofnað til skátastarfs fyrir yngri börn. Yngstu drengirnir 8-10 ára voru kallaðir Ylfingar en stúlkur á sama aldri Ljósálfar. Síðan var stofnað til sérstaks starfs fyrir eldri unglunga og voru þær sveitir kallaðar Svanna- og Rekkasveitir.

Á Akureyri var Rekkasveitin Fálkar mjög öflug og varð síðar sjálfstætt félag. Þeir byggðu m.a. útileguskálann Fálkafell undir Súlum. Starfið í Rekka- og Svannasveitunum byggðist mjög á aðstoð við starf þeirra yngri og ýmiskonar þjálfun sem hæfði þessum aldursflokki. Um 1960 var svo stofnað til dróttskátastarfs sem var sniðið sérstaklega að þörfum unglunga á aldrinum 15-18 ára. Dróttskátastarf hefur frá fyrstu tíð verið mjög öflugt á Akureyri.

Róverstarf er svo eitt fyrirbærið en það var skipulagt fyrir þá sem ekki pössuðu lengur inn í Rekka- og Svanna-starfið. Hér á Akureyri var t.d. Róvers- og hjálparsveit stofnuð sem varð síðar Hjálparsveit

skáta og enn síðar Björgunarsveitin Súlur með sameiningu við Flugbjörgunarsveitina.

Í dag er aldurs- og verkefnaskipulag í almennu skátastarfi sem hér segir:

Drekaskátar 7-9 ára. - Fálkaskátar 10-12+ ára. - Dróttaskátar 13-15 ára. - Rekkaskátar 16-18 ára. - Róverskátar 19-25 ára.

Gildi eru félög eldri skáta og velunnara skátahreyfingarinnar. Starf þeirra er undir hatti St. Georgs-gildanna í bænum. Þau eru tvö, St. Georgsgildið á Akureyri, stofnað 1960, og St. Georgsgildið Kvistur, stofnað 1996. Fyrirnefnda gildið, sem er elsta skátagildið hérlendis, hefur mikið séð um leiðalýsingu í kirkjugörðum Akureyrar, félagar í gildinu voru nýlega 27. Í Kvisti voru félagar nýlega 38. St. Georgsgildin hafa verið öflugur bakhjarl skátastarfsins í bænum og hafa veitt því starfi ómetanlegan stuðning í gegnum árin. Gott samstarf er á milli gildanna í bænum og á landsvísi. Landsamtök St. Georgs-gilda voru stofnuð í skíðahótelinu í Hlíðarfjalli árið 1963. Gildin taka þátt í alþjóðlegu starfi skáta-gilda.

(Þetta yfirlit var að mestu samið 2017. Hrefna Hjálmarsdóttir lagði til upplýsingar um gildisskáta í lokin. Um uppbyggingu skálans Fálkafells má m.a. lesa í viðtali við Richard Þórólfsson í Súlum 2020.)

JÓN HJALTASON


Myndin af Jóhönnu

Jón Hjaltason sagnfræðingur er fæddur 1959.

Um æviatriði hans sjá Sútur XXXIX. árg.

2013, bls. 118, og Sútur XLII. árg. 2016,

bls. 153.



Sunnudaginn 4. janúar árið 1959 fórst í Vaðlaheiði fjögra sæta Cessnavél sem notuð hafði verið til sjúkra- og farþegaflugs. Flugmaður og farþegar fórust. Þennan örlagaríka dag var landleiðin til Laugaskóla í Reykjadal lokuð sökum snjóá en jólaleyfi nemenda var á enda. Var þá gripið til flugvélarinnar sem búin var skíðum til lendingar.

Þegar leið á daginn tók að þykkna í lofti og veður fór hratt versnandi. Flugmaðurinn, Jóhann Helgason, var í sinni annarri ferð austur að Laugum þennan fyrsta mánudag ársins 1959. Þrír farþegar voru um borð, tveir 16 ára nemendur Laugaskóla, Guðmundur Kristófersson og Stefán Hólm. Þriðji farþeginn var Pétur Hólm, tvítugur stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri, og bróðir Stefáns. Allir þrír úr Hrísey.

Guðmundur átti bókað sæti með fyrra fluginu en var ekki ferðbúinn þegar Jóhann lagði af stað upp úr hádegi. Átti víst eftir að kaupa eitthvað til skólans. Guðmundur bað því skólafélaga sinn, Hörð Snorrason – síðar hitaveitustjóra í Hrísey, kirkjugarðsvörð og skipstjóra á Hríseyjarferjunni Sævari – að skipta við sig en Hörður átti bókað sæti með seinna fluginu.

Óvænt atburðarás varð þess einnig valdandi að Pétur ákvað að fylgja bróður sínum. Skal nú rifjað upp samtal sem ég átti við Petru Baldursdóttur frá Hjalteyri en hún var skólasystrir þeirra Guðmundar og Stefáns Hólms.

„Einhver tók af mér ráðin“

„Þennan dag var ég á gangi í Hafnarstræti þegar bíll renndi upp að mér. Voru þar komnir þeir bræður Pétur og Stefán – ef til vill var Guðmundur frændi þeirra í bílnum – en erindið var að spyrja hvort ég vildi ekki fá flugfar austur. Ég var fljót að segja já og hraðaði mér að ganga frá dótinu mínu. Sultukrukka, kex og eitthvað fleira fór ofan í kassa og föt í tösku. Svo var keyrt inn á flugvöll í leigubíl.

Og þarna stend ég við vélina. Strákarnir komnir um borð, kassinn minn líka og taskan í þann veginn að fara sömu leið og ég á eftir þegar ég verð eitthvað svo undarleg. Það var eins og mér væri ekki lengur sjálfrátt. Varirnar hreyfðust að vísu og ég talaði en það var samt ekki ég. Það var einhver sem talaði í gegnum mig, sjálf hafði ég enga tilfinningu fyrir því að ég hefði sagt eitthvað. En þessi rödd sem hreyfði á mér varirnar sagði að ég væri hætt við, ég ætlaði ekki að fljúga með strákunum.

Þetta heyrir Pétur og segir: – Þá ætla ég að fá mér skemmtiferð austur. – En Pétur ætlaði suður daginn eftir en hann var við nám í Kennaraskóla Íslands.

Ég greip töskuna mína og fór með leigubílnum til baka, beint á símstöðina og pantaði símtal við foreldra mína á Hjalteyri. Og þar sem ég sat og beið eftir að fá samband heyrði ég konu á skiptiborðinu segja: – Veistu að sjúkraflugvélin er týnd?

Seinna fékk ég kassann minn aftur og sultukrukkuna óbrotna eftir þetta hræðilega slys sem sat lengi í okkur skólasystkinum Guðmundar og Stefáns og setti drungalegan svip á allt skólalífið fyrir austan. En lengi á eftir þorði ég illa upp í flugvél og æ síðan hefur þessi ein-kennilega stund lifað með mér þegar einhver hinum megin tók stjórnina algerlega af mér og talaði í gegnum mig.“

Í lok samtals okkar segist Petra ekki í nokkrum vafa um að einhver að handan haldi yfir sér verndarhendi og hafi gert í þau 78 ár sem hún hefur lifað.

Við þetta má bæta að vinkona Petru, Valdís Friðriksdóttir frá Selá á Árskógsströnd, hafði hug á því að fylgja vinkonu sinni en þegar Petra hætti skyndilega við þorði Valdís „ekki að fara með þessum strákum svona ein,“ svo vitnað sé í orð hennar sjálfrar er hún lét falla við Ásu Marinós dóttur.



Mýndin er tekin 1959 í „ánnars árs námskeiði“ í Hjúkrunarskólanum. Þetta er að vísu ekki myndin sem Nanna fann banda Pétur Hólm, en þarna eru Jóhanna Arny með harmoníkuna og Nanna. Á myndinni eru: Aftasta röð frá vinstri: Hanna Kjartansdóttir, Margrét Stefánsdóttir, Ósk Jóhannesdóttir, Nanna Jónasdóttir og Guðröður Sveinsdóttir. Í miðvöðinni eru: Camilla Jónsdóttir, Jóhanna Arny og Ingilyörg Magnúsdóttir. Frenstar eru Edda Hákonardóttir, Anna Jóna Þorðardóttir, Guðhjörg Aageisdóttir og Jónína Gárdarsdóttir.

Faðirinn vildi sjá hina góðu stúlku

Dveljum ekki lengur við þetta sorglega slys heldur það sem gerðist í kjölfarið og ég komst að þegar frænka mín, hjúkrunarfræðingurinn og Dalvíkingurinn, Nanna Jónasdóttir, eggjaði mig til samræðna við stöllu sína Ingibjörgu Magnúsdóttur – en afrakstur samtals okkar Ingibjargar má finna í Súlum 2019.

Sérstök frásögn Nönnu fer hins vegar hér á eftir en hún er með slíkum ólíkindum að mér fannst það hreinlega skylda mín að forða henni frá gleymsku.

Gefum Nönnu orðið:

„Þessu hörmulega slysi voru gerð skil í öllum fjölmiðlum en ég var þá í Hjúkrunarskóla Íslands. Ég vissi það ekki fyrr en síðar að faðir drengjanna tók eftir þetta að sækja miðilsfundi en hann var danskur garðyrkjumaður, Caspar Peter Holm, og hafði sest að í Hrísey þar sem hann fékkst við allt mögulegt og var aldrei kallaður annað en Pétur Hólm. Eiginkona hans og móðir drengjanna var Ingibjörg – ætíð kölluð Bolla í Hafnarvík – dóttir séra Stefáns Baldvins Kristinssonar prests á Völlum í Svarfaðardal og Sólveigar Pétursdóttur Eggerz.

Svo er það einn daginn allnokkrum árum eftir þetta sorglega flugslys – eða 1964 – að dyrabjöllunni er hringt. Ég var þá í vinnunni en eiginmaður minn, Jónatan Sveinsson, var heima. Ég kom þó von bráðar en gesturinn var enginn annar en Pétur Hólm og átti við mig óvænt erindi.

– Ég hef átt afar erfitt síðan ég missti drengina mína, sagði hann, en með hjálp miðils hef ég komist í samband við konu sem hefur það hlutverk að taka á móti framliðnum, einkum ungu fólki sem kveður snögglega.

Pétur sagði okkur nú undan og ofan af samskiptum sínum við konuna, hún hefði í lifanda lífi verið nemi í Hjúkrunarvennaskóla Íslands.

– Hún hét Jóhanna Árný Hólmgeirsdóttir og var skólasystir þín, upplýsti Pétur, og þurfti ekki að segja meira því að Jóhanna var mér minnisstæð, elskuleg stúlka, afskaplega listfeng og svo mikið náttúrubarn í tónlist að ég held hún hafi ráðið við að spila á öll þau hljóðfæri er hún kaus.

Jóhönnu biðu þau sorglegu örlög haustið 1960 að falla fyrir eigin hendi en ég las það í grein eftir Sigurjón Jóhannesson, *Hirt af reka*, að hún hefði skilið eftir sig kveðjubréf til ástvina sinna. Þar skrifaði Jóhanna að hún gengi með höfuðmeið sem ætti eftir að ágerast og því hefði hún kosið að fara þessa leið.

– Og nú langar mig til að sjá þessa góðu stúlku sem hefur tekið svo vel á móti drengjunum mínum, sagði Pétur, og mér var sagt að Nanna Jónasdóttir ætti ljósmynd af henni. Og því er ég hingað kominn.

Mig rámaði í að eiga slíka ljósmynd. Einn daginn hafði komið ljósmyndari í skólann og tekið fjölmargar myndir. Jóhanna var þá enn í hópnum. Ég var því nokkuð viss um að eiga ljósmynd, jafnvel fleiri en eina, af Jóhönnu en gat bara ómögulega munað hvar myndirnar var að finna. Þetta sagði ég Pétri og lofaði honum jafnframt að gera leit að mynd og láta hann vita þegar hún kæmi í ljós.

Leið svo og beið. Ég sneri öllu við til að finna ljósmyndina. Hringdi meira að segja norður til að biðja þabba að svipast um eftir henni en allt kom fyrir ekki. Hvergi fannst myndin.

Svo er það einhverjum mánuðum síðar að ég er að mata Svein minn, eldri son okkar hjóna. Verður mér þá litið á ljósmynd af Júlla bróður, sem hékk andspænis mér á veggnum. Og allt í einu flýgur í gegnum huga mér hvort verið geti að myndin af Jóhönnu sé þarna á bak við Júlla í myndarammanum. Ég gerði þó ekkert í málinu, átti von á vinkonum mínum um kvöldið og var að undirbúa heimsóknina en Jónatan, eiginmaður minn, var á síld fyrir norðan.

Um kvöldið erum við vinkonurnar í góðum gleðskap þegar dyra-bjöllunni er skyndilega hringt. Fyrir utan stendur Pétur Hólm, hundrennandi blautur og kaldur í leiðinda slagveðri.

– Þú ert búin að finna myndina, segir hann og var að koma frá miðlinum sem hafði fullvissað hann um að svo væri.

Ég varð auðvitað steinhissa. Að maðurinn skyldi vera svo viss í sinni sök að leggja á sig óþægilegt ferðalag alla leið inn að Kleppi þar sem við bjuggum í hjúkrunarbústað. Strætisvagnaferðir voru á klukkustundarfresti en Pétur hafði ekki einu sinni fyrir því að hringja á undan sér heldur lagði á sig að bíða eftir strætó í roki og

rigningu til að ná í mynd sem hann hafði frétt yfir landamæri lífs og dauða að væri fundin.

Ég varð satt að segja miður mín.

– Nei, ekki er það nú, svaraði ég vandræðalega en varð þá hugsað til myndarinnar af Júlla bróður. – Bíddu annars, ég skal gá.

Ég ætla ekki að lýsa undrun minni þegar ég tók Júlla niður af veggnum og sá að hugdetta mín var á rökum reist. Á bak við Júlla var myndin af Jóhönnu Hólmgeirsdóttur þar sem hún situr í stigaþrepi með harmoniku í fanginu og við skólasystur hennar í hnapp með henni.“

Nanna lýkur frásögninni með þessum orðum: „Þessi samskipti við Pétur Hólm sannfærðu mig um að eitthvað er til ofar mínum skilningi, eitthvað sem fæstum okkar er gefið að skilja á meðan á þessu jarðneska lífi stendur.“



Bekkjarsystur Jóhönnu komnar á fjórða ár í hjúkrunarfræðináminu. Nanna Jónasdóttir er í fremstu röð, önnur frá vinstri.

Eftirmáli


Eins og kemur fram í máli Nönnu þá hefur Sigurjón Jóhannesson, fyrrverandi skólastjóri á Húsavík, látið sig varða eftirmála flugslyssins í janúar 1959. Það er því ekki rétt að sagan geymist eingöngu í þessari grein eins og ég læt liggja að. Hún er einnig skráð af Sigurjóni í ritinu *Hirt af reka*, sem kom út á Húsavík árið 2012.

Þá vil ég geta þess að auk viðmælenda sem nafngreindir eru hér að framan lögðu mér einnig lið Þórdís Valdimarsdóttir, ekkja Harðar Snorrasonar, og Hríseyingurinn góðkunni og fuglaáhugamaðurinn, Þorsteinn Þorsteinsson.

Skýrsla stjórnar fyrir árið 2020

Stjórn félagsins: Jón Hjaltason formaður, Jóna Friðriksdóttir varaformaður, Guðmundur Steindórsson gjaldkeri, Rannveig Karlsdóttir ritari og Jakob Tryggvason. Varamenn í stjórn eru Ólafur Ólafsson og Jón Hlynur Sigurðsson. Endurskoðandi, Þorsteinn E. Arnórsson, til vara Karl Gunnlaugsson.

Ritstjóri Súlna, Björn Teitsson (netfang, banna@simnet.is). Í ritnefnd með Birni eru Ása Marinósdóttir (asamar02@gmail.com), Jón Hjaltason (jonhjalta@simnet.is) og Kristín Aðalsteinsdóttir (adalsteinsdottir@gmail.com).



Björn Teitsson.

Ljósmynd: Kristín Aðalsteinsdóttir.

Árið 2020 verður lengi í minnum haft og vonandi að 2021 falli ekki í sama minningaflokk. Heimsfaraldur skall á. Skæð veira, covid-19, tók hér land í febrúarlok og hélt þjóðinni í heljargreipum árið á enda. Fólki var bannað að koma saman, spritt varð vinsælasti vökvi landsmanna og andlitsgrímur urðu hversdagsbúnaður þjóðarinnar.

Stjórn Sögufélags varð sem aðrir að lúta vilja stjórnvalda, engir stjórnarfundir voru haldnir á árinu og aðalfundi félagsins var frestað og hefur ekki enn verið haldinn fyrir árið 2020. Stefnan er að koma honum á nú í apríl ef paddan vonda verður til friðs.

Af sjálfu leiðir að skýrsla vor verður stutt að þessu sinni. Stjórnin hefur komið saman á netinu, skeytasendingar hafa farið á milli, og þannig haldið í horfinu en ekkert umfram það.

Á eitt skal þó minnst sérstaklega. Ritstjóri vor síðan 2013, Björn Teitsson, hefur tilkynnt að þetta verði síðasta hefti Súlna undir hans

ritstjórn. Stjórn félagsins vill nota þetta tækifæri til að þakka honum styrka stjórn og gott tímarit.

Eftirmaður hans á stóli ritstjóra verður formaður vor, Jón Hjaltason, og er það von okkar og trú að félagsmenn hafi óðara samband við hann (jonhjalta@simnet.is) með efni til birtingar í Súlum. Nú eða aðra ágæta fulltrúa í ritnefnd sem eru auk framangreindra þær Ása Marinósdóttir og Kristín Aðalsteinsdóttir sem báðar hafa lagt af mörkum afskaplega gott starf í þágu tímaritsins okkar, Súlna.

Með kærri þökk fyrir samstarfið

Stjórnin.

Leiðrétting

Svo óheppilega tókst til að í síðasta hefti Súlna, nr. 45, 2020, birtist á bls. 103 í grein Tryggva Gíslasonar um Akureyrarskáld mynd af röngum manni. Myndin var sögð vera af Stefáni Ágústi Kristjánssyni, en í reynd var myndin af Kristjáni Sigurðssyni kennara og bónda á Dagverðareyri. Þeir Stefán Ágúst voru reyndar systkinasynir. Hér er nú birt mynd af Stefáni Ágústi Kristjánssyni sjálfum. Beðist er mikillar velvirðingar á þeim mistökum sem þarna áttu sér stað.



*Stefán Ágúst Kristjánsson.
Myndina útvegaði frenka hans Seselía
María Gunnarsdóttir á Dagverðareyri.*

Efni Súlna 2021:

	Bls.
	3
Formáli	3
Viðtal Kristínar Aðalsteinsdóttur við Margréti Kristinsdóttur	
Mér fannst námið strax dásamlegt	4
Kjartan Ragnars	
Kaup og sala á Oddeyrinni árin 1926 og 1927.....	30
Benedikt Sæmundsson	
Bruninn í Árskógarskóla	109
Þorsteinn E. Arnórsson	
Um leiklist starfsmannafélags SÍS	114
Tryggvi Marinósson	
Skátastarf á Akureyri - ágríp af sögu ..	129
Jón Hjaltason	
Myndin af Jóhönnu	150
Skýrsla stjórnar fyrir árið 2020.....	156
Leiðrétting.....	159